

Kvíanes

Í landareign Kvíanes, sem er næsta jörð fyrir innan **Lauga**, komum við á landamerkjunum sem skilja að þessar tvær jarðir og stöndum þá á þjóðveginum neðan við innri röndina á **Markskletti** sem fyrr var frá sagt. Spölurinn héðan inn að túninu á Kvíanesi er um það bil þrjú kílómetrar og liggur leiðin um **Kvíaneshlíð** en svo heitir öll fjallshlíðin frá landamerkjunum og inn að Kvíanesi.¹ Í máli heimafólks á þessum slóðum náði nafnið Kvíaneshlíð einnig yfir graslendið neðan við sjálfa fjallshlíðina en þar voru víða allgóð slægjulönd.²

Sé litið héðan frá þjóðveginum inn með fjallsbrúninni blasir við óslitin röð klettabelta sem tengja saman **Laugafjall** og **Kvíanesnúp** en núpurinn, sem svo heitir, er skammt fyrir utan Kvíanes.³ Hann skagar dálítið fram og er heldur hærri en fjallsbrúnin þar fyrir utan. Efsti kollurinn á Núpnun mun vera í liðlega 630 metra hæð yfir sjávarmáli. Ekki er kunnugt um nafn á fjallinu utan við Kvíanesnúp en það tengir hann við Laugafjall.

Ysta engjaplássið á Kvíaneshlíð heitir **Ystaengi** og nær alveg út að landamerkjunum.⁴ Réttara væri þó máské að skrifa **Ystengi** því að í máli fólks, sem hér var kunnugt, var a-ið fallið brott fyrir löngu.⁵

Á Ystenginu því sem næst miðju er **Hlaðshryggur**⁶ og nær frá klettabelti sem er neðarlega í hlíðinni og alveg ofan í fjöru.⁷ Hryggur þessi, sem nú er allvel gróin, mun vera kenndur við sauðahlað sem hér var á fyrri tíð. Tótt þessa gamla fjárbyrgis er um það bil 17 metrar að ummáli og stendur enn uppi á nýnefndum hrygg, skammt fyrir ofan rafmagnslínu sem nú (1996) liggur hér inn alla hlíðina.

Innan við Ystengi er mikið af skriðugrjóti og heitir þar **Urð**.⁸ Niður af Urðinni stendur myndarlegur steinn upp úr sjó, skammt frá landi, og heitir **Urðarkollur**. Hann fer á kaf um flæði⁹ en að honum þornar ekki nema í *stærstu fjörum*.¹⁰

Hátt uppi í fjallshlíðinni, ofan við Ystengi og Urðina, eru gróðurlausir hnjótar sem heita **Haugar**.¹¹ Þeir eru inn og upp af Markskletti.¹² Frá klettunum uppi við fjallsbrún hefur fyrir langa löngu fallið geysimikil

¹ Örnefnastofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 106.

² Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes, Lauga og Suðureyrar, handrit í eigu K.Ó.

³ Sama heimild.

⁴ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 103-104.

⁵ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes, Lauga og Suðureyrar... , handrit í eigu K.Ó.

⁶ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 104.

⁷ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes, Lauga og Suðureyrar ... , handrit í eigu K.Ó.

⁸ Sama heimild.

⁹ Sama heimild.

¹⁰ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 103.

¹¹ Sama heimild.

¹² Sama heimild.

skriða niður á miðja Haugana og má vera að skýringu á nafni þeirra sé að finna í þessu hrúgaldi. Neðan við Hauga og þó nokkru neðar í hlíðinni er klettabelti sem í munni fólksins á Laugum var kallað **Lægri-Haugar**.¹³ Það nafn var notað af Laugafólki á fyrri hluta tuttugustu aldar¹⁴ en vera má að það sé ekki gamalt.

Innan við Urðina, sem fyrr var nefnd, kemur **Steinsengi**, kennt við stóran stein sem enn stendur þar *framan í bökkunum*.¹⁵ Innan við Steinsengi er svo **Miðengi**.¹⁶ Steinninn, sem Steinsengi dregur nafn sitt af, stendur stakur. Hann er auðvelt að finna og hjá honum er gott að staldra við og líta upp í fjallshlíðina. Litla gilið innan við Hauga, sem fyrr voru nefndir, heitir **Haugagil** og lækurinn sem um það fellur **Haugalækur**.¹⁷ Hann er vatnslítill og þornar stundum upp. Grasteigurinn innan við Haugagil heitir **Langiteigur** og nær hann alveg niður á Steinsengi.¹⁸ Innan við hann er **Beltagil** uppi í hlíðinni, kennt við **Beltin**¹⁹ en svo heitir dálítill klettaröð þar fyrir innan.²⁰ Ofan við Haugagil, Langateig og Beltagil eru litlir grasigrónir klettur og heita þeir **Grasklettur**.²¹ Fyrir innan Beltin og í álíka hæð sjáum við grunnar kvosir uppi í hlíðinni og eru það **Ytri-Trog**.²² Sé litið enn lengra inn með hlíðinni koma næst **Bungurnar** tvær sem hér verður síðar gerð grein fyrir.

Frá steininum góða á Steinsenginu röltum við nú áfram sem leið liggur um Steinsengi og Miðengi en næsta slægjuland þar fyrir innan heitir **Kvöl**.²³ Þetta er blautt og slétt mýrlendi uppi á bökkunum²⁴ en skýring á nafninu mun vera sú að hér þótti illt að standa við slátt.²⁵ Lítill lækur innan við Kvölinu heitir **Kvalarlækur** en parturinn innan við hann **Hlíðarhúsapartur** og nær inn að **Hlíðarhúsalæk**²⁶ sem oft er mjög vatnslítill. Hlíðarhúsapartur dregur nafn af beitarhúsum sem hér voru áður og nefnd voru **Hlíðarhús**. Svo heita nú tóttir þessara beitarhúsa en þær blasa við augum rétt ofan við fjöruna, neðst í miðjum Hlíðarhúsaparti.²⁷ Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710 segir svo um þennan stað:

¹³ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 103. Þ. Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes, Lauga og Suðureyrar, handrit í eigu K.Ó.

¹⁴ Sama heimild.

¹⁵ Sama heimild.

¹⁶ Sama heimild.

¹⁷ Sama heimild.

¹⁸ Sama heimild. Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 104.

¹⁹ Sama heimild. Þ. Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes, Lauga og Suðureyrar, handrit í eigu K.Ó.

²⁰ Sama heimild.

²¹ Sama heimild.

²² Sama heimild.

²³ Sama heimild.

²⁴ Sama heimild.

²⁵ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 103.

²⁶ Sama heimild.

²⁷ Sama heimild. Þ. Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes, Lauga og Suðureyrar, handrit í eigu K.Ó.

Hlíðarhús heitir örnefni hér í landinu. Þar sjást deili til tóttarústa og eru munnmæli að þar hafi að fornu byggð verið. Enginn veit það með sanni að segja, má og ekki byggð setja fyrir túnstæðis- og heyskaparleysi.²⁸

Ekkert svar er í boði við spurningunni um það hvort hér kynni að hafa verið mannabústaður um skamman tíma *að fornu* en munnmæli í þá veru hafa orðið lífseig því að í jarðabók frá árinu 1805 eru Hlíðarhús sögð vera *eyðihjáleiga*²⁹ (sbr. hér bls. 10).

Beitarhúsin sem hér stóðu á níttjándu öld voru *tekin niður* á árunum 1896-1899.³⁰ Tóttirnar sem kúra hér enn eru þrjár, tvær sambyggðar en sú innsta laus frá hinum þó að mjög skammt sé á milli. Ysta tóttin er stærst og er grunnflötur hennar um það bil 2 x 4 metrar. Bugurinn með fjarðarströndinni, utan við Hlíðarhús, heitir **Hlíðarbugur** og nær alla leið út undir **Porleifsvík**³¹ sem er í landi Lauga (sjá hér Laugar).

Magnús Hjaltason segir að á árunum kringum aldamótin 1900 hafi stöku sinnum fiskast *stútuingsporskur* hér inn við Hlíðarhús³² og stór steinn í fjörunni, skammt fyrir utan tóttirnar, heitir **Rauðmagasteinn**.³³ Hann er forn að sjá með rauðgulum skófum og prýðir flæðarmálið. Alveg rétt utan við steininn fellur vatn til sjávar úr ræsi sem lagt hefur verið undir akbrautina hér uppi á bökkunum.

Frá Hlíðarhúsum er mjög skammur spölu inn að lækjarsytru sem kennd er við þau og heitir Hlíðarhúsalækur.³⁴ Uppi á bökkunum innan við nýnefndan læk er graslendi með mörgum stórum steinum og er nefnt **Merarsteinar**.³⁵ Lítil lækur, sem oft þornar, skilur Merarsteina frá engjapláss sem áður bar nafnið **Lénharðarmour**³⁶ en hefur á síðari tímum verið kallað **Flatir**.³⁷ Þetta er gróðursælt flatlendi og þótti gott slægjuland.³⁸ Lénharðarmour munu hafa verið kenndar við Englendinginn Lénharð (Lienardt) sem var bóndi á Kvíanesi á 17. öld (sjá hér bls. 16-19). Til nánari skýringar á nafninu var sögð þessi saga:

Eitt sumar var hann [Lénharður enski] við heyskap úti á hlíð og var kona hans með honum en aðrir ekki. Hún var kona ekki einsömul og bar svo til að hún kenndi sín þarna í slægjunni. Lénharður tók hana þá á handlegg sér og bar

²⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, 134.

²⁹ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

³⁰ Lbs. 2218^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 7.5.1899. Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 37.

³¹ Örn.stofnun / Kristján G. Porvaldsson 1949, 106.

³² Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 37.

³³ Örn.stofnun / Kristján G. Porvaldsson 1949, 103.

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Sama heimild.

³⁶ Sama heimild.

³⁷ Sama heimild.

³⁸ Sama heimild. Þ. Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíaness ... , handrit í eigu K.Ó.

hana til bæjar. Ól hún þar barnið og fór allt vel. Leiðin sem hann bar konuna er upp undir tveir kílómetrar. Þetta þótti afburða þrekvirki og var slægjan, sem þau voru að vinna í, kennd við hann og kölluð Lénharðarmóur til minningar um atburðinn.³⁹

Ætla má að Lénharðarmóur, er seinna voru nefndar Flatir, séu hér neðan við akveginn því þar er grasgefið flatlendi, beint á móti **Innra-Áreiðargili** sem er hér handan við fjörðinn (sbr. hér Gilsbrekka). Frá Lénharðarmóum blasa við í miðri fjallshlíðinni Bungurnar tvær sem áður voru nefndar og er sú innri miklu stærri en ytri bungan. Á milli þeirra, beint upp af Lénharðarmóum og Merarsteinum, er í hlíðinni kvos sem heitir **Innri-Trog**⁴⁰ en Ytri-Trog eru utan við ytri bunguna eins og hér hefur áður verið nefnt. Trogin liggja í sömu hæð og Bungurnar.

Í háfjallinu upp af Innri-Trogum er mikið gil sem nær alveg upp á brún og sker í sundur klettavegginn utantil í sjálfum Kvíanesnúp.⁴¹ Þetta gil heitir **Trogagjá**.⁴² Í gjánni er lítið um kletta en mikið af lausu grjóti.⁴³ Klettaneft innan við gjána heita **Hrafnanef**.⁴⁴

Á Kvíanesi munu Bungurnar tvær, sem áður var minnst á, hafa verið nefndar **Ytri-Trogabunga** og **Innri-Trogabunga**⁴⁵ en á Laugum voru þær kallaðar **Litlabunga** og **Stórabunga**.⁴⁶ Klettarnir framan í Stórubungu (Innri-Trogabungu) heita **Hrafnaklettur**.⁴⁷ Um þessa kletta fellur **Grænilækur**, er svo heitir, en hann þornar oft nær alveg í þurrkatið á sumrin.⁴⁸ Hrafnaklettur eru ófærir gangandi mönnum, alls staðar nema á einum stað, rétt fyrir utan Grænalæk.⁴⁹ Heitir þar **Sniðgil**.⁵⁰

Graslendið innan við Lénharðarmóur heitir **Háubakkar** og um þá miðja fellur Grænilækur á leið sinni til sjávar.⁵¹ Þessir bakkar eru talsvert hærri en landið fyrir innan þá og utan en munu þó hafa verið lækkaðir af vegagerðarmönnum.⁵²

Frá Háubökkum er skammur spölur inn í Sanda (Kvíanessanda), **Ytri-Sand** og síðan **Innri-Sand** sem einnig var nefndur **Sandeyri**.⁵³ Í Söndunum var áður mikið af fíngerðri sjávarmöl í fjörunni en hún er nú að

³⁹ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 101.

⁴⁰ Sama heimild, 104.

⁴¹ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíaness ... , handrit í eigu K.Ó.

⁴² Sömu heimildir.

⁴³ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíaness ... , handrit í eigu K.Ó.

⁴⁴ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 104.

⁴⁵ Sama heimild.

⁴⁶ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíaness ... , handrit í eigu K.Ó.

⁴⁷ Sama heimild. Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 105.

⁴⁸ Sömu heimildir.

⁴⁹ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíaness ... , handrit í eigu K.Ó.

⁵⁰ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 105.

⁵¹ Sama heimild.

⁵² Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíaness ... , handrit í eigu K.Ó.

⁵³ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 103.

mestu horfin og hefur verið tekin í ofaníbúrd við vegaframkvæmdir.⁵⁴ Milli Ytri-Sands og Innri-Sands eru tveir smálækir og er mjög stutt á milli þeirra.⁵⁵ Þeir heita **Sandeyrarlækir**⁵⁶ og koma báðir ofan úr **Seljahvammi**⁵⁷ sem er utan og neðan við **Kvíanesdal** en innan og ofan við Innri-Trogabungu sem líka er nefnd Stórabunga (sjá hér bls. 59).

Fyrsti bílvegurinn sem lagður var frá landamerkjunum á móti Laugum og inn að Kvíanesi lá efst í fjörunni eða alveg rétt ofan við hana. Sums staðar sést enn móta fyrir þessum gamla akvegi og honum fylgjum við úr Innri-Sandinum heim í tún á Kvíanesi. Spölinn þar á milli er auðvelt að ganga á 10-15 mínútum og á þeirri leið verður brátt á vegi okkar gamall stekkur.⁵⁸ Þessi stekkjartótt er rétt fyrir ofan akveginn sem fyrr var nefndur og lagður var á fjórða áratug tuttugustu aldar. Hún er 5 x 2 metrar að flatarmáli eða því sem næst og svo virðist sem lambakró hafi verið hér neðan við stekkin. Þessi gamla tótt er nú tekin að síga í jörð. Lágur í graslendinu ofan við stekkin heita **Stekklágar**⁵⁹ en svolítið innan er **Löngulágarholt**.⁶⁰ Innan við það er **Langalág**⁶¹ og nær frá þjóðveginum, sem nú er ekið um, og ofan í fjöru.⁶² Lækurinn sem fellur um Löngulág dregur nafn af henni og heitir **Löngulágarlækur**.⁶³

Næsti lækur fyrir innan heitir **Bóllækur**⁶⁴ en stundum er ekkert vatn í honum. Ofan við fjöruna og rétt utan við Bóllæk er gömul kví, um það bil 3 x 4 metrar að flatarmáli. Í þessari kví munu ær fólksins á Kvíanesi hafa verið mjólkaðar allt þar til jörðin fór í eyði⁶⁵ árið 1927 (sbr. hér bls. 54). Ofan við þessa kví og aðeins innan er **Bóllág**, sem svo heitir, og ofan við lágina var annað tveggja kvíabóla fólksins á Kvíanesi, nefnt *Ból lægra* í marktækri heimild.⁶⁶ Hærra kvíabólið var talsvert ofar og fyrir innan Bóllækinn.⁶⁷ Gamla kvíin, sem því fylgdi, er enn á sínum stað og er um það bil 3 x 7 metrar að flatarmáli, mun stærri en neðri kvíin. Hún er rétt fyrir neðan þjóðveginn, sem nú er ekið um, og örskammt fyrir utan **Túnlæk** sem fellur niður með utanverðu Kvíanestúninu. Oft var tvíbýli á Kvíanesi og því eðlilegt að kvíarnar væru tvær. Holtið hér fyrir ofan var nefnt **Bólholt hærra** en alllangt fyrir ofan neðra bólið var **Bólholt lægra**.⁶⁸

⁵⁴ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes ... , handrit í eigu K.Ó.

⁵⁵ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 103.

⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁷ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes ... , handrit í eigu K.Ó.

⁵⁸ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 102-103.

⁵⁹ Sama heimild.

⁶⁰ Sama heimild.

⁶¹ Sama heimild.

⁶² Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes ... , handrit í eigu K.Ó.

⁶³ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 102.

⁶⁴ Sama heimild.

⁶⁵ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes ... , handrit í eigu K.Ó.

⁶⁶ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 102.

⁶⁷ Sama heimild.

⁶⁸ Sama heimild.

Ofan við Bólholt hærra eru önnur holt og heitir það sem mest ber á út við Bóllækinn **Háholt**.⁶⁹

Frá gömlu kvínni, neðan við hærra kvíabólið, göngum við í tún á Kvíanesi og tökum stefnu á gamla bæjarhólinn. Allt túnið á þessari eyðijörð hefur á síðustu áratugum verið ræktað með nútímalegum hætti og er nytjað frá Birkihlíð og Botni. Efri bærinn á Kvíanesi og sá sem síðast var búið í stóð á myndarlegum hól innarlega og nokkuð ofarlega í túninu en þó dálítið neðan við akveg nútímans. Kristján G. Þorvaldsson segir að **Smíðjutótt**, sem enn (1996) er á sínum stað, innan við **Kvíanesá**, sé *inn af Bæjarhól*⁷⁰ og nægir sú vitneskja til að vísa á hólinn. Neðri bærinn, sem fór fyrir í eyði og um skeið var nefndur **Lénharðarstaðir**, mun hins vegar hafa staðið utarlega og alveg neðst í túninu, þar sem enn stóð sumarið 1996 sumarbústaður, byggður um 1930.⁷¹

Á **Bæjarhólnum**, þar sem efri bærinn stóð, hafa allar tóttir verið sléttadar út en þar er gott að liggja í grasinu og rifja upp ýmislegt frá horfinni tíð.

Fyrst er það nafn jarðarinnar. Á tuttugustu öld mun hún jafnan hafa verið nefnd Kvíanes af heimafólki í Súgandafirði⁷² og þannig er nafnið ritað í sóknarlýsingu frá árinu 1839 og manntölunum frá 1845 og 1901.⁷³ Verður þeim rithætti haldið hér. Þess er hins vegar skylt að geta að í heimildum frá því fyrir 1800 og frá fyrstu árum 19. aldar nefna menn þessa sömu jörð ætíð Kvíarnes.⁷⁴ Bókstafurinn - r - hefur síðan fallið brott, að líkindum fyrst í talmáli og svo einnig í ritmáli og Kvíarnes orðið Kvíanes. Hinum eldri rithætti bregður þó fyrir í heimildum frá 20. öld og má þar nefna Fasteignabók frá árinu 1932.⁷⁵

Um það hvort rita skal Kvíanes eða Kvíarnes mætti deila en yrði þó varla harður bardagi. Annað mál er svo það hvers vegna jörðin er kennd við nes og eina eða fleiri kvíar. Nesið virðist reyndar blasa við þar sem nú heitir **Oddi** eða **Kvíanesoddi** og skagar fram í fjöruna innst í túninu, utantil við árósin þar sem Kvíanesá fellur til sjávar.⁷⁶ Hvar kvíin eða kvíarnar muni hafa verið er snúnara mál. Óhætt mun þó að setja fram þá tilgátu að Kvíanesdalurinn, sem nú heitir svo, sé kvíin sem bærinn dregur nafn af. Sé horft upp í dalsmynnið neðan frá ströndinni eða frá bæjarhólnum á Kvíanesi sýnist hreint ekki fráleitt að líkja þessum þrönga dal við kví. Alkunnugt er að annars staðar á Vestfjörðum finnast dæmi þess að hömrum girtar skálar eða dalkvosir í fjalllendi hafi borið nafnið Kví allt frá fyrstu öldum byggðar í landinu. Má þar nefna Kvína sem jörðin Kvíar

⁶⁹ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 102.

⁷⁰ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 106.

⁷¹ Sama heimild, 101.

⁷² Sigríður Pétursdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 16.12.1992.

⁷³ Sóknalýsingar Vestfjarða II, 113. Manntöl 1845 og 1901.

⁷⁴ D.I. V, 645 og 649. D.I. XIV, 40. Lbs. 797⁴⁰, Jarðaskrár úr Ísafj.sýslu frá árunum 1658 og 1695. Manntal 1703. Jarðabók Á. og P. VII, 134. Manntöl 1801 og 1816.

⁷⁵ Fasteignabók 1932, 52.

⁷⁶ Sbr. Örn.stofnun / Kr. G. Þorv. 1949, 102. Þórður Pét. frá Laugum. Skrif hans um örn. Í landi Kvíanes... , handrit í eigu K.Ó.

og Kvíarfjall milli Veiðileysufjarðar og Lónafjarðar í Jökulfjörðum draga nafn af.⁷⁷ Enn nærtækara er að minna á Kvína í Straumnesfjalli, norðan Aðalvíkur, en við hana er kennt Kvíarmið⁷⁸ sem frá er sagt í Landnámabók.⁷⁹

Þá tilgátu að Kvíanesdalur hafi í fyrstu verið nefndur Kví og þaðan komi nafnið á jörðinni er auðvitað ekki unnt að sanna en hún virðist mun álitlegri en sú gamla hugdatta að Hallvarður Súgandi, sem talinn er landnámsmaður í Súgandafirði, hafi verið hér með ær sínar í kvíum en búið í Botni.⁸⁰ Þó að ekki sé langt frá Kvíanesi inn í Botn er spölurinn þar á milli lengri en nokkur kvíavegur. Hugmyndin um dalinn eða Mjósundin í dalbotninum sem kví í augum landnámsmanna fjarðarins verður enn áleitnari sé til hans horft frá strönd og hlíð í landi Gilsbrekku.

Að fornu mati var Kvíanes talið vera 8 hundraða jörð.⁸¹ Það mat stóð enn óbreytt um miðbik 19. aldar⁸² en um aldamótin 1900 var dýrleiki jarðarinnar talinn 10 hundruð.⁸³ Því má ætla að jörðin hafi verið hækkuð úr átta hundruðum í tíu við fasteignamatið sem fram fór árið 1861 en flestar aðrar jarðir í Suðureyrarhreppi voru þá metnar heldur lægra en áður hafði verið.⁸⁴

Hér hefur áður verið lýst landamerkjum Kvíaness á móti Laugum (sjá hér Laugar) en á móti Botni eru merkin rétt fyrir innan túnið á Kvíanesi, það er að segja: *Túngirðing Kvíaness á bökkunum og lína þaðan í Nautaskálarhorn*.⁸⁵ Fjallið sem svo heitir er innan við Kvíanesdal en innan við það er **Nautaskál** og fyrir innan hana **Nónhorn**.⁸⁶ **Nautaskálarhorn** er lítið fjall og mun lægra en Kvíanesnúpur og Nónhorn sem eru næstu fjöll fyrir innan það og utan.

Af landamerkjalyfingunni má ráða að mest af beitolandi jarðarinnar er á Kvíaneshlíð, sem við höfum nú þegar gengið um, og þar voru líka þau slægjulönd sem mest stóð var að í búskapnum á fyrri tíð.

Kvíanes á þó líka allan Kvíanesdal en það er hálendisdalur sem gengur til suð-suðvesturs ofan við túnið og liggur dalbrúnninn, sem sést frá þjóðveginum, í um það bil 200 metra hæð yfir sjávarmáli. Í dalsmynninu og utan við það eru engjalönd, sem við munum skoða síðar, og talsvert haglendi er á dalnum og í hlíðinni neðan við hann. Um Kvíanesdal lá leiðin yfir **Grímsdalsheiði** til Öndarfjarðar en um dalinn og heiðina er fjallað nánar á öðrum stað í þessu riti (sjá hér bls. 58-61).

⁷⁷ Guðrún Ása Grímsdóttir 1989, 225.

⁷⁸ Jóhann Hjaltason 1949, 152 (Árbók Ferðafél. Ísl.).

⁷⁹ Ísl. fornrit I, 186.

⁸⁰ Sbr. Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 5 og 99.

⁸¹ Jarðabók Á. og P. VII, 134.

⁸² J. Johnsen 1847, 196.

⁸³ Hsk. á Ísaf. nr. 227. Skýrsla um ábúðarhundruð bænda í Suðureyrarhreppi árið 1902.

⁸⁴ Sama heimild. Sbr. Jarðabók Á. og P. VII, 128-139.

⁸⁵ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 99-100 og 110.

⁸⁶ Sama heimild, 107.

Frá Kvíanesi eru aðeins um 1200 metrar inn í botn Súgandafjarðar og hér er fjörðurinn aðeins 500 metrar á breidd. Yfir norðurströndinni, beint á móti Kvíanesi er **Grensfjall** og utan við það er **Gilsbrekkudalur**. Á ströndinni neðan við mynni hans er eyðibýlið **Gilsbrekka**. Þar er nú (1996) sumarbústaður.

Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710 segir m.a. svo um Kvíanes:

Fóðrast kann á allri jörðinni þrjár kýr og útigangur í betra lagi. Torfrista og stunga lök. Móskurður til eldiviðar bjarglegur. Skógarítak til kolgjörðar er sagt að jörðin eigi í Gilsbrekkuland og hefur brúkast átölulaust. Gilsbrekka á þar á mót torfristu í þetta land, hún hefur brúkast þetta ár þó lök þyki.

Enginu granda til stórskaða skriður úr brattlendi sem hafa eyðilagt það meir en til helminga. Kirkjuvegur langur. Hreppamannaflutningur að Suðureyri langur. Hætt er húsum við stórviðrum.⁸⁷

Í jarðabók frá árinu 1805 er tekið fram að í landi Kvíaness sé nokkuð um fjallagrös og fáist um það bil hálf tunna af þeim á hverju sumri.⁸⁸ Fjallagrösín eru á Kvíanesdal og þangað var enn farið til grasa á árunum kringum 1920.⁸⁹ Nefna má að Kristjana Friðbertsdóttir, húsfreyja á Laugum, fór þá jafnan í grasaferð á dalinn einu sinni á sumri en góð vinátta var milli fólksins á Laugum og þess sem bjó á Kvíanesi.⁹⁰

Þeir sem reru til fiskjar frá Kvíanesi á fyrstu árum 19. aldar fengu þá að jafnaði sem svaraði andvirði 17-18 álna eftir landaurareikningi í hlut⁹¹ en 120 álnir voru í kýrverðinu. Líklegt er að þarna sé aðeins miðað við róðra úr heimavör á Kvíanesi því hjá þeim sem reru frá Suðureyri var andvirði hásetahlutarins um það bil 100 álnir á ári hverju.⁹² Ætla má að í byrjun 19. aldar hafi bændur á Kvíanesi og/eða vinnumenn þeirra róið frá Suðureyrarmölum á vorin eins og venja var bæði fyrr og síðar (sjá hér bls. 36 og 42 og Suðureyrarhreppur, inngangskafli) en frá heimavörinni kynnu þeir að hafa skotist á sjó að sumarlagi og e.t.v. á haustin.

Í jarðamati frá árinu 1849 er túnið á Kvíanesi sagt vera *aðfangagott* og tekið fram að hér sé *kostagóð og ágæt* vetrararbeit.⁹³ Á árunum skömmu fyrir 1920 var talið að Kvíanestúnið gæfi af sér 70 hesta af töðu í meðalári og að af engjunum mætti fá 140 hesta af útheyi.⁹⁴ Í fasteignamatsskjölum frá þeim árum er túnið sagt vera snögglent og harðlent, útengi grasgefið en

⁸⁷ Jarðab. Á. og P. VII, 134.

⁸⁸ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁸⁹ Sigríður Pétursdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 16.12.1992.

⁹⁰ Sama heimild.

⁹¹ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁹² Sama heimild.

⁹³ Jarðamat 1849-1850 – Ísafj.sýsla (Þjóðskj.safn).

⁹⁴ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 205-206.

grýtt, sumarþeiti góð en vetrarþeiti léleg.⁹⁵ Þá var talið að jörðin gæti framfleytt 3 kúm, 80 sauðkindum og 2 hestum.⁹⁶

Árið 1658 var landskuld af Kvíanesi 80 álnir⁹⁷ eða tveir þriðju hlutar úr kýrverði. Árið 1695 hafði hún lækkað og var þá ein og hálf vætt, það er 30 álnir af hálfri jörðinni.⁹⁸ Fimmtán árum síðar er landskuld af hálfu Kvíanesi sögð vera einn ríkisdalur⁹⁹ sem löngum var talinn ígildi 30 álna í landaurareikningi.¹⁰⁰ Í Jarðabókinni frá 1710 sjáum við að um 1700 var leiguliðum á Kvíanesi skylt að greiða landskuldina í fiski og leggja hann inn í kaupstaðnum á Skutulsfjarðareyri.¹⁰¹

Árið 1753 var landskuldin, sem leiguliðar þurftu að borga fyrir eins árs ábúð á Kvíanesi, komin niður í 40 álnir¹⁰² og orðin helmingi lægri en verið hafði 100 árum fyrr. Um miðbik 19. aldar var landskuldin líka 40 álnir,¹⁰³ þriðjungur úr kýrverði. Á árunum skömmu fyrir 1920 var hún orðin mun lægri eða 30,- krónur¹⁰⁴ sem þá töldust vera um það bil einn tíundi hluti úr kýrverði.¹⁰⁵

Árið 1658 bjó sjálfseignarbóndi á annarri hálfendunni á Kvíanesi en leiguliði á hinni.¹⁰⁶ Þeirri hálfendu fylgdi þá eitt og hálf innstæðukúgildi¹⁰⁷ og hafa það líklega verið níu leiguær því sex ær voru í kúgildinu. Seinna fylgdu jörðinni yfirleitt tvö kúgildi.¹⁰⁸ Á árunum skömmu fyrir 1920 fylgdu jörðinni enn tíu leiguær.¹⁰⁹ Leigurnar af innstæðukúgildunum munu lengi hafa verið greiddar í smjöri eins og almennt var, tíu kíló fyrir hvert leigukúgildi samkvæmt Jónsbókarlögum.¹¹⁰ Víða á Vestfjörðum urðu bændur að fara með smjörið yfir fjöll og firði til að koma því í hendur landeigenda¹¹¹ en um leiguliðann á Kvíanesi er tekið fram í Jarðabókinni frá 1710 að smjörinu upp í leigurnar eigi hann að skila *innan hrepps, þangað sem tilsagt verður*.¹¹² Skýringin á þessu er sú að eigendur þeirrar hálfendu á Kvíanesi sem ekki var í sjálfsábúð voru búsettir í Súgandafirði.

Elsta varðveitta heimild um jörðina Kvíanes er máldagi Hólskirkju í Bolungavík frá árinu 1327 eða því sem næst en í honum er tekið fram að

⁹⁵ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 205-206.

⁹⁶ Sama heimild.

⁹⁷ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658.

⁹⁸ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1695.

⁹⁹ Jarðab. Á. og P. VII, 134.

¹⁰⁰ Jón J. Aðils 1971, 418.

¹⁰¹ Jarðab. Á. og p. VII, 134.

¹⁰² Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

¹⁰³ J. Johnsen 1847, 196.

¹⁰⁴ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 205-206.

¹⁰⁵ Stjórnartíðindi 1919 B, bls. 58.

¹⁰⁶ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658.

¹⁰⁷ Sama heimild.

¹⁰⁸ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1695. Jarðab. Á. og P. VII, 134. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. J. Johnsen 1847, 196.

¹⁰⁹ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 205-206.

¹¹⁰ Þorvaldur Thoroddsen / Lýsing Íslands III, 45.

¹¹¹ Sbr. Jarðabók Á. og P. VII, 131 og 134-135.

¹¹² Jarðab. Á. og P. VII, 134.

kirkjan á Hóli eigi 60 sauða beit á Kvíaneshlíð¹¹³ og hlýtur þar að vera átt við Kvíaneshlíð í Súgandafirði. Óljóst er hversu lengi Hólskirkja hefur haldið þessum réttindum en þeirra er ekki getið í Gíslamáldaga frá árunum upp úr 1570 og ekki heldur í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710.¹¹⁴ Í Jarðabókinni frá 1710 er þó tekið fram að munnmæli hermi að jörðin Gilsbrekka í Súgandafirði, sem var eign Hólskirkju, eigi beit fyrir 30 sauði um vetur ... í Kvíarness land en þessi réttindi hafi ekki brúkast í manna minni.¹¹⁵

Sú staðreynd að munnmælin um beitarréttindi Hólskirkju á Kvíaneshlíð lifðu enn á vörum fólks í byrjun 18. aldar bendir reyndar eindregið til þess að réttindunum hafi verið haldið við langt fram á 16. öld. Vel gæti því verið að hinar gömlu rústir á Hlíðarhúsum í landi Kvíanes, sem um er getið í Jarðabókinni frá 1710 (sjá hér bls. 2-3), hafi verið af sauðabyrgjum stórbændanna á Hóli í Bolungavík.

Í máldaganum frá árunum kringum 1327 er aðeins nefnd Kvíaneshlíð og má því segja að þar sé jarðarinnar aðeins getið með óbeinum hætti. Með beinum hætti er hennar fyrst getið í skjali sem dagsett er á Hóli í Bolungavík 11. október 1471.¹¹⁶ Skjalið er vitnisburðarbréf þriggja manna og þar lýsa þeir yfir því að 31. ágúst á sama ári hafi Sveinn Þorgilsson fengið Halldóri Hákonarsyni sitt fullt og lögligt eignarumboð yfir öllum peningum barna sinna og þá verið tilgreind jörðin Kvíarnes og hálf Norðureyri og þar til níu hundruð í lausagóssi.¹¹⁷ Umboðið fékk Halldór til þriggja ára.¹¹⁸

Sá Halldór Hákonarson, sem árið 1471 fékk umráð yfir Kvíanesi, er tvímælalaust hinn ríki bóndi með því nafni er þá bjó á Kirkjubóli í Valþjófsdal í Öndarfirði og nokkrar líkur benda til þess að Sveinn Þorgilsson, sem afhenti honum jörðina, hafi átt heima á Suðureyri hér í Súgandafirði (sjá hér Suðureyri).

Merkilegt er að sjá með hvaða hætti jörðin Kvíanes er nefnd í skjali sem dagsett er í Vatnsfirði við Djúp 14. janúar 1563 en þar er Torfi Jónsson, lögsagnari á Kirkjubóli í Langadal, sagður vera kóngsumboðsmaður milli Arnanes og Kvíjarness.¹¹⁹ Vart kemur annað til greina en Arnanes, sem þarna er nefnt sé Arnarnes sem skilur að Skutulsfjörð og Álftafjörð og Kvíjarnes sé Kvíanes í Súgandafirði. Árið 1563 hefur Torfi því verið valdsmaður konungs yfir Eyrarhreppi, Hólshreppi og hálfum Suðureyrarhreppi, það er að segja norðurströnd Súgandafjarðar og jörðunum Botni og Kvíanesi. Óljóst er reyndar hvorum megin markanna Kvíanes hefur lent við þessa skiptingu sem aðeins mun hafa haldist við í skamman tíma.

¹¹³ D.I. II, 616-617.

¹¹⁴ D.I. XV, 571. Jarðabók Á. og P. VII, 134 og 148-151.

¹¹⁵ Jarðabók Á. og P. VII, 135-136.

¹¹⁶ D.I. V, 645. Sbr. D.I. V, 648-649.

¹¹⁷ Sama heimild.

¹¹⁸ Sama heimild.

¹¹⁹ D.I. XIV, 40. Íslenskar æviskrár V, 27.

Af vitnisburðarbréfinu frá 1471, sem hér var áður gerð grein fyrir, má ráða að um 1470 hafi börn Sveins Þorgilssonar átt Kvíanes og eru þau fyrstu eigendur jarðarinnar sem um er kunnugt. Hvort Halldór Hákonarson, sem sumarið 1471 fékk *eignarumboð* yfir jörðinni, hefur eignast hana síðar er hins vegar ekki alveg víst.

Á árunum upp úr 1600 átti Ari Magnússon, sýslumaður í Ögri, Kvíanes¹²⁰ en hann var um langt skeið einn auðugasti maður landsins, sonur Magnúsar sýslumanns prúða Jónssonar og tengdasonur Guðbrands biskups Þorlákssonar.¹²¹ Þann 12. apríl 1616 seldi Ari jörð þessa í Súgandafirði Sveini Andrésyni fyrir 12 hundruð *þótt hún væri ei tíunduð utan 8 hundruð* eins og fram er tekið í kaupbréfinu.¹²² Við þessi kaup lét Sveinn á móti 5 hundruð í jörðinni Gljúfrá í Arnarfirði og 3 hundruð í Seljalandi í Skutulsfirði og hafði þá goldið 8 hundruð.¹²³ Í útdrætti úr kaupbréfinu segir svo um greiðslu á þeim þriðjungi kaupverðsins er þá stóð eftir:

Hér að auki skyldi Ari eiga þá tiltölu og lofan sem Sveinn þóttist eiga í 3 hundruðum í Seljalandi Auk þess skyldi Sveinn gjalda Ara 30 vættir fiska í kaupstað því að Kvíarnes væri betra en partar Sveins og einnig vegna spjalla á þessum parti Gljúfurár.¹²⁴

Skemmst er frá því að segja að allt frá því þessi kaup voru gerð vorið 1616 héldu Sveinn Andrésón og niðjar hans eignarráðum yfir Kvíanesi, stundum hálfu en oftast öllu, allt fram á miðja 19. öld og líklega fram yfir 1860 eins og hér verður brátt gerð grein fyrir. Jörðin var því í eigu sömu ættar í um það bil 250 ár og allan þann tíma bjuggu hér Sveinn Andrésón og síðan niðjar hans eða mjög nánir tengdamenn þeirra. Ekki er kunnugt um að nokkur önnur jörð í Súgandafirði hafi verið svo lengi í eigu sömu ættar eða setin svo lengi af einum og sama ættbálknum.

Hér verður nú tekinn sá kostur að geta fyrst stuttlega nokkurra eigenda Kvíaness á árunum 1616-1916 en segja síðan dálítið nánar frá ýmsum þeirra sem bjuggu á jörðinni á þessu tímabili.

Sveinn Andrésón, sem keypti Kvíanes árið 1616 og bjó hér, var sannanlega enn á lífi árið 1628¹²⁵ og kynni að hafa lifað talsvert lengur. Í jarðaskrá frá árinu 1658 eru eigendur Kvíaness sagðir vera tveir en aðeins annar þeirra er nefndur með nafni.¹²⁶ Sá er sagður heita *Fúsi* og tekið fram að hann búi á jörðinni. Synir Sveins Andrésónar á Kvíanesi og konu hans,

¹²⁰ Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir. Kph. 1993, 159.

¹²¹ Ísl. æviskár I, 18-19.

¹²² Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir. Kph. 1993, 159.

¹²³ Sama heimild.

¹²⁴ Sama heimild.

¹²⁵ Theódór Árnason 1968, 378 (Vestf. ættir IV).

¹²⁶ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658.

Ólafar Sigfúsdóttur, munu hafa verið þrír, Jón, Sigfús og Egill,¹²⁷ og má telja nær fullvíst að nýnefndur *Fúsi* sé Sigfús Sveinsson, sonur Sveins Andréssonar, og staðfest er að árið 1695 var Kvíanes í eigu bræðranna, Sigfúsar og Egils Sveinssona.¹²⁸ Í jarðaskrá úr Ísafjarðarsýslu frá því ári er tekið fram að annar þeirra hafi *langvarandi* búið á hálfri jörðinni. Í hinum gömlu alþingisbókum frá Öxarárþingi sést að Sigfús Sveinsson, er þá var búsettur í Suðureyrarhreppi, átti á árunum 1677-1680 í málarekstri sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá hér bls. 17-19). Ætla má að það sé *Fúsi* á Kvíanesi sem þar kemur við sögu þó að bæjarnafnið sé ekki nefnt.¹²⁹

Um Jón Sveinsson, bróður Egils og Sigfúsar Sveinssona, er kunnugt að hann gerðist bóndi á Suðureyri í Súgandafirði og seldi hálf Kvíanesið árið 1646 (sjá hér Suðureyri). Sú háflenda var síðan um tíma í eigu fólks utan Kvíanesættarinnar og mun þá hafa komist í hendur Þorláks Arasonar, lögréttumanns í Súðavík,¹³⁰ en hann var sonur Ara sýslumanns í Ögri¹³¹ sem seldi Sveini Andrésyni Kvíanes árið 1616. Þessa háflendu keypti Sigfús Sveinsson Andréssonar aftur af Þorláki¹³² áður en langir tímar liðu og eigi síðar en 1667 því talið er að á því ári hafi Þorlákur andast.¹³³

Bræðurnir Sigfús og Egill Sveinssynir, sem áttu Kvíanes árið 1696, munu þá hafa verið orðnir nokkuð aldraðir og voru báðir gengnir fyrir ætternisstapa árið 1703.¹³⁴ Þá bjuggu á Kvíanesi bændurnir Jón Egilsson, 44 ára, og Þorkell Jónsson, 36 ára,¹³⁵ en Jón þessi Egilsson var sonur Egils Sveinssonar sem fyrr var nefndur.¹³⁶

Jón átti hálfu jörðina árið 1703¹³⁷ en hina háflenduna átti þá Erlingur Sigfússon, bóndi á Suðureyri.¹³⁸ Í bréfi dagsettu 7. júní 1703 gerir Erlingur grein fyrir eignarheimild sinni að hálfu Kvíanesi með þessum orðum:

Þetta hálf Kvíarnes sem fyrir ofan skrifað stendur hef ég erfð eftir minn sáluga föður, Sigfús Sveinsson, er hann fyrrum aftur keypti af Þorláki Arasyni fyrir sex hundruð í Hattardal minni, liggjandi í Eyrarkirkjusókn í Seyðisfirði, hvör 6 hundruð í Hattardal að hann erfði eftir sinn sæla og sáluga föður, Svein Andrésson.

Þessa (jarðar)parts ágóði fimm aurar eða hálf önnur vætt í því sem leiguliðar geta goldið og hálf vætt smjörs eftir tvö kúgildi og ekkert annað.¹³⁹

¹²⁷ Theódór Árnason 1968, 378.

¹²⁸ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1695. Vestf. ættir I, 33 og 36.

¹²⁹ Sbr. Alþingisbækur Íslands VII, 390, 427-428, 454, 512 og 513.

¹³⁰ Jarðab. Á. og P. XIII, 259.

¹³¹ Lögréttumannatal, bls. 555.

¹³² Jarðab. Á. og P. XIII, 259.

¹³³ Lögréttumannatal, bls. 555.

¹³⁴ Manntal 1703 og nafnalykill þess.

¹³⁵ Manntal 1703.

¹³⁶ Vestf. ættir I, 33.

¹³⁷ Jarðab. Á. og P. XIII, 259.

¹³⁸ Sama heimild. Sbr. Manntal 1703, bls. 210.

¹³⁹ Jarðab. Á. og P. XIII, 259.

Orðin sem hér hafa verið fest á blað sýna að þeir Jón Egilsson og Erlingur Sigfússon, sem áttu Kvíanes árið 1703, hafa verið bræðrasynir og báðir sonarsynir Sveins Andréssonar er keypti jörðina árið 1616. Þess var áður getið að Erlingur dó í bólunni árið 1707 (sjá hér Suðureyri) og líklegt er að Jón hafi andast um svipað leyti því árið 1710 var Páll sonur hans, sem þá var aðeins rétt liðlega tvítugur, tekinn við búinu.¹⁴⁰ Hann taldist þá eiga hálf Kvíanes en hin háflendun var í eigu erfingja Erlings Sigfússonar.¹⁴¹ Páll Jónsson bjó enn á Kvíanesi árið 1753 og þá á móti syni nýnefnds Erlings, Sigfúsi, sem hóf hér búskap eigi síðar en um 1735.¹⁴²

Skömmu eftir 1753 tók Páll Pálsson við búi af föður sínum og árið 1762 voru þeir yngri Páll og Sigfús Erlingsson sjálfseignarbændur hér á Kvíanesi.¹⁴³ Sigfús mun hafa verið fæddur árið 1704 eða því sem næst en Páll Pálsson var um það bil tuttugu árum yngri.¹⁴⁴ Páll andaðist árið 1790 (sjá hér bls. 21) en fimm árum áður dó Jón Sigfússon, bóndi á Kvíanesi,¹⁴⁵ og má ætla að sá hafi verið sonur Sigfúsar Erlingssonar, enda segir Jón Espólín að sonur Sigfúsar, Jón að nafni, hafi búið á Kvíanesi.¹⁴⁶

Nokkru fyrir andlát Páls Pálssonar, sem dó árið 1790, tók tengdasonur hans, Guðmundur Ólafsson, við búi á Kvíanesi¹⁴⁷ og bjó einn á allri jörðinni árið 1791.¹⁴⁸ Búskaparar Guðmundar hér urðu ekki mjög mörg (sjá hér Suðureyri og Neðri-Breiðadalur) en við brottför hans tók við annar tengdasonur Páls Pálssonar, Ari Þorkelsson að nafni,¹⁴⁹ og bjó einn á allri jörðinni árið 1801 og líka 1816.¹⁵⁰ Ekki er alveg ljóst hvort þeir Guðmundur Ólafsson og Ari Þorkelsson eignuðust, annar hvor eða báðir, einhvern part úr háflendunni sem tengdafaðir þeirra hafði átt hér á Kvíanesi. Í jarðabók frá árinu 1805 er Bjarni Jónsson, bóndi á Marðareyri í Jökulfjörðum, talinn eigandi Kvíanes¹⁵¹ en hann var tengdasonur Sigfúsar Erlingssonar sem hér bjó á síðari hluta 18. aldar og átt hafði hálf jörðina.¹⁵² Sú dóttir Sigfúsar á Kvíanesi sem giftist Bjarna hét Guðrún og var átræð ekkja á Marðareyri árið 1816.¹⁵³

Í jarðabókinni frá 1805 verður ekki annað séð en þau Bjarni og Guðrún á Marðareyri hafi átt alla jörðina hér á Kvíanesi, bæði háflenduna

¹⁴⁰ Jarðab. Á. og P. VII, 134. Vestf. ættir I, 33. Sbr. Manntal 1703, 210.

¹⁴¹ Jarðab. Á. og P. VII, 134.

¹⁴² Vestf. ættir I, 33 og 36. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafjarðarsýsla um 1735, eftirrit.

¹⁴³ Manntal 1762.

¹⁴⁴ Sama heimild.

¹⁴⁵ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

¹⁴⁶ ÍB. 16^{4to}, Ættartölubækur Jóns Espólín, dálkar 986-987.

¹⁴⁷ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

¹⁴⁸ Rtk. Isl. Journal 9, nr. 34, búnaðarskýrslur 1791.

¹⁴⁹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁵⁰ Manntöl 1801 og 1816.

¹⁵¹ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

¹⁵² ÍB. 16^{4to}, Ættartölub. Jóns Espólín, dálkar 986-987. Sbr. Lýður Björnsson 1992, 235. Manntal 1801, vesturamt, 346. Manntal 1816, 724.

¹⁵³ Sömu heimildir.

sem Sigfús, faðir Guðrúnar, hafði átt og líka þann partinn sem verið hafði í eigu Páls Pálssonar. Ef til vill er þó hugsanlegt að hjónin á Marðareyri hafi ekki átt alveg allt Kvíanes en stærstan hlut og Bjarni verið í forsvari af hálfu eigenda.

Kona Bjarna Jónssonar á Marðareyri var sem áður sagði bóndadóttir frá Kvíanesi og fjórði ættliður frá Sveini Andrésyni sem keypti Kvíanes árið 1616. Jörðin hélst því í ættinni þó að eigendurnir væru búsettir norður á Marðareyri sem er í Veiðileysufirði í Grunnavíkurbreppi. Ekki hefur verið kannað hversu lengi Bjarni taldist eiga Kvíanes en fyrir liggur að um 1845 var Guðmundur Arason, sem hér bjó, orðinn eigandi jarðarinnar.¹⁵⁴ Hann var dóttursonur Páls Pálssonar, bónda á Kvíanesi, sem átt hafði hálfu jörðina og hér var áður nefndur. Guðmundur var sjötti ættliður frá Sveini Andrésyni eins og sjá má á því sem hér hefur þegar verið ritað. Hann var einkasonur foreldra sinna, hjónanna Ara Þorkelssonar og Guðnýjar Pálsdóttur á Kvíanesi, en óljóst er hvort hann fékk hluta jarðarinnar að erfðum frá þeim eða þurfti að kaupa hana.

Guðmundur Arason stóð fyrir búi á Kvíanesi í um það bil tvo áratugi en árið 1856 tók Páll sonur hans við (sjá hér bls. 29). Líklegt er að Guðmundur, sem var sjálfseignarbóndi um 1845, hafi verið það öll eða nær öll sín búskaparár en þegar hann hætti að búa voru liðin 240 ár frá því Sveinn Andrésón keypti Kvíanes. Páll Guðmundsson, sonur Guðmundar Arasonar, virðist hins vegar vera sá sem tapar jörðinni. Hann bjó hér aðeins í sjö ár,¹⁵⁵ var síðan leiguliði á hálfri Suðureyri í fjögur ár (sjá hér Suðureyri) en féll úr bændatölu vorið 1867, aðeins liðlega fertugur að aldri.¹⁵⁶ Páll lifði þó enn í tuttugu ár en var á því skeiði ýmist húsmáður eða vinnumáður.¹⁵⁷

Vorið 1862 var Guðrún Sigurðardóttir frá Seljalandi í Skutulsfirði orðin eigandi eða umráðamaður þessarar gömlu bújarðar en hún og eiginmaður hennar, Friðrik Verner Gíslason, hófu þá búskap á Kvíanesi, fyrst á hálfri jörðinni en tóku hana alla til ábúðar í næstu fardögum (sjá hér bls. 31 og 34-35). Friðrik bjó lengi hér á Kvíanesi og verður síðar frá honum sagt (sjá hér bls. 34-40) en árið 1901 var hann dáinn og þá var stjúpsonur hans, Jóhannes Hannesson, hreppstjóri í Botni, aðaleigandi jarðarinnar.¹⁵⁸ Vera má að Jóhannes hafi þó aldrei átt alla jörðina.

Heimildir sýna að Guðni Egilsson, sem bjó á Kvíanesi frá 1887 til 1896, keypti fjórðung úr jörðinni árið 1891 (sjá hér Bær). Þau hundruð seldi ekkja Guðna, Guðrún Sigurðardóttir, Kristjáni Albertssyni á Suðureyri árið 1906 (sjá hér Bær) en þennan jarðarpart mun Kristján hafa nýtt næstu árin þar á undan.¹⁵⁹ Árið 1916 átti Guðrún Þórðardóttir á Suðureyri, ekkja Kristjáns Albertssonar, hálf Kvíanes, fjögur hundruð að

¹⁵⁴ J. Johnsen 1847, 196.

¹⁵⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁵⁶ Sama heimild og prestsbj.b. Staðar í Súgandaf.

¹⁵⁷ Sömu heimildir.

¹⁵⁸ Manntal 1901, fylgiskjöl.

¹⁵⁹ Hsk. á Ísaf. nr. 227. Skýrsla um ábúðarhundruð bænda í Suðureyrarhreppi árið 1902.

fornu mati, og nytjaði hún þann jarðarpart¹⁶⁰ en hina hálflenduna átti þá Jóhannes Guðmundsson, bóndi á Kvíanesi.¹⁶¹ Síðar eignaðist jörðina Örnólfur Valdimarsson, sem þá var kaupmaður og útgerðarmaður á Suðureyri, og lét hann reisa hér sumarbústað sem enn (1996) stendur.¹⁶²

Hér hefur nú verið getið flestra eigenda Kvíaness á árunum 1616-1916 en margir þeirra bjuggu á þessari jörð sinni, sumir stutt en aðrir lengi, og verður nú sagt dálítið nánar frá bændunum á Kvíanesi og þeirra fólki.

Fyrsti bóndinn sem hér bjó og enn er vitað um nafn á var Sveinn Andrésón sem keypti Kvíanes árið 1616 eins og áður var frá greint (sjá hér bls. 11). Ekki er fyllilega ljóst hverra manna Sveinn muni hafa verið. Í riti Ara Gíslasonar og Valdimars B. Valdimarssonar *Vestfirskum ættum* er Sveinn sagður vera sonarsonur séra Sveins Þorbjarnarsonar sem var prestur í Hvammi í Norðurárdal og síðar í Selárdal og Otradal í Arnarfirði.¹⁶³ Í sama riti er Andrés Sveinsson, faðir Sveins á Kvíanesi, sagður hafa verið handgenginn Ara sýslumanni Magnússyni í Ögri og koma við skjöl á árunum 1570-1604.¹⁶⁴ Í *Íslenskum æviskrám* er Andrés hins vegar ekki nefndur þar sem upp eru talin börn séra Sveins Þorbjarnarsonar¹⁶⁵ og Theódór Árnason verkfræðingur, sem mun vera kunnugri ættum Vestfirðinga á 16. öld en aðrir menn sem nú eru á dögum, telur líklegast að faðir Sveins á Kvíanesi hafi verið sonur Sveins Jónssonar er bjó á Breiðabóli í Skálavík og á Sæbóli á Ingjaldssandi.¹⁶⁶ Sonur þess Sveins var Páll Sveinsson, tengdafaðir skáldsins séra Ólafs Jónssonar á Söndum í Dýrafirði¹⁶⁷ og meining Theódórs er sú að Andrés, faðir Sveins á Kvíanesi, og séra Ólafur Sveinsson á **Stað** í Súgandafirði (sjá hér Staður) hafi báðir verið synir þessa sama Sveins Jónssonar.¹⁶⁸ Vera má að nýnefndur Andrés Sveinsson hafi búið á Kvíanesi því hann kemur við bréf úr Súgandafirði á árunum fyrir og eftir 1600.¹⁶⁹

Tvímælalaust er að kona Sveins Andrésónar á Kvíanesi hét Ólöf og er hún ýmist sögð hafa verið Sigfúsdóttir¹⁷⁰ eða Vigfúsdóttir.¹⁷¹ Ólöf var frá Súðavík, komin af höfðingjaættum, en föðurmóður hennar var Jörunn Sigfúsdóttir í Súðavík, dóttir Sigfúsar lögréttumanns Brúnmannssonar í Hrauni í Keldudal í Dýrafirði.¹⁷² Þau Sveinn og Ólöf eignuðust þrjá syni sem komust upp og hafa þeir áður verið nefndir í þessu riti (sjá hér bls. 11-12). Í ritgerð frá árinu 1961 kemst Ólafur Þ. Kristjánsson svo að orði að Sveinn Andrésón á Kvíanesi *virðist hafa verið í fremstu bænda röð*, enda

¹⁶⁰ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V.-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 206.

¹⁶¹ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V.-Ís., löggilt 26.3.1919, bls. 205.

¹⁶² Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19-21.

¹⁶³ Vestf. ættir I, 33.

¹⁶⁴ Sama heimild.

¹⁶⁵ Ísl. æviskrár IV, 378.

¹⁶⁶ Theódór Árnason 1968, 367-370 og 373 (Vestf. ættir IV).

¹⁶⁷ Sama heimild.

¹⁶⁸ Sama heimild.

¹⁶⁹ Sbr. Theódór Árnason 1968, 378.

¹⁷⁰ Theódór Árnason 1968, 378.

¹⁷¹ Vestf. ættir I, 33.

¹⁷² Sama heimild, 33-34. Sbr. Lögréttumannatal, bls. 451.

er hann víða nefndur í skjölum og þá oftast með Ara sýslumanni í Ögri Magnússyni.¹⁷³

Í ættartölukveri, rituðu í Önundarfirði á síðustu árum 17. aldar, er Ólöf Vigfúsdóttir úr Súðavík sögð hafa verið *fyrri kvinna Sveins Andréssonar*¹⁷⁴ (sbr. hér Neðri-Breiðadalur). Hann ætti þá að hafa kvænst annarri konu síðar en engin staðfesting á því liggur fyrir. Skjalfest er að Sveinn var á lífi árið 1628 því hann var þá dæmdur fyrir fjölmæli.¹⁷⁵ Um það leyti mun hann hafa andast eða þau Ólöf slitið samvistum því fardagaárið 1628-1629 varð hún sek um barneignarbrot með öðrum manni sem síðar varð eiginmaður hennar.¹⁷⁶ Í skjallægum heimildum mun hvergi finnast staðfest að Sveinn á Kvíanesi hafi lifað fram yfir 1628¹⁷⁷ og því er hugsanlegt að hann hafi verið lagstur banaleguna eða dáinn þegar Ólöf kona hans varð þunguð af völdum síns nýja elskhuga. Eins líklegt má þó telja að hjónin Sveinn og Ólöf á Kvíanesi hafi skilið og sú var meining Jóns Espólín, hins ættfróða sýslumanns Skagfirðinga.¹⁷⁸

Herrann sem frúin á Kvíanesi féll fyrir hét Lienardt Jonson og ritaði nafn sitt svo með eigin hendi.¹⁷⁹ Hinir gömlu fræðimenn, Ólafur Snóksdalín og Jón Espólín, sem báðir fæddust á árunum 1760-1770, segja að hann hafi verið enskur skipstjóri¹⁸⁰ og má ætla að það sé rétt.

Enginn veit nú hvaða atvik ollu því að þessi enski skipstjóri settist að í Súgandafirði en líklegast verður að telja að um það hafi mestu ráðið löngun hans til samvista við Ólöfu á Kvíanesi. Er Lienardt og Ólöf eignuðust sitt fyrsta barn var hann um það bil 35 ára gamall ef marka má það sem Magnús sýslumaður Magnússon á Eyri í Seyðisfirði við Djúp segir um aldur hans árið 1673.¹⁸¹ Barnið fæddist 1628 eða 1629 eins og hér var áður nefnt og áður en langir tímar liðu gengu foreldrar þess í hjónaband.¹⁸² Lienardt hinn enski gerðist þá bóndi á Kvíanesi og var af sýslungum sínum nefndur Lénarður eða Lénharður.¹⁸³

Mjög sterkar líkur benda til þess að Lénharður enski hafi með tíð og tíma orðið forystumaður í málum Súgfirðinga því þegar 13 Súgfirðingar fóru norður að Hóli í Bolungavík í júnímánuði árið 1649 til að hylla Friðrik konung III var það hann sem fyrstur þeirra ritaði undir hyllingarskjalið (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli).

Þau Lénharður og Ólöf kona hans eignuðust að minnsta kosti tvö börn sem komust upp, Svein, sem dó barnlaus¹⁸⁴ árið 1673 eða mjög skömmu

¹⁷³ Ólafur Þ. Kristjánsson 1961, 41 (Ársrit S.Í.).

¹⁷⁴ Sama heimild. Lbs. 2577^{8vo}

¹⁷⁵ Theódór Árnason 1968, 378 (Vestf. ættir IV).

¹⁷⁶ Sama heimild. Ól. Þ. Kr. 1961, 40-42 (Ársrit S.Í.).

¹⁷⁷ Sbr. Alþ.b. Íslands V og VI, registur.

¹⁷⁸ Ól. Þ. Kr. 1961, 41. Sbr. Theódór Árnason 1968, 378.

¹⁷⁹ Rigsarkiv, Kph. *Island, Færöer og Grönland*, nr. 42, hylling Friðriks konungs III árið 1649. Ól. Þ. Kr. 1961, 40-42.

¹⁸⁰ Ól. Þ. Kr. 1961, 40-42. Sbr. Ísl. æviskrár III, 106-107 og IV, 80.

¹⁸¹ Annálar III, 300.

¹⁸² Ól. Þ. Kr. 1961, 40-42.

¹⁸³ Sama heimild, 40-43. Annálar III, 300. Alþ.b. Íslands VII, 261 og 300.

¹⁸⁴ Theódór Árnason 1968, 378 (Vestf. ættir IV).

fyrir,¹⁸⁵ og Guðrúnu, sem giftist Nikulási Brandssyni en þeirra dóttir var Guðrún, eiginkona Ásmundar Ketilssonar sem bjó á Fjallaskaga í Dýrafirði árið 1703 og síðar í Hnífsdal.¹⁸⁶ Frá Guðrúnu Lénharðsdóttur og Nikulási, hennar manni, mun nú vera kominn mikill fjöldi niðja.¹⁸⁷ Nikulás Brandsson kemur við skjal frá sumrinu 1664, er varðar strandmenn frá Baskalandi á Spáni, og var þá búsettur í Dýrafirði (sjá hér Þingeyri). Líklegt er að sá maður sé þessi Nikulás, tengdasonur Lénharðar.

Lénharður var enn á lífi árið 1673, sagður áttæður,¹⁸⁸ en mun hafa andast mjög skömmu síðar.¹⁸⁹ Allar líkur benda til þess að Lénharður enski hafi búið á Kvíanesi í liðlega 40 ár, frá því um 1630 og til dauðadags og skjallugar heimildir sýna að á sínum síðustu æviárum átti hann í málarekstri gegn nágretta sínum, Guðmundi Þórðarsyni í Botni, eins og hér verður brátt gerð nánari grein fyrir.

Lénharður mun löngum hafa búið í tvíbýli á Kvíanesi, á móti stjúpyni sínum, Sigfúsi Sveinssyni, sem átti hálfa jörðina árið 1658, og svo virðist sem Englendingurinn hafi verið leiguliði (sjá hér bls. 11-12, sbr. hér Suðureyri, skrif um eigendur þeirrar jarðar). Árið 1658 átti Lénharður hins vegar jörðina **Norðureyri** í Súgandafirði svo hann var ekki eignalaus.¹⁹⁰

Á nítjándu öld var nafnið **Lénharðarstaðir** stundum notað um annan tveggja bæja, sem þá var búið í hér á Kvíanesi, og stóð sá bær yst og neðst í túninu, þar sem nú (1996) stendur gamall sumarbústaður.¹⁹¹ Ætla má að þetta býli hafi verið kennt við Lénharð enska og vera kann að hann hafi fyrstur manna valið sér bæjarstæði þar. Engjapláss á Kvíaneshlíð var líka kallað Lénharðarmour eins og hér er greint frá á öðrum stað en sagt var að úr slægjunni þar hefði Lénharður borið konu sína á handleggnum heim til bæjar er hún tók jóðsótt á miðjum engjaslætti (sjá hér bls. 3-4).

Á árunum 1654-1683 voru 14 Vestfirðingar brenndir fyrir galdra og auk þess voru tvær manneskjur úr Norðurlandi brenndar í Barðastrandarsýslu.¹⁹² Í öðrum pörtum landsins náði galdrafárið aldrei slíkum tókum og sést það best á því að utan Vestfjarða voru aðeins brenndir 6 kuklarar ef frá eru taldir þeir Vestfirðingar sem færðir voru í logana á Þingvöllum við Öxará.¹⁹³

Lénharður Jónsson, hinn enski, á Kvíanesi var einn þeirra mörgu sem galdratrúin ærði en þó ekki svo séð verði fyrir en undir lok ævinnar. Þegar Lénharður var kominn undir áttætt veiktist Sveinn sonur hans og lá *máttlaus og mjög veikur* í heilt ár.¹⁹⁴ Þeir feðgar létu sér þá koma til hugar að nágrenni þeirra, Guðmundur Þórðarson í Botni, væri valdur að þessum

¹⁸⁵ Alþ.b. Íslands VII, 261.

¹⁸⁶ Theódór Árnason 1968, 378-380 (Vestf. ættir IV). Manntal 1703. Sbr. Vestf. ættir III, 13.

¹⁸⁷ Vestf. ættir I, 30. Ól. Þ. Kr. 1961, 50-52 (Ársrit S.Í.).

¹⁸⁸ Annálar III, 300.

¹⁸⁹ Theódór Árnason 1968, 378-380.

¹⁹⁰ Lbs. 797⁴⁰, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658.

¹⁹¹ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 101.

¹⁹² Siglaugur Brynleifsson 1976, 117-208.

¹⁹³ Sama heimild.

¹⁹⁴ Annálar III, 300.

veikindum en hann var áður *ryktaður af þess háttar verknaði*.¹⁹⁵ Feðgarnir á Kvíanesi lögðu fram kæru og var dæmt í málinu á héraðsþingi vorið 1673.¹⁹⁶ Galdramál þetta var síðan tekið fyrir á Alþingi sumarið 1673 en þá var Sveinn Lénharðsson andaður¹⁹⁷ og svo virðist sem faðir hans hafi andast mjög skömmu síðar.¹⁹⁸ Kærumálið á hendur Guðmundi Þórðarsyni dró hins vegar langan slóða eins og hér verður rakið nánar þegar við komum í Botn.

Hér var áður frá því greint að Sigfús Sveinsson, sem var einn þriggja stjúpsona Lénharðar enska, hafi búið hér á Kvíanesi um langt skeið og átt hálfá jörðina (sjá hér bls. 11-12). Munu þeir Lénharður hafa verið sambýlismenn. Sigfús bjó enn á Kvíanesi árið 1695 (sjá hér bls. 11-12) og var á lífi árið 1702¹⁹⁹ en látinn þegar allsherjarmanntal var tekið einu ári síðar.²⁰⁰

Í *Íslenskum æviskrám* nefnir Páll Eggert Ólason bóndamanninn Sigfús Steinsson í *Kvíarnesi* og segir hann hafa átt fyrir konu Þórunni, dóttur séra Tómasar Þórðarsonar er varð prestur á Stað á Snæfjallaströnd árið 1628 og var enn á lífi árið 1681.²⁰¹ Þessi Sigfús í *Kvíarnesi*, sem þarna er sagður vera Steinsson, getur vart nokkur annar verið en Sigfús Sveinsson á Kvíanesi í Súgandafirði því enginn annar bær á Íslandi hefur borið nafnið Kvíanes eða Kvíarnes svo kunnugt sé. Ólafur Snóksdalín ættfræðingur, sem fæddur var árið 1761, getur þess reyndar að Sigfús, sonur Sveins Andréssonar á Kvíanesi, hafi kvænst Þórunni Tómasdóttur²⁰² svo líkurnar á því að Sigfús á Kvíanesi og nýnefnd prestsdóttir frá Snæfjöllum hafi orðið hjón verða að teljast þó nokkrar. Hér má líka hafa í huga að önnur dóttir séra Tómasar Þórðarsonar á Snæfjöllum, Ásta, giftist Þorgils Jónssyni er bjó í Botni í Súgandafirði²⁰³ og var hún enn á lífi hjá syni sínum í Botni árið 1703.²⁰⁴

Í *Íslenskum æviskrám* er tekið fram að Sigfús í *Kvíarnesi* hafi verið fyrri maður Þórunnar Tómasdóttur.²⁰⁵ Sé þar rétt með farið verður að telja býsna líklegt að þau hafi skilið því ætla má að bæði hafi verið orðin öldruð þegar Sigfús andaðist árið 1702 eða 1703. Árið 1703 var sonur Sigfúsar Sveinssonar á Kvíanesi bóndi á Suðureyri (sjá hér bls. 12). Hann hét Erlingur og var þá 37 ára gamall.²⁰⁶ Í manntalinu frá 1703 sjáum við að þá voru tvær Sigfúsætur líka búsettar í Suðureyrarhreppi, Sigríður, sem var 32ja ára, gift Jóni Þorgilssyni, bónda í Botni, og Ingibjörg, 36 ára, gift

¹⁹⁵ Annálar III, 300.

¹⁹⁶ Alþ.b. Íslands VII, 261.

¹⁹⁷ Alþ.b. Íslands VII, 261.

¹⁹⁸ Theódór Árnason 1968, 379 (Vestf. ættir IV).

¹⁹⁹ Sama heimild.

²⁰⁰ Sama heimild. Manntal 1703.

²⁰¹ Ísl. æviskrár V, 19-20.

²⁰² Ólafur Snóksdalín: *Ættartölur*, bls. 613.

²⁰³ Vestfj. ættir I, 36.

²⁰⁴ Manntal 1703.

²⁰⁵ Ísl. æviskrár V, 19-20.

²⁰⁶ Manntal 1703.

Nikulási Bárðarsyni, bónda í Bæ.²⁰⁷ Fullvíst er að Sigríður í Botni var dóttir Sigfúsar á Kvíanesi og erfði eitt hundrað í jörðinni Norðureyri eftir föður sinn.²⁰⁸ Mjög líklegt verður að telja að Ingibjörg í Bæ hafi einnig verið dóttir Sigfúsar Sveinssonar því að hún eða eiginmaður hennar áttu líka eitt hundrað í Norðureyri árið 1710.²⁰⁹ Ingibjörg var þó ekki dóttir Þórunnar Tómasdóttur frá Snæfjöllum því móðir hennar hét Guðrún Guðmundsdóttir og var hún hjá þessari dóttur sinni í Bæ árið 1703, þá liðlega sjötug að aldri.²¹⁰ Hafi Sigfús bóndi Sveinsson á Kvíanesi verið kvæntur Þórunni Tómasdóttur má telja harla líklegt að nýnefnd Guðrún Guðmundsdóttir hafi verið seinni kona hans og móðir allra barnanna sem hér voru nefnd Erlings, Ingibjargar og Sigríðar. Í ritgerð sinni um Jón Jónsson, lögréttumann í Hnífsdal, staðhæfir Theódór Arnason að Guðrún þessi Guðmundsdóttir hafi verið gift Sigfúsi á Kvíanesi²¹¹ og þarf vart um það að efast. Þá tilgátu hans að hún hafi verið systir Guðmundar Guðmundssonar á Baulhúsum í Arnarfirði²¹² sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá hér Baulhús) er hins vegar ekki hægt að styðja með gildum rökum. Samt má vera að það sé líka rétt.

Hér var áður minnst á kærana sem Lénharður enski og Sveinn sonur hans lögðu fram gegn Guðmundi Þórðarsyni í Botni á árunum upp úr 1670. Þeir feðgar ákærðu Guðmund fyrir galdra en dóu báðir áður en málið var leitt til lykta. Kom þá til kasta Sigfúsar Sveinssonar að halda uppi merkinu og virðist ljóst að hann hafi gert allt sem mögulegt var til að koma í veg fyrir að Guðmundur nágranni hans næði að hreinsa sig af áburðinum með tylftareíði svo sem hér er nánar rakið á öðrum stað (sjá Botn).

Ekkert barna Sigfúsar Sveinssonar tók við búi á Kvíanesi að föður þeirra látnum. Erlingur sonur hans, sem erfði þann part úr jörðinni er Sigfús hafði átt (sjá hér bls. 12-13), kaus að búa áfram á Suðureyri²¹³ en þar mun hann að líkindum hafa hafið búskap allöngu áður en faðir hans andaðist. Háflendu sína á Kvíanesi leigði hann fyrst hjónunum Þorkeli Jónssyni og Guðrúnu Bjarnadóttur, sem bjuggu hér árið 1703,²¹⁴ en árið 1710 bjó maður að nafni Sigurður Þorleifsson á þeim jarðarparti.²¹⁵

Undir lok 17. aldar var Egill Sveinsson meðeigandi Sigfúsar bróður síns að jörðinni Kvíanesi (sjá hér bls. 11-12) og er talinn hafa búið hér um skeið²¹⁶ á annarri háflendunni. Árið 1695 mun sonur hans, Jón Egilsson, þó að líkindum hafa verið tekinn við búi á þeirri háflendu sem faðir hans átti. Þeir Jón Egilsson og Sigfús Sveinsson voru báðir í hópi sjö Súgfirðinga sem vottuðu árið 1695 að rétt væri farið með staðreyndir í

²⁰⁷ Manntal 1703.

²⁰⁸ Jarðab. Á. og P. XIII, 304.

²⁰⁹ Jarðab. Á. og P. VII, 137.

²¹⁰ Manntal 1703.

²¹¹ Theódór Arnason 1968, 379-380 (Vestf. ættir IV).

²¹² Sama heimild.

²¹³ Manntal 1703. Jarðab. Á. og P. VII, 134.

²¹⁴ Manntal 1703.

²¹⁵ Jarðab. Á. og P. VII, 134.

²¹⁶ Sýslumannaæfir II, 572.

skýrslu sem þá hafði verið tekin saman um jarðirnar í hreppnum.²¹⁷ Jón skrifar þar undir með eigin hendi en nafn Sigfúsar er handsalað²¹⁸ svo hann hefur líklega ekki verið skrifandi.

Tvímælalaust er að nýnefndur Jón Egilsson var annar tveggja bænda á Kvíanesi árið 1703.²¹⁹ Hann var þá 44 ára gamall en Geirlaug Pálsdóttir, kona hans, var fimm árum eldri.²²⁰ Þau hjónin voru þremmingar að frændsemi en ekki liggur alveg ljóst fyrir hvernig þeim ættartengslum var háttað.²²¹ Vegna skyldleikans máttu þau Jón og Geirlaug ekki ganga í hjónaband án sérstaks leyfis frá kóngi en slíkt leyfi fengu þau árið 1686.²²² Tvö börn þessara hjóna voru á heimili þeirra hér á Kvíanesi árið 1703, Elín, sem þá var tvítug að aldri, og Páll sem var 14 ára.²²³ Elín giftist síðar Bjarna Eyjólfssyni á Seljalandi í Skutulsfirði²²⁴ en Páll gekk að eiga Þuríði Bjarnadóttur og tók við búi af föður sínum.²²⁵

Árið 1710 var Páll Jónsson orðinn bóndi á Kvíanesi, þá ungur að arum,²²⁶ og hann bjó hér enn árið 1753,²²⁷ þá á sjötugsaldri. Á búskaparárum Páls Jónssonar mun oftast og máske alltaf hafa verið tvíbýli á jörðinni.²²⁸

Árið 1710 var bústofn Páls á Kvíanesi 2 kýr, 1 vetrungur, 14 ær, 10 veturgamlir sauðir og 12 eldri sauðir, 12 lömb og 1 hross.²²⁹ Hjá Sigurði Þorleifssyni, sem þá var sambýlismaður hans, var búið álíka stórt en þó heldur minna.²³⁰ Árið 1753 tíundaði Páll 7 hundruð lausafjár²³¹ sem gefur til kynna að bú hans hafi þá verið af svipaðri stærð og það var 1710.

Kona Páls Jónssonar á Kvíanesi, Þuríður Bjarnadóttir, var frá Selakirkjubóli á Hvilftarströnd í Önundarfirði, dóttir Bjarna Bjarnasonar, sem þar bjó, og konu hans, Hallveigar Björnsdóttur.²³² Um Þuríði, húsfreyju á Kvíanesi, er fátt að finna í varðveittum heimildum en merkilegt má kalla að afi hennar, Bjarni Bjarnason, bóndi í Neðri-Breiðadal í Önundarfirði, var dæmdur fyrir galdra og brenndur á Alþingi við Öxará sumarið 1677.²³³ Um mál hans er fjallað hér á öðrum stað (sjá Neðri-Breiðadalur).

²¹⁷ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1695.

²¹⁸ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1695.

²¹⁹ Manntal 1703. Vestf. ættir I, 33.

²²⁰ Manntal 1703.

²²¹ Theódór Árnason 1968, 377-378 (Vestf. ættir IV).

²²² Sama heimild.

²²³ Manntal 1703.

²²⁴ Theódór Árnason 1968, 377. Vestf. ættir II, 730.

²²⁵ Vestf. ættir I, 33 og 35-36. Jarðab. Á. og P. VII, 134.

²²⁶ Jarðab. Á. og P. VII, 134.

²²⁷ Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

²²⁸ Sama heimild. Jarðab. Á. og P. VII, 134. Bændatöl og skuldaskrár 1720-1765, Ísafj.s. um 1735, eftirrit.

²²⁹ Jarðab. Á. og P. VII, 134.

²³⁰ Sama heimild.

²³¹ Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

²³² Vestf. ættir I, 33 og 35-36.

²³³ Sama heimild.

Sonur Páls Jónssonar og Þuríðar Bjarnadóttur var Páll Pálsson sem tók við búi af föður sínum hér á Kvíanesi²³⁴ um 1760 eða skömmu fyrr. Tvímælalaust er að þessi sonur Páls Jónssonar var orðinn bóndi á Kvíanesi árið 1762²³⁵ og bjó hér í tvíbýli á móti Sigfúsi Erlingssyni, frænda sínum, sem lengi hafi verið sambýlismaður föður hans og hér verður brátt gerð nánari grein fyrir. Báðir voru þessir bændur niðjar Sveins Andréssonar, sem keypti Kvíanes árið 1616, og var Sigfús þriðji ættliður frá honum en Páll Pálsson einum lið neðar.²³⁶ Þeir Páll og Sigfús á Kvíanesi áttu árið 1762 sinn bátinn hvor og á vorvertíðinni það ár varð Páll aflakóngur Súgfirðinga (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli).

Páll Pálsson, bóndi á Kvíanesi, mun hafa fæðst árið 1723 eða 1724.²³⁷ Kona hans hét Herdís Guðmundsdóttir og var um það bil fjórum árum yngri en eiginmaðurinn.²³⁸ Árið 1762 áttu þau tvær dætur og var sú eldri þriggja ára.²³⁹ Tvær bættust við síðar²⁴⁰ og urðu allar þessar systur húsfreyjur í Súgandafirði, þær Þuríður (sjá hér bls. 23), Sigríður (sjá hér Laugar), Guðrún (sjá hér Selárdalur) og Guðný (sjá hér bls. 24).

Árið 1786 voru Páll og Herdís hætt að búa og komin í húsmennsku hjá dóttur sinni og tengdasyni hér á Kvíanesi. Sóknarprestur Súgfirðinga taldi þá að Páll á Kvíanesi væri *ráðvandur* og *vel fróður* og Herdís, eiginkona Páls *starfsöm* og *fróm*.²⁴¹ Líklega hefur Páll verið orðinn holdsveikur þegar hér var komið sögu því hann dó úr holdsveiki 6. október 1790, talinn 67 ára.²⁴² Herdís, kona hans, andaðist *hastarlega* liðlega einum mánuði síðar.²⁴³

Sigfús Erlingsson, sem lengi var sambýlismaður feðganna Páls Jónssonar og Páls Pálssonar á Kvíanesi, mun hafa fæðst árið 1704 eða því sem næst²⁴⁴ en hann var sonur hjónanna Erlings Sigfússonar og Margrétar Þorgilsdóttur sem bjuggu á Suðureyri í Súgandafirði árið 1703.²⁴⁵ Erlingur átti þá hálf tít Kvíanes (sjá hér bls. 12-13) og í fyllingu tímans varð Sigfús sonur hans sjálfseignarbóndi á þessari hálfleðu.²⁴⁶

Um þrítugsaldur var Sigfús Erlingsson orðinn bóndi á Kvíanesi²⁴⁷ og bjó hér enn árið 1762, þá kominn undir sextugt.²⁴⁸ Hann var kvæntur maður²⁴⁹ en nafnið á konu hans er ekki auðvelt að finna. Óljóst er líka

²³⁴ ÍB. 10^{4to}, Ættartölubækur Jóns Espólín, dálkar 1781-1782.

²³⁵ Manntal 1762.

²³⁶ Vestf. ættir I, 33 og 36. Sýslumannaæfir II, 577.

²³⁷ Manntal 1762. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf., dauðir 1790.

²³⁸ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. janúar 1786, Kvíanes.

²³⁹ Manntal 1762.

²⁴⁰ Sýslumannaæfir II, 577.

²⁴¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁴² Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁴³ Sama heimild.

²⁴⁴ Manntal 1762.

²⁴⁵ Vestf. ættir I, 36. Manntal 1703.

²⁴⁶ Manntal 1762.

²⁴⁷ Vestf. ættir I, 36.

²⁴⁸ Manntal 1762.

²⁴⁹ Sama heimild.

hvenær Sigfús hætti að búa og hvenær hann dó en fjögur börn hans er hægt að nefna, Guðrúnu, sem giftist Bjarna Jónssyni á Marðareyri í Jökulfjörðum (sjá hér bls. 13-14), Erling, sem varð bóndi í Botni²⁵⁰ (sbr. hér Botn), Margréti, sem varð húsfreyja á Seljalandi í Skutulsfirði,²⁵¹ og Jón sem varð bóndi hér á Kvíanesi.²⁵²

Jón Sigfússon, sem hér var síðast nefndur, mun vera bóndamaðurinn með því nafni sem andaðist á Kvíanesi í móðuharðindunum árið 1785 af *upprætti og rýrðarsótt* eins og presturinn orðar það.²⁵³ Sú lýsing á dánarorsökinni getur varla merkt annað en að maðurinn hafi orðið hungurmorða eins og svo margir fleiri á þeirri tíð.

Elsta sóknarmannatalið úr Súgandafirði er frá janúar 1786. Nær fullvíst má telja að Guðrún Bjarnadóttir, sem þá var 44 ára gömul og bjó á öðru býlinu hér á Kvíanesi,²⁵⁴ hafi verið ekkja Jóns bónda Sigfússonar er þá hafði aðeins legið í nokkra mánuði í gróf sinni. Börn hennar fjögur voru öll Jónsbörn og dvöldust hér hjá móður sinni að föðurnum látum.²⁵⁵ Eitt þeirra var Brynjólfur²⁵⁶ er síðar varð bóndi í Botni²⁵⁷ (sbr. hér Botn). Á heimili Guðrúnar hér á Kvíanesi var líka árið 1786 móðir hennar, Sigríður Nikulásdóttir, talin 64 ára.²⁵⁸ Allt þetta fólk lifði móðuharðindin af en líklega með naumindum.

Ein af systur Jóns Sigfússonar, dætrum Sigfúsar Erlingssonar á Kvíanesi sem hér voru áður nefndar, var Margrét. Hún giftist Halldóri Pálssyni en hann var einnig frá Kvíanesi, sonur Páls bónda Jónssonar og konu hans, Þuríðar Bjarnadóttur.²⁵⁹ Ætla má að hjónin Halldór Pálsson og Margrét Sigfúsdóttir hafi bæði alist upp hjá foreldrum sínum hér á Kvíanesi. Hann fæddist 1724 en hún 1727 eða því sem næst. Svo fór að þau fluttust burt úr Súgandafirði og fóru að búa á Seljalandi í Skutulsfirði.²⁶⁰ Eitt barna þessara hjóna var Páll Halldórsson er varð bóndi og hreppstjóri í Neðri-Arnardal.²⁶¹ Árið 1801 var Margrét Sigfúsdóttir frá Kvíanesi hjá þessum syni sínum í Arnardal, þá ekkja á áttæðisaldri og hafði misst tvo eiginmenn.²⁶² Þar voru þá líka sex börn sem Páll sonur hennar hafði eignast með konu sinni, Margréti Guðmundsdóttur.²⁶³ Elst þessara barna var María Pálsdóttir, sögð 14 ára árið 1801.²⁶⁴ Hún giftist Ásgeiri Ásgeirssyni á Rauðamýri í Nauteyrarhreppi og árið 1817 eignuðust

²⁵⁰ Vestf. ættir I, 153.

²⁵¹ Sama heimild, 36.

²⁵² Sama heimild, 162.

²⁵³ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁵⁴ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1786.

²⁵⁵ Sama heimild.

²⁵⁶ Sama heimild.

²⁵⁷ Vestf. ættir I, 162.

²⁵⁸ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1786.

²⁵⁹ Vestf. ættir I, 32 og 35-36.

²⁶⁰ Sama heimild.

²⁶¹ Sama heimild. Sýslumannaæfir II, 577.

²⁶² Manntal 1801, vesturamt, bls. 306. Sbr. Theódór Árnason 1968, 376 /Vestf. ættir IV).

²⁶³ Sama heimild.

²⁶⁴ Sama heimild.

Þau soninn Ásgeir, sem seinna varð skipherra og setti á stofn Ásgeirsverslun á Ísafirði²⁶⁵ en hún var lengi eitt allra stærsta útgerðar- og verslunarfyriertæki á landi hér og máske það umsvifamesta um nokkurt skeið. Er Ásgeir skipherra og kaupmaður fæddist voru liðin 12 ár frá því langamma hans, Margrét Sigfúsdóttir frá Kvíanesi, dó²⁶⁶ en tuttugu árum þar á undan hafði bróðir hennar, Jón Sigfússon, dáið hér úr hungri eins og fyrr var nefnt.

Þegar Jón Sigfússon, bóndi á Kvíanesi, andaðist árið 1785 hafði verið tvíbyli á jörðinni svo lengi sem elstu menn mundu og líklega allt frá því á fyrri hluta 17. aldar eins og rakið hefur verið hér að framan. Nú varð hins vegar breyting á búskaparháttum hvað þetta snerti. Páll Pálsson, sem verið hafði sambýlismaður Jóns Sigfússonar, hefur að líkindum hætt að búa um svipað leyti og Jón andaðist og eigi síðar en vorið 1785²⁶⁷ (sbr. hér bls. 21). Í janúarmánuði árið 1786 var Guðmundur Ólafsson orðinn eini bóndinn á Kvíanesi²⁶⁸ en hann var tengdasonur Páls Pálssonar sem lengi hafði búið hér á annarri hálfendunni.²⁶⁹ Kona Guðmundar hét Þuríður og mun hafa borið nafn ömmu sinnar, Þuríðar Bjarnadóttur, húsfreyju á Kvíanesi (sjá hér bls. 20). Þuríður Pálsdóttir var elsta barn foreldra sinna, fædd árið 1759 eða því sem næst.²⁷⁰ Eiginmaður hennar, Guðmundur Ólafsson, var um það bil tíu árum eldri, fæddur í Ytri-Hjarðardal í Önundarfirði um 1750 (sjá hér Neðri-Breiðadalur). Faðir hans, Ólafur Sumarliðason, dó hjá syni sínum hér á Kvíanesi 24. júlí 1785.²⁷¹ Guðmundur og Þuríður bjuggu hér í 14 eða 15 ár, frá 1785 til 1799 eða 1800, og höfðu flest þau ár alla jörðina til ábúðar.²⁷² Árið 1791 voru þau með níu manna heimili²⁷³ og bústofninn þá sem hér segir: 2 kýr, 1 kvíga, 18 ær, 10 lömb, 8 sauðir og hrútar og 2 hestar.²⁷⁴ Guðmundur átti þá annan tveggja áttæringa sem til voru í Súgandafirði en hitt skipið af þeirri stærð átti Jón Bjarnason á **Gelti**.²⁷⁵ Þetta voru stærstu bátarnir í hreppnum²⁷⁶ og má því telja líklegt að Guðmundur bóndi á Kvíanesi hafi verið kappsamur sjósóknari. Árið 1794 var hann orðinn hreppstjóri.²⁷⁷

Þau Guðmundur Ólafsson og Þuríður kona hans eignuðust nokkur börn sem flest eða öll fæddust hér.²⁷⁸ Eitt þessara barna var Finnur, fæddur á Kvíanesi árið 1790, en hann varð er tímar liðu bóndi á Hvilft í

²⁶⁵ Vestf. ættir I, 98-123.

²⁶⁶ Sama heimild, 36.

²⁶⁷ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁶⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁶⁹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Sbr. Manntal 1762, Kvíanes í Suðureyrarhreppi.

²⁷⁰ Manntal 1762, Kvíanes. Sbr. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. og Manntal 1801, vesturamt, bls. 302-303.

²⁷¹ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁷² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Sbr. Manntal 1801, vesturamt, bls. 303.

²⁷³ Rtk. Isl. Journal 9, nr. 34, búnaðarskýrslur 1791.

²⁷⁴ Sama heimild.

²⁷⁵ Sama heimild.

²⁷⁶ Sama heimild.

²⁷⁷ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf., hjónavígslur 1794.

²⁷⁸ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

Önundarfirði (sjá hér Hvilft) og þar hafa niðjar hans búið nær óslitið allt til þessa dags.

Í þessu riti hefur áður verið sagt nokkuð frá Guðmundi Ólafssyni en þau hjónin, Guðmundur og Þuríður kona hans, fluttust frá Kvíanesi að Suðureyri vorið 1799 eða máske einu ári síðar og frá Suðureyri til Önundarfjarðar vorið 1809 (sjá hér Suðureyri og Neðri-Breiðadalur).

Þegar Guðmundur Ólafsson fór frá Kvíanesi tók svili hans, Ari Þorkelsson, við jörðinni og bjó hér í meira en aldarþriðjung.²⁷⁹ Kona Ara var Guðný Pálsdóttir frá Kvíanesi, dóttir hjónanna Páls Pálssonar og Herdísar Guðmundsdóttur sem bjuggu hér lengi á síðari hluta 18. aldar og áður var frá sagt. Af fjórum dætrum Páls og Herdísar mun Guðný hafa verið yngst. – *Kann bænir og kann að lesa á bók* segir prestur um Guðnýju þegar hún var fermd vorið 1784.²⁸⁰

Ari Þorkelsson fæddist á Stað á Reykjanesi í Reykhólasveit árið 1764.²⁸¹ Foreldrar hans voru hjónin Þorkell Bjarnason og Sigríður Guðmundsdóttir sem þá munu hafa átt heima á Stað²⁸² en bjuggu um tíma á Hjöllum í Gufudalssveit.²⁸³ Þorkell, sem líklega hefur verið fæddur árið 1731,²⁸⁴ var sonur Bjarna Jónssonar á Kollabúðum í Þorskafirði²⁸⁵ og bróðir séra Jóns Bjarnasonar á Rafnseyri²⁸⁶ sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá Rafnseyri). Síðari eiginkona Þorkels og móðir Ara var Sigríður, dóttir Guðmundar Lýðssonar, stúdents og lögréttumanns, á Hvoli í Saurbæ og Stóra-Holti þar í sveit.²⁸⁷ Guðmundur Lýðsson andaðist á Stað á Reykjanesi, 64 ára gamall, árið 1759,²⁸⁸ fimm árum áður en Ari, dóttursonur hans, leit fyrst dagsins ljós á því sama prestssetri.

Árið 1785 voru þeir feðgar, Ari Þorkelsson og Þorkell faðir hans, komnir norður að Ármúla í Nauteyrarhreppi við Djúp og voru þar báðir vinnumenn.²⁸⁹ Líklegt er að þá hafi móðir Ara verið dáin. Hann var þá rétt liðlega tvítugur en Þorkell 54 ára.²⁹⁰ Ari var vinnumaður á Ármúla í sex ár, frá 1785 til 1791, og nær allan þann tíma var faðir hans þar líka, alltaf vinnumaður.²⁹¹ Á þessum árum stóð ekkjan Sigríður Gunnlaugsdóttir fyrir búi á Ármúla²⁹² en hún hafði verið gift Hafliða Jónssyni, bónda þar.²⁹³

²⁷⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁸⁰ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁸¹ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1832. Prestsþj.b. Staðar á Reykjanesi.

²⁸² Prestsþj.b. Staðar á Reykjanesi.

²⁸³ Ísl. æviskrár II, 169.

²⁸⁴ Vestf. ættir II, 464.

²⁸⁵ Sama heimild.

²⁸⁶ ÍB. 14^{4to}, Ættartölub. Jóns Espólín, dálkar 4882-4884.

²⁸⁷ Sama heimild. Ísl. æviskrár II, 169. Sbr. Lögréttumannatal, bls. 190.

²⁸⁸ Ísl. æviskrár II, 169.

²⁸⁹ Sóknarm.töl Kirkjubólspinga.

²⁹⁰ Sama heimild.

²⁹¹ Sama heimild.

²⁹² Sama heimild.

²⁹³ Ísl. æviskrár III, 98-99.

Sumarið 1789 giftist hún Jóni Einarssyni lækni er settist þá að á Ármúla.²⁹⁴ Hann var þá eini læknerinn á Vestfjörðum og öllu Vesturlandi.²⁹⁵

Síðasta ár sitt á Ármúla var Ari Þorkelsson hjú þessa merka læknis.²⁹⁶ Frá Ármúla fór hinn ungi vinnumaður að Nauteyri og þaðan að Laugalandi í sama hreppi²⁹⁷ en mjög sterkar líkur benda til að hann hafi á árunum upp úr 1790 verið við sjóróðra í Súgandafirði.

Í embættisbókum prestanna á Stað í Súgandafirði verður fyrst vart við Ara vorið 1794 er hann gekk að eiga stúlkuna Guðnýju Pálsdóttur á Kvíanesi²⁹⁸ sem hann hefði varla náð að kynna án þess að dveljast eitthvað hér í þessu byggðarlagi og þá að líkindum við vorróðra (sbr. hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli og Suðureyri). Svaramaður Ara við hjónavígsluna var sveitungi hans af Langadalsströnd, Ásgeir Þorsteinsson, hreppstjóri á Rauðamýri.²⁹⁹ Að Kvíanesi fluttist Ari frá Laugalandi í Nauteyrarhreppi vorið sem þau Guðný gengu í hjónaband.³⁰⁰

Á sínum fyrstu hjúskaparárum bjuggu þau Ari og Guðný hér á Kvíanesi í örfá ár og þá í tvíbýli á móti hjónunum Guðmundi Ólafssyni og Þuríði systur Guðnýjar.³⁰¹ Vorið 1796 virðast þau hins vegar hafa farið héðan og flust burt úr Súgandafirði.³⁰² Óljóst er hvar þau áttu heima næstu ár en vorið 1799 eða einu ári síðar komu þau hingað aftur og fengu þá ábúð á allri jörðinni.³⁰³

Á fyrstu árum 19. aldar var oft eitthvað af húsfólki hjá Ara og Guðnýju hér á Kvíanesi³⁰⁴ og má sem dæmi nefna að árið 1801 var Ari með sjö manna heimili en auk þess voru hér fjórar fullorðnar manneskjur í húsmennsku og í þeim hópi holdsveikur maður á fimmtugsaldri með eiginkonu og tíu ára son.³⁰⁵

Í marsmánuði árið 1804 gaf sóknarpresturinn Ara bónda á Kvíanesi þá einkunn að hann væri *ráðvandur* og *skikkanlegur* en Guðnýju húsfreyju segir prestur vera *drífandi*.³⁰⁶ Seinna komst prestur að þeirri niðurstöðu að kristindómsþekking Ara væri *í ringara lagi* en hins vegar væri Guðný, kona hans, *ekki illa að sér*.³⁰⁷ Árið 1827 segir prestur að Ari sé *spaklátur* en Guðný húsfreyja *skorinorð* og *vel að sér í andlegu*.³⁰⁸

²⁹⁴ Ísl. æviskrár III, 98-99.

²⁹⁵ Sama heimild.

²⁹⁶ Sóknarm.töl Kirkjubólspinga.

²⁹⁷ Sama heimild.

²⁹⁸ Prestspj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁹⁹ Sömu heimildir.

³⁰⁰ Sömu heimildir. Sóknarm.töl Kirkjubólspinga.

³⁰¹ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1795.

³⁰² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁰³ Sama heimild.

³⁰⁴ Sama heimild.

³⁰⁵ Manntal 1801.

³⁰⁶ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf., mars 1804.

³⁰⁷ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf., mars 1811.

³⁰⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Á árunum 1804-1810 fluttist faðir Ara, Þorkell Bjarnason, til sonar síns hingað að Kvíanesi.³⁰⁹ Í sóknarmannatali frá árinu 1811 er hann sagður vera átræður að aldri en átti þó eftir að lifa í fullan áratug og dvaldist þá jafnan hér.³¹⁰ Árið 1801 var Þorkell á Melgraseyri í Nauteyrarhreppi, hjá syni sínum sem þar bjó en hann hét Jóab,³¹¹ og hefur gamli maðurinn að líkindum flust þaðan í Súgandafjörð. Um Þorkel gamla segir prestur árið 1812 að hann sé *vel skýr í andlegu*.³¹² Öldungur þessi dó á Kvíanesi 17. júlí 1822.³¹³

Ari Þorkelsson á Kvíanesi var á árunum upp úr 1820 sæmilega stöndugur. Haustið 1821 bjó hann með 3 kýr, 1 kvígu, 1 kálf, 20 ær, 6 sauði og hrúta, 16 lömb og 2 hesta.³¹⁴ Auk þess átti hann bát sem var sexæringur eða fjöggra manna far.³¹⁵ Af 20 bændum, sem þá bjuggu í Suðureyrarhreppi, voru aðeins 2 með fleiri kýr en Ari og 4 með jafnmargar.³¹⁶ Sé litið á tölu sauðfjár hjá þessum tuttugu bændum og lömbin ekki talin með kemur í ljós að aðeins fimm voru með fleira fé en bóndinn á Kvíanesi haustið 1821.³¹⁷ Þessir fimm, að prestinum, séra Eiríki Vigfússyni á Stað, meðtöldum, voru hins vegar allir með mun fleira fé heldur en Ari³¹⁸ og skipuðu efsta lag samfélagsins í þessu litla byggðarlagi. Árið 1830 var bú Ara enn álíka stórt og verið hafði 1821 en þá var hann bátlaus.³¹⁹ Seinna fékk hann sér lítinn bát, tveggja eða þriggja manna far.³²⁰

Þess var áður getið að árið 1805 var Ari leiguliði hér á Kvíanesi en eigandi jarðarinnar var þá Bjarni Jónsson, bóndi á Marðareyri í Jökulfjörðum, sem var kvæntur dóttur Sigfúsar Erlingssonar er hér hafði búið um langt skeið á annarri hálföldunni (sjá hér bls. 13-14). Óljóst er hvort Ari náði síðar að eignast jörðina en fyrir liggur að sonur hans, sem tók hér við búi að föður sínum látnum, átti hana.³²¹

Nær allan tímann sem Ari Þorkelsson bjó á Kvíanesi hafði hann alla jörðina til ábúðar³²² en Ebenezer Guðmundsson frá Neðri-Arnardal við Skutulsfjörð og Margrét, kona hans, sem var dóttir Bjarna Jónssonar á Marðareyri, munu þó hafa búið hér á jarðarparti á árunum 1806-1808.³²³ Þau fluttust svo að Innri-Hjarðardal í Önundarfirði (sjá hér Innri-Hjarðardalur). Tvíbýli var líka á jörðinni fardagaárið 1811-1812 en þá

³⁰⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³¹⁰ Sama heimild.

³¹¹ Manntal 1801 og nafnalykill þess.

³¹² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³¹³ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³¹⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1821.

³¹⁵ Sama heimild.

³¹⁶ Sama heimild.

³¹⁷ Sama heimild.

³¹⁸ Sama heimild.

³¹⁹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1830.

³²⁰ Sama askja, búnaðarskýrslur 1834.

³²¹ J. Johnsen 1847, 196.

³²² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³²³ Vestf. ættir I, 211-212. Sbr. Manntal 1816, 694.

höfðu hér einhver jarðarafnot hjónin Jón Jónsson og Helga Jónsdóttir³²⁴ sem bjuggu síðar í Botni og á Laugum (sjá hér Laugar).

Hjá hjónunum Ara og Guðnýju á Kvíanesi voru oftast um það bil 10 manneskjur í heimili.³²⁵ Þau eignuðust 3 börn sem náðu að vaxa úr grasi, Sigríði, Agnesi og Guðmund³²⁶ og ólu líka upp að mestu leyti Herdísí Bjarnadóttur³²⁷ er mun hafa verið dóttir Bjarna Bjarnasonar, er bjó um skeið á Laugum (sjá hér Laugar), og konu hans, Sigríðar Pálsdóttur, systur Guðnýjar á Kvíanesi.³²⁸ Ari Þorkelsson bjó á Kvíanesi til dauðadags en hann andaðist 26. janúar 1836³²⁹ og var þá kominn á áttræðisaldur. Í marsmánuði á því ári var ekkjan, Guðný Pálsdóttir, talin fyrir búinu en um vorið tók Guðmundur sonur þeirra við.³³⁰ Hann var einkasonur Ara og Guðnýjar.³³¹ Dætur þeirra, Sigríður og Agnes, urðu báðar húsfreyjur hér í Súgandafirði, Sigríður á Norðureyri og fórst þar í snjóflóðinu mikla 15. desember 1836 en Agnes var lengi í húsmennsku hér á Kvíanesi og svo í **Klúku** með eiginmanni sínum, Pétri Borgarssyni.³³² Guðný Pálsdóttir, móðir þessara systkina, náði háum aldri en andaðist hjá Guðmundi syni sínum hér á Kvíanesi, 86 ára gömul, þann 9. maí 1854.³³³

Guðmundur Arason, sem tók við búi foreldra sinna vorið 1836, var þá 33ja ára gamall. Hann fæddist hér 23. september árið 1803³³⁴ og hafði alla ævi átt heima á Kvíanesi.³³⁵ Við fermingu vorið 1817 var hann sagður vera *siðferðisgóður* og hafa *gáfur í meðallagi*.³³⁶ Búskaparar Guðmundar hér á Kvíanesi urðu nákvæmlega tuttugu því vorið 1856 tók Páll sonur hans við af föður sínum.³³⁷

Kona Guðmundar var Þorgerður Jónsdóttir frá Kjaransstöðum í Dýrafirði, fædd þar árið 1801 eða því sem næst og var þar enn hjá föður sínum árið 1816.³³⁸ Vorið 1824 réð hún sig sem vinnukonu að Kvíanesi og þá um haustið varð hún barnshafandi af völdum Guðmundar Arasonar, einkasonar húsbændanna á bænum.³³⁹ Barnið fæddist hér 22. júlí 1825 og var það drengur.³⁴⁰ Honum var gefið nafnið Páll³⁴¹ og hefur þá líklega verið haft í huga nafn langafa hans, Páls Pálssonar, sem bjó lengi hér á

³²⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³²⁵ Manntal 1816. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1821, 1827, 1830 og 1834.

³²⁶ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³²⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³²⁸ ÍB. 9^{4to}, Ættartölubækur Jóns Espólín, dálkar 967-968.

³²⁹ Vestf. ættir II, 464.

³³⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³³¹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³³² Sömu heimildir.

³³³ Sömu heimildir.

³³⁴ Sömu heimildir.

³³⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³³⁶ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³³⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³³⁸ Sama heimild árið 1833, Kvíanes. Sbr. Manntal 1816, 686 og Manntal 1801, vesturamt, bls. 265.

³³⁹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁴⁰ Sömu heimildir.

³⁴¹ Sömu heimildir.

Kvíanesi á síðari hluta 18. aldar og áður var frá sagt. Þorgerður frá Kjaransstöðum ílentist á Kvíanesi. Í marsmánuði árið 1826 voru þau Guðmundur þó enn ógift en séra Eiríkur Vigfússon á Stað skráir þá í bók sína að þessi vinnukona og barnsmóðir bóndasonarins á Kvíanesi sé *dagfarsgóð*.³⁴² Þann 19. ágúst 1827 voru þau þússuð saman af presti.³⁴³ Skömmu fyrr hafði brúðurin fengið þá einkunn hjá prestinum að hún væri *fáskiptin en vel að sér*.³⁴⁴

Á árunum 1825-1836 voru þau Guðmundur og Þorgerður löngum vinnuhjú hjá foreldrum hans hér á Kvíanesi.³⁴⁵ Þau eignuðust aldrei nema þetta eina barn, sem fæddist áður en þau gengu í hjónaband, og svo annan dreng sem fæddist í janúarmánuði 1827 og dó fárra daga gamall.³⁴⁶ Á búskaparárum sínum, 1836-1856, var Guðmundur Arason jafnan eini bóndinn hér á Kvíanesi³⁴⁷ en í upphafi þess tímaskeiðs mun Þorleifur Þorkelsson, er þá bjó á Suðureyri, hafa nytjað part úr jörðinni, eitt og hálf hundrad.³⁴⁸ Óljóst er hvort Guðmundur var þá þegar orðinn eigandi að öllu Kvíanesi en ef marka má Jarðatal Johnsens frá árinu 1847 átti hann þá alla jörðina.³⁴⁹

Búið hjá Guðmundi Arasyni mun löngum hafa verið álíka stórt og verið hafði hjá Ara föður hans³⁵⁰ (sbr. hér bls. 26). Árið 1840 bjó hann með 3 kýr og sú tala var óbreytt tíu árum síðar.³⁵¹ Á árunum milli 1840 og 1850 fór fénu hins vegar fjölgandi hér á Kvíanesi því haustið 1850 var Guðmundur kominn með 44 sauðkindur, að frátöldum lömbum, en tíu árum fyrr höfðu þær verið 28.³⁵² Á þessum árum fékk bóndinn á Kvíanesi sér líka stærri bát en hann átti áður. Á sínum fyrstu búskaparárum átti Guðmundur aðeins lítinn bát sem var 2ja eða 3ja manna far³⁵³ en árið 1850 var hann í stað þess gamla kominn með annan bát sem var sexæringur eða fjöggra manna far.³⁵⁴ Í öllum Súgandafirði voru þá aðeins til fimm bátar sem náðu þeirri stærð.³⁵⁵ Fjölgun fjárens og hinn nýi bátur bendir hvort tveggja til þess að á sínum bestu árum hafi Guðmundur Arason verið uppgangsbóndi. Hann reyndi líka eitthvað fyrir sér við jarðrækt því búnaðarskýrsla frá árinu 1840 sýnir að á því ári gróf hann 30 faðma langan áveituskurð.³⁵⁶

³⁴² Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁴³ Sömu heimildir.

³⁴⁴ Sömu heimildir.

³⁴⁵ Sömu heimildir.

³⁴⁶ Sömu heimildir.

³⁴⁷ Sömu heimildir.

³⁴⁸ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kristján G. Þorvaldsson: *Saga Suðureyrar og Suðureyrarkauptúns*, bls. 41.

³⁴⁹ J. Johnsen 1847, 196.

³⁵⁰ VA III, 408 og 412, búnaðarskýrslur 1840 og 1850.

³⁵¹ Sömu heimildir.

³⁵² Sömu heimildir.

³⁵³ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1837. VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

³⁵⁴ VA III, 412, búnaðarskýrslur 1850.

³⁵⁵ Sama heimild.

³⁵⁶ VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

Þó að hjónin, Guðmundur og Þorgerður á Kvíanesi, ættu bara einn dreng sem náði að komast upp þá var heimili þeirra oftast nokkuð fjölmennt.³⁵⁷ Árið 1841 voru heimilismennirnir til dæmis að taka 14 og næsta ár voru þeir 16.³⁵⁸ Skömmu síðar fækkaði heimilisfólkinu hjá Guðmundi en þá fjölgaði heimilunum á Kvíanesi úr einu í tvö því Agnes Aradóttir, systir Guðmundar, og eiginmaður hennar, Pétur Borgarsson, fóru að bolloka hér í húsmennsku.³⁵⁹ Þau voru húsfólk á Kvíanesi frá 1845 til 1854 og hlóðu niður börnum í fátækt sinni.³⁶⁰ Héðan fóru þau í Klúku, hjáleigukot sem var rétt innan við landamerki Kvíaness á móti Botni, og verður síðar sagt lítið eitt nánar frá þessari fjölskyldu (sjá hér Botn, Klúka þar).

Á árunum kringum 1850 var oftast mikið um börn og unglinga hér á Kvíanesi þó að eina barn Guðmundar bónda og Þorgerðar konu hans væri þá komið upp.³⁶¹ Í þeim hópi voru sex börn Péturs og Agnesar og svo fósturbörn þeirra Guðmundar og Þorgerðar.³⁶² Börnin sem síðarnefndu hjónin ólu upp, að meira eða minna leyti, voru sex þó að sjálf ættu þau aðeins eitt sem náði að komast á ról.³⁶³ Í þeim hópi voru reyndar tvö af börnum Agnesar Aradóttur og Péturs Borgarssonar, þau Sigríður og Ari.³⁶⁴ Hjá Guðmundi bónda Arasyni og Þorgerði konu hans á Kvíanesi ólst líka upp Sigurður Jónsson, síðar bóndi á Gilsbrekku (sjá hér Gilsbrekka). Síðasta árið sem Guðmundur og Þorgerður stóðu hér fyrir búi, fardagaárið 1855-1856, voru þau enn með fimm fósturbörn eða tókubörn.³⁶⁵ Í þeim hópi var nýnefndur Sigurður Jónsson elstur, orðinn 21 árs, en yngst var þriggja ára stúlkubarn.³⁶⁶

Vorið 1856 tók Páll Guðmundsson við búi af foreldrum sínum hér á Kvíanesi. Hann var þá orðinn liðlega þrítugur (sjá hér bls. 27) og kominn með konu og barn.³⁶⁷ Eiginkona hans var Rósinkranza Guðmundsdóttir, fædd 16. ágúst 1830 í Botni hér í sveit.³⁶⁸ Foreldrar hennar voru Guðmundur Guðmundsson úr *Önundarfirði* og Þóra, dóttir Brynjólfs Jónssonar, bónda í Botni hér í sveit.³⁶⁹ Rósinkranza var lausaleiks barn og ólst upp á sveit.³⁷⁰ Tíu ára gömul var hún sveitarómagi í Bæ og var þá talin vera *efnilegt barn*.³⁷¹ Árið 1845 var hún orðin vinnukona hjá Þórarni

³⁵⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁵⁸ Sama heimild.

³⁵⁹ Sama heimild. Manntal 1845.

³⁶⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁶¹ Sömu heimildir.

³⁶² Sömu heimildir.

³⁶³ Sömu heimildir.

³⁶⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. 1849-1856.

³⁶⁵ Sömu heimildir.

³⁶⁶ Sömu heimildir.

³⁶⁷ Sömu heimildir.

³⁶⁸ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁶⁹ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kristján G. Þorvaldsson: *Saga Suðureyrar og ...*, bls. 65-66.

³⁷⁰ Sama heimild.

³⁷¹ Sama heimild. Manntal 1840. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Einarssyni á Suðureyri³⁷² og var síðar vinnukona í Botni en vorið 1853 mun hún hafa farið að Kvíanesi.³⁷³ Í sóknarmannatali frá því í marsmánuði árið 1854 er Rósinkranza sögð vera á Kvíanesi, *Páli Guðmundssyni við hönd*.³⁷⁴ Þá hafa þau verið trúlofuð og hún komin langt á leið því 4. maí um vorið fæddist elsta barn þeirra, sonurinn Sveinbjörn³⁷⁵ (sbr. hér Laugar). Um svipað leyti og drengurinn fæddist stofnuðu foreldrar hans sitt eigið heimili hér á Kvíanesi³⁷⁶ og hafa þá að líkindum flutt inn í kofann sem Pétur Borgarsson og Agnes Aradóttir yfirlögðu þetta sama vor. Páll og Rósinkranza voru þá enn ógift en gengu í hjónaband 15. júlí 1855.³⁷⁷

Fardagaárin 1854-1855 og 1855-1856 voru þessar ungu manneskjur húsfólk hér á Kvíanesi³⁷⁸ en vorið 1856 tók Páll við búi af föður sínum eins og hér var áður nefnt. Foreldrar hans, þau Guðmundur Arason og Þorgerður Jónsdóttir, voru þá á sextugsaldri og sátu um kyrrt hjá syni sínum og tengdadóttur.³⁷⁹ Hjá Páli og Rósinkrönnu dvaldist líka flest búskaparar þeirra á Kvíanesi Þóra Brynjólfsdóttir, móðir húsfreyjunnar.³⁸⁰

Tvennt bendir til þess að Páll Guðmundsson á Kvíanesi hafi á yngri árum haft hug á að verða dugandi sjósóknari eins og Páll Pálsson, langafi hans sem hér bjó áður, hafði verið (sbr. hér bls. 20-21). Annað er það að um svipað leyti og Páll náði aldri til að taka við formennsku skipti faðir hans um bát og fékk sér sexæring eða fjöggra manna far í stað minni fleytu sem hann átti áður (sjá hér bls. 28). Í sömu átt bendir líka sú staðreynd að Páll virðist hafa orðið fyrri til en aðrir Súgfirðingar að reyna fyrir sér með lóðafiskiri³⁸¹ en samkvæmt tíundarskýrslu frá árinu 1858 átti hann þá 10 lóðir.³⁸² Næsta ár á undan átti reyndar einn maður í Súgandafirði dálítið af lóðum, Guðmundur Sturluson í Botni,³⁸³ en hann fluttist þá um vorið í Súgandafjörð frá Innri-Hjarðardal í Önundarfirði (sjá hér Botn).

Óljóst er hvernig lóðaveiðarnar hafa gengið hjá Páli en hætt er við að minna hafi orðið úr sjósókninni en til stóð því árið 1860 var *stóri* báturinn, sem hér var tíu árum fyrr, horfinn og enginn bátur til á Kvíanesi nema lítið tveggja manna far.³⁸⁴ Fyrstu árin virðist Páll, hvað sem öðru líður, hafa haldið nokkurn veginn í horfi í búskapnum.³⁸⁵ Kýrnar á búi hans voru þó bara tvær árið 1860 en höfðu verið þrjár hjá föður hans bæði 1840 og 1850.³⁸⁶

³⁷² Manntal 1845, vesturamt, bls. 291.

³⁷³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁷⁴ Sama heimild.

³⁷⁵ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³⁷⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁷⁷ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kristján G. Þorvaldsson: *Saga Suðureyrar og ...*, bls. 66-67.

³⁷⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁷⁹ Sama heimild.

³⁸⁰ Sama heimild.

³⁸¹ Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kr. G. Þorv.: *Saga Suðureyrar og ...*, 68-69. Sbr. Sóknalýs. Vestfj. II, 118-119.

³⁸² Hsk. á Ísaf. nr. 190. Kristján G. Þorvaldsson: *Saga Suðureyrar og ...*, bls. 68-69.

³⁸³ Sama heimild.

³⁸⁴ VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860.

³⁸⁵ VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860. Sbr. VA III, 412, búnaðarskýrslur 1850.

³⁸⁶ VA III, 408, 412 og 417, búnaðarskýrslur 1840, 1850 og 1860.

Þess var áður getið að árið 1847 var Guðmundur Arason, faðir Páls Guðmundssonar, talinn sjálfseignarbóndi á Kvíanesi (sjá hér bls. 28) en um 1860 voru þeir feðgar búnir að tapa jörðinni. Ljóst er að í febrúarmánuði árið 1862 var það ekkjan Málfríður Jónsdóttir á Seljalandi í Skutulsfirði sem átti Kvíanes en hún var frá Gelti í Súgandafirði.³⁸⁷ Hún hafði verið gift Sigurði Hinrikssyni, bónda á Seljalandi,³⁸⁸ en hann andaðist 30. janúar 1860.³⁸⁹ Líklegt verður að telja að þau hjónin, Sigurður og Málfríður, hafi eignast Kvíanes áður en hann dó en nú verður tæplega grafið upp hvað því olli að þeir Kvíanesfeðgar, Guðmundur og Páll, létu jörðina af hendi. Flest bendir samt til að hún hafi verið seld vegna fjárhagsörðugleika því þess verður hvergi vart að Páll eða Guðmundur faðir hans hafi keypt aðra jarðeign í staðinn.

Öll vitneskja sem fyrir liggur bendir til þess að Guðmundur Arason hafi lengst af verið farsæll í sínum búskap og sæmilega bjargálma (sjá hér bls. 28). Meðan hann bjó á jörðinni hafa því tæplega komið upp gildar ástæður fyrir því að láta hana af hendi. Marktækar skýringar á því hvers vegna jörðin tapaðist liggja reyndar ekki fyrir og lítil stoð í getgátum. Tvímælalaust er hins vegar að sá missir þrengdi til frambúðar allan hag Páls Guðmundssonar og fjölskyldu hans.

Vorið 1862 hófu hinir nýju eigendur, dóttir og tengdasonur Málfríðar á Seljalandi, búskap á hálfu Kvíanesi (sjá hér bls. 34) og einu ári síðar varð Páll að víkja frá þessu óðali feðra sinna og frænda því fólkið sem hér hóf búskap á annarri hálfendunni vorið 1862 kaus sem vænta mátti að búa á allri jörðinni.³⁹⁰ Páll Guðmundsson, sem yfirgaf Kvíanes vorið 1863, var eins og hér hefur verið rakið 7. ætliður frá Sveini Andrésyni sem keypti þessa jörð árið 1616. Sjálfur hafði Sveinn búið á Kvíanesi og síðan allir þessir ætliðir, mann fram af manni, Egill Sveinsson, Jón Egilsson, Páll Jónsson, Páll Pálsson, Guðný Pálsdóttir með manni sínum Ara Þorkelssyni, Guðmundur Arason og Páll Guðmundsson síðastur en hér hefur áður verið sagt frá öllu þessu fólki. Við brottför Páls vorið 1863 var settur punktur aftan við langa sögu því áar hans og ömmur höfðu búið hér nær óslitið frá því um 1616 og hugsanlega lengur.

Þegar Páll Guðmundsson og Rósinkranza kona hans fóru frá Kvíanesi fengu þau ábúð á hálfri Suðureyri og bjuggu þar sem leiguliðar í fjögur ár (sjá hér Suðureyri) en vorið 1867, þegar Páll var á 42. aldursári og kona hans enn innan við fertugt, urðu þau jarðnæðislaus og voru þaðan í frá vinnuhjú á ýmsum bæjum í Súgandafirði, m.a. á Kvíanesi, en þó stöku sinnum sjálfra sín í húsmenskubasli.³⁹¹ Þorgerður á Kvíanesi, móðir Páls Guðmundssonar, andaðist úr vatnssýki sama vor og þau fóru frá Kvíanesi en Guðmundur faðir hans fluttist með syni sínum að Suðureyri.³⁹² Þegar

³⁸⁷ Frá ystu nesjum II, 190 og IV, 73. Sbr. Manntal 1801, vesturamt, bls. 301, Manntal 1816, bls. 700 og Manntal 1845, vesturamt, bls. 304. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XVI. 2. Veðmálabók 1856-1869, 89-90.

³⁸⁸ Manntöl 1855 og 1860.

³⁸⁹ Prestsþj.b. Eyrar í Skutulsf.

³⁹⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁹¹ Sama heimild.

³⁹² Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Páll féll úr bændatölu vorið 1867 skildu leiðir þeirra feðga og má ætla að Guðmundur gamli Arason hefði farið á sveitina ef hann hefði ekki átt sér hauk í horni þar sem var fóstusonur hans, Sigurður Jónsson, bóndi á Gilsbrekku. Til hans fór gamli maðurinn þegar Páll varð að hætta búskap og á Gilsbrekku átti hann skjól allt til æviloka.³⁹³ Frá bæjarhlaðinu þar gat hann horft yfir að Kvíanesi og virt fyrir sér alla Kvíaneshlíðina hafi sjónin ekki verið farin að daprast. Guðmundur Arason dó á Gilsbrekku 12. júlí 1876.³⁹⁴

Páll Guðmundsson og Rósinkranza kona hans eignuðust sjö börn sem fæddust flest á Kvíanesi.³⁹⁵ Fjögur þessara barna dóu innan við þriggja ára aldur og Ari sonur þeirra, sem ólst upp sem ómagi á Stað, dó 16 ára gamall árið 1884, þá ómagi á Kvíanesi.³⁹⁶ Aðeins tvö af þessum systkinum náðu að komast upp, Sveinbjörn, sem varð bóndi í Súgandafirði og bjó síðast á Laugum (sjá hér Laugar), og Guðbjörg sem hér verður minnst á síðar.

Á nítjándu öld var mannfélagsstiginn nokkuð brattur, ekki síður en nú þegar tuttugustu öldinni er að ljúka. Niður þann stiga valt Páll Guðmundsson og komast fáir ómeiddir frá slíkri byltu. Ef marka má umsagnir viðkomandi presta um Pál á hans yngri árum hefur hann þá verið sæmilega á sig kominn til höfuðsins en þó eitthvað tæpur í skilningi. Við fermingu vorið 1839 er hann sagður vera *allvel kunnandi* og *skikkanlegur*³⁹⁷ en einu ári síðar orðar séra Andrés Hjaltason umsögn sína um pilt þennan svo: *Kann allvel, skilur miður*.³⁹⁸ Á jólaföstu árið 1849 var Páll enn á réttu róli í foreldrahúsum, orðinn 24 ára gamall, og þá er kristindómsþekking hans sögð vera *góð*. Tuttugu árum síðar hafði hann hins vegar hrapað niður mannfélagsstigann og þeir sem í slíku lenda njóta sjaldan virðingar. Árið 1869 var Páll fallinn úr tölu bænda og orðinn vinnumaður í **Vatnadal**. Þá segir prestur hann vera *fáfróðan* en tekur fram að Rósinkranza, kona Páls, sé *vel að sér*.³⁹⁹

Páll Guðmundsson náði ekki að vinna sig upp í bændastétt á ný, enda fóru dómar sóknarprests Súgfirðinga, séra Stefáns P. Stephensen í Holti, yfir honum harðnandi. Árið 1874 segir prestur að Páll sé *heimskur* og þremur árum síðar fékk hann hjá sama presti einkunnina *fáfróður auli*.⁴⁰⁰ Slíkar slettur hrokafulls embættismanns má að sjálfsögðri ekki taka bókstaflega en sé litið yfir feril Páls og umsagnir prestanna sýnist margt benda til að hann hafi skort búhyggindi og fjármálavit. Gáfnaskort af því tagi gat séra Stefán ekki fyrirgefið nokkrum manni ef marka má þær sögur sem kunnugir sögðu af honum. (sjá hér Holt).

³⁹³ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁹⁴ Sömu heimildir.

³⁹⁵ Sömu heimildir.

³⁹⁶ Sömu heimildir.

³⁹⁷ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³⁹⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁹⁹ Sama heimild.

⁴⁰⁰ Sama heimild.

Á árunum 1867-1878 fylgdust hjónin Páll og Rósinkransa oftast að en fyrir kom þó að þau væru vistráðin á sitt hvorum bænum.⁴⁰¹ Vorið 1879 gerðust þau þurrabúðarfólk í Klúku, hjáleigu frá Botni, og voru þar húsum ráðandi í tvö ár uns Sveinbjörn sonur þeirra fluttist með sína fjölskyldu að Klúku vorið 1881 (sjá hér Laugar) en hann tók þá foreldrana á sitt heimili.⁴⁰² Síðustu æviárin áttu þau Páll og Rósinkransa jafnan athvarf hjá Sveinbirni og konu hans, Guðmundínu Jónsdóttur, fyrst í Klúku, þar sem Páll taldist vera vinnumaður hjá syni sínum, síðan á Kvíanesi og í Botni.⁴⁰³ Rósinkransa dó á Kvíanesi 7. júlí 1883 en hér hafði Sveinbjörn hafið búskap þá um vorið.⁴⁰⁴ Páll fluttist með Sveinbirni syni sínum þremur árum síðar frá Kvíanesi í Botn og dó þar 28. maí 1887 á 62. aldursári.⁴⁰⁵

Sveinbjörn var sem áður sagði annað tveggja barna Páls og Rósinkrönsu sem náðu að komast upp. Hitt barnið var Guðbjörg, fædd 22. október 1863.⁴⁰⁶ Hún fylgdi oftast foreldrum sínum á uppvaxtarárunum og var frá 1881 til 1891 á heimili Sveinbjörns bróður síns, í Klúku, á Kvíanesi og í Botni frá 1886.⁴⁰⁷ Á almennum hreppsfundum, sem haldinn var á Suðureyri 13. febrúar 1891, var rætt sérstaklega um Guðbjörgu og unnusta hennar, sem þá var vinnumaður í Botni, og þetta bókað:

Svo var rætt um Ásgeir Guðbjartarson og Guðbjörgu Pálsdóttur og var það álit allra fundarmanna að Guðbjörg færi ekki héðan úr hreppnum fyrr en hún væri gift Ásgeiri Guðbjartarsyni.⁴⁰⁸

Líklegt er að þessi samþykkt um *farbann* á Guðbjörgu komi nú ýmsum spánskt fyrir sjónir en skýringin er augljós. Þegar samþykktin var gerð gekk Guðbjörg með sitt fyrsta barn, drenginn Guðmund Júní Ásgeirsson, síðar kunnan skipstjóra, sem fæddist 6. júní 1891.⁴⁰⁹ Menn hafa óttast að færi hún laus og liðug í aðrar sóknir kynni börnunum að fjölga og síðan yrði Suðureyrahreppur að taka við allri þessari yfirvofandi ómegð. Þegar á reyndi neitaði Guðbjörg hins vegar að láta kyrrsetja sig og fór ógift norður í Bolungavík um vorið.⁴¹⁰ Þar voru þau Ásgeir gefin saman í hjónaband 17. október 1891 og voru þá bæði vinnuhjú á Geirastöðum.⁴¹¹

Frá sjónarhóli okkar sem nú lifum er fundarsamþykktin frá 1891 um *farbann* á Guðbjörgu reyndar dálítið spaugileg, ekki síst í ljósi þess að

⁴⁰¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁰² Sama heimild.

⁴⁰³ Sama heimild.

⁴⁰⁴ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁰⁵ Sömu heimildir.

⁴⁰⁶ Sömu heimildir.

⁴⁰⁷ Sömu heimildir.

⁴⁰⁸ Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar: *Fundabók fyrir Suðureyrahrepp* 1889-1919, fundargerð hreppsfundar 13.2.1891. Sbr. Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 1890.

⁴⁰⁹ Vestf. ættir II, 710.

⁴¹⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. og Eyrar í Skutulsfirði.

⁴¹¹ Prestsþj.b. Eyrarprestakalls, Hólssókn.

synirnir þrír, sem hún eignaðist með Ásgeiri, urðu allir sérstakir dugnaðarmenn og kunnir aflskipstjórar.

Bátar og togarar með nafni þessarar fátæku stúlku hafa nú (1996) lengi verið gerðir út frá Ísafirði og hafa stundum flutt að landi meiri afla en önnur skip í eigu Vestfirðinga. Guðbjörg sú Pálsdóttir sem hér um ræðir var amma Ásgeirs Guðbjartssonar er lengst var skipstjóri á togaranum Guðbjörgu sem bar hennar nafn.

Þann 10. febrúar 1862 ráðstafaði Málfríður Jónsdóttir, ekkja á Seljalandi í Skutulsfirði, eignum sínum með erfðaskrá.⁴¹² Hún var þá á sjötugsaldri og öll börn hennar komin upp.⁴¹³ Málfríður var frá Gelti í Súgandafirði og er sagt hér frá foreldrum hennar á öðrum stað (sjá Göltur). Ekkja þessi á Seljalandi átti ýmsar jarðeignir og skipti þeim nú milli barnanna sem hún hafði eignast með manni sínum, Sigurði Hinrikssyni, bónda á Seljalandi⁴¹⁴ (sbr. hér bls. 31). Ein þeirra jarða sem Málfríður átti var eins og hér hefur áður verið nefnt Kvíanes sem nú kom í hlut Guðrúnar Sigurðardóttur, elstu dóttur þeirra Málfríðar og Sigurðar á Seljalandi.⁴¹⁵ Í erfðaskránni er tekið fram að Guðrún fái þessa 8 hundraða jörð með 12 leiguám og öllum húsum sem henni fylgi.⁴¹⁶

Guðrún Sigurðardóttir, sem fékk umráð yfir Kvíanesi í febrúarmánuði árið 1862, var þá að verða fertug, fædd 30. apríl 1822.⁴¹⁷ Sautján árum fyrr hafði hún gengið að eiga séra Hannes Arnórsson á Stað í Grunnavík, sem þá var ekkjumaður, en hann druknaði sex árum síðar á heimleið úr kaupstað.⁴¹⁸ Af börnum hennar og séra Hannesar komust upp tveir synir, Jóhannes og Sigurður.⁴¹⁹ Þegar Guðrún frá Seljalandi missti mann sinn í sjóinn var hún innan við þrítugt og giftist nokkru síðar í annað sinn. Hennar seinni maður var Friðrik Verner Gíslason.⁴²⁰ Þau bjuggu í nokkur ár í Grunnavík, þar sem Friðrik var hreppstjóri um skeið, en voru þegar frá erfðaskránni var gengið komin að Tungu í Skutulsfirði.⁴²¹

Frá Tungu fluttust þau hingað að Kvíanesi vorið 1862 og hófu búskap á hálfri jörðinni en tóku við henni allri í fardögum árið 1863, þegar Páll Guðmundsson vék frá.⁴²² Er prestur skráir komu þessara hjóna í Súgandafjörð lætur hann þess getið að Friðrik sé *sjálfseignarmaður*.⁴²³

Friðrik Verner Gíslason var fæddur á Fossi í Suðurfjörðum Arnarfjarðar 17. júní 1828,⁴²⁴ sonur hjónanna Gísla Gíslasonar

⁴¹² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XVI. 2. Veðmálabók 1856-1869, bls. 89-90.

⁴¹³ Manntal 1845, vesturamt, bls. 304. Sbr. Manntal 1801, vesturamt, bls. 301.

⁴¹⁴ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XVI. 2. Veðmálabók 1856-1869, bls. 89-90.

⁴¹⁵ Sama heimild.

⁴¹⁶ Sama heimild.

⁴¹⁷ Ísl. æviskrár II, 303-304.

⁴¹⁸ Sama heimild.

⁴¹⁹ Sama heimild.

⁴²⁰ Eyjólfur Jónsson 1980, 127 (Ársrit S.Í.).

⁴²¹ Sama heimild.

⁴²² Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴²³ Sömu heimildir.

⁴²⁴ Prestsþj.b. Otradals. Sbr. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf., innfluttur 1862.

garðyrkjumanns og Guðbjargar Einarsdóttur.⁴²⁵ Vorið 1829 hófu foreldrar Friðriks búskap í Neðri-Hvestu í Arnarfirði og bjuggu þar í a.m.k. tíu ár.⁴²⁶ Árið 1835 var Friðrik hjá foreldrum sínum í Hvestu, þá sjö ára gamall.⁴²⁷ Tíu árum síðar var hann *léttadrengur* í Ytri-Hjarðardal í Önundarfirði, hjá sýslumannsekkjunni Guðrúnu Þórðardóttur Thorsteinsen en hjá henni voru foreldrar hans þá vinnuhjú.⁴²⁸ Gísli Gíslason, faðir Friðriks, var fæddur á Firði í Múlasveit við norðanverðan Breiðafjörð og mun hafa lært eitthvað í garðyrkju (sjá hér Ytri-Hjarðardalur). Þegar prestur skráir fæðingu Friðriks árið 1828 tekur hann fram að faðirinn sé *gartner*⁴²⁹ og í manntalinu frá 1845 er Gísli sagður vera *gartner* og vinnumaður í Ytri-Hjarðardal.⁴³⁰

Móðir Friðriks Verners, Guðbjörg Einarsdóttir, var dóttir séra Einars Thorlacius í Otradal og konu hans Helgu Egilsdóttur en fædd áður en þau gengu í hjónaband og var í fyrstu kennd öðrum.⁴³¹ Séra Einar í Otradal var frá Hlíðarhúsum við Reykjavík og bróðir Ólafs Thorlacius, hins umsvifamikla kaupmanns og skútuútgerðarmanns á Bíldudal.⁴³²

Haustið 1855 var Friðrik Verner kominn norður í Grunnavík og var þá vinnumaður hjá séra Einari Vernharðssyni á Stað.⁴³³ Í Grunnavík komst hann í kynni við prestsekkjuna Guðrúnu Sigurðardóttur, sem hér var áður nefnd, og náði að gera henni barn sem fæddist 28. ágúst 1856.⁴³⁴ Tveimur mánuðum síðar gengu þau í hjónaband og er Friðrik þá sagður vera *búandi* á Stað og Guðrún *bústýra* hans.⁴³⁵ Haustið 1860 voru þau komin að Tungu í Skutulsfirði⁴³⁶ og fluttust þaðan að Kvíanesi vorið 1862 eins og áður var frá greint. Með þeim komu frá Tungu tvær dætur þeirra hjóna, Petrína og Málfríður, og líka sonur Guðrúnar af hennar fyrra hjónabandi, Jóhannes Hannesson, sem orðinn var 15 ára.⁴³⁷ Móðir Friðriks, Guðbjörg Einarsdóttir, fluttist líka til sonar síns hingað að Kvíanesi þetta sama vor og kom hún frá Vöðlum í Önundarfirði.⁴³⁸ Hún átti þá skammt eftir ólifað og dó á Kvíanesi 5. júlí 1862.⁴³⁹ Á sínu fyrsta ári hér í Súgandafirði misstu þau Friðrik og Guðrún kona hans líka yngri dóttur sína, Málfríði, sem þá var eins eða tveggja ára.⁴⁴⁰

⁴²⁵ Prestsþj.b. Otradals. Sbr. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf., innfluttir 1862.

⁴²⁶ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar I, 96.

⁴²⁷ Manntal 1835.

⁴²⁸ Manntal 1845, vesturamt, bls. 289.

⁴²⁹ Prestsþj.b. Otradals.

⁴³⁰ Manntal 1845, vesturamt, bls. 289.

⁴³¹ Ísl. æviskrár I, 387-388. Sbr. Manntal 1816, bls. 679.

⁴³² Sama heimild.

⁴³³ Manntal 1855.

⁴³⁴ Prestsþj.b. Staðar í Grunnavík. Sbr. Ísl. æviskrár II, 303-304.

⁴³⁵ Sama heimild.

⁴³⁶ Manntal 1860.

⁴³⁷ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. Sbr. Vestf. ættir I, 308-309.

⁴³⁸ Sama heimild. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁴³⁹ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁴⁴⁰ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

Friðrik Verner Gíslason átti heima á Kvíanesi í 37 ár, frá 1862 til 1899.⁴⁴¹ Hann bjó einn á allri jörðinni í tuttugu ár, frá 1863 til 1883, en við missi eiginkonunnar árið 1883 hætti hann um sinn að búa og fór í húsmennsku.⁴⁴² Bóndamaður þessi kvæntist aftur síðar (sjá hér bls. 37) og á síðustu sextán æviárunum, 1883-1899, var hann hér ýmist við búskap á parti úr jörðinni eða í húsmennsku.⁴⁴³

Árið 1870 var bú Friðriks eitt hið minnsta í Suðureyrarhreppi ef marka má búnaðarskýrslu frá því ári.⁴⁴⁴ Samkvæmt skýrslunni bjó hann þá með eina kú, eina veturgamla kvígu, átta ær, tólf gemlinga og einn hest.⁴⁴⁵ Báturinn sem hann átti var líka í minnsta lagi, tveggja eða þriggja manna far,⁴⁴⁶ en þá voru reyndar ekki til í Súgandafirði nema þrír stærri bátar.⁴⁴⁷ Á Friðriki virðist hafa verið þó nokkur völlur hin næstu ár því fardagaárið 1873-1874 var hann með 13 manna heimili.⁴⁴⁸ Um það leyti segir prestur hann vera *vel að sér*.⁴⁴⁹

Árið 1880 var bú þessa bónda á Kvíanesi orðið talsvert stærra en verið hafði tíu árum fyrr og bjó hann nú með eina kú, eina veturgamla kvígu, tuttugu ær, tólf gemlinga og tvö tryppi.⁴⁵⁰ Friðrik átti reyndar líka hálfan hest og voru þeir saman um hrossið, hann og Þorbjörn Gissurarson á Suðureyri.⁴⁵¹ Vorið 1880 voru bátarnir á Kvíanesi orðnir tveir. Annar þessara báta var sexæringur eða fjöggra manna far en hinn minni og átti Friðrik þá báða.⁴⁵² Á árunum kringum 1880 átti hann líka verbúð á Suðureyrarmölum (sjá hér Suðureyri) og er líklegt að hann hafi sjálfur verið formaður á vorvertíð. Verbúð bóndans á Kvíanesi var enn með þaki og hurð árið 1887 en löngu seinna var henni breytt í fjós og stóð það enn uppi um miðbik tuttugustu aldar (sjá hér Suðureyri). Líklega veit nú enginn hvenær Friðrik bóndi fór síðast á sjó en bát átti hann enn árið 1889 og fóru fjórir menn á honum *norður* í aprílmánuði á því ári.⁴⁵³ Eigandi bátsins var þó ekki með í þeirri för.⁴⁵⁴ Á búskaparárum sínum kynni Friðrik Verner að hafa haft einhverjar tekjur af smíðum því hann var að sögn kunnugra góður smíður á tré og járn.⁴⁵⁵

Með fyrri eiginkonu sinni, Guðrúnu Sigurðardóttur, eignaðist Friðrik a.m.k. fjögur börn en tvö þeirra dóu á barnsaldri.⁴⁵⁶ Upp komust Petrína, er

⁴⁴¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁴² Sama heimild.

⁴⁴³ Sama heimild.

⁴⁴⁴ VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

⁴⁴⁵ Sama heimild.

⁴⁴⁶ Sama heimild.

⁴⁴⁷ Sama heimild.

⁴⁴⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁴⁹ Sama heimild.

⁴⁵⁰ VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

⁴⁵¹ Sama heimild.

⁴⁵² Sama heimild.

⁴⁵³ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar á Suðureyri 19.4.1889.

⁴⁵⁴ Sama heimild.

⁴⁵⁵ Lbs. 4409^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 97.

⁴⁵⁶ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

fluttist 26 ára gömul frá Kvíanesi að Holti í Önundarfirði árið 1883, og Guðbjartur, sem fórst með þilskipinu Skarphéðni vorið 1887, þá 24 ára gamall og búsettur hjá föður sínum á Kvíanesi⁴⁵⁷ (sbr. hér Flateyri).

Guðrún Sigurðardóttir, húsfreyja á Kvíanesi, andaðist 31. júlí 1883 og var þá 61 árs að aldri.⁴⁵⁸ Friðrik, eiginmaður hennar, sem var sex árum yngri, sat áfram á Kvíanesi en fór í húsmennsku. Við jörðinni tóku sumarið 1883 Sveinbjörn Pálsson, sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá Laugar), og Jóhannes Hannesson, stjúpsonur Friðriks, er þá var 36 ára gamall og orðinn hreppstjóri.⁴⁵⁹ Búskaparar Sveinbjörns og Jóhannesar hér á Kvíanesi urðu bara þrjú og færðu þeir sig báðir inn í Botn vorið 1886.⁴⁶⁰ Þar bjó Jóhannes lengi og verður sagt hér frá honum síðar (sjá hér Botn).

Friðrik Verner hóf að nýju búskap á Kvíanesi vorið 1885 og þá í þrívíli því Sveinbjörn Pálsson og Jóhannes Hannesson bjuggu hér líka fardagaárið 1885-1886.⁴⁶¹ Er Friðrik fór aftur að búa var hann orðinn 57 ára gamall en búinn að fá sér unga ráðskonu sem fæddi honum son þann 29. september 1885.⁴⁶² Hún hét Guðrún Einarsdóttir og var frá Selakirkjubóli í Önundarfirði.⁴⁶³ Þegar drengurinn fæddist var Guðrún 26 ára⁴⁶⁴ svo aldursmunurinn á henni og barnsföðurnum var 31 ár.

Guðrún ílentist á Kvíanesi og í aprílmánuði árið 1888 voru þau Friðrik gefin saman í hjónaband.⁴⁶⁵ Með seinni konunni eignaðist Friðrik fjögur börn, þrjá syni og eina dóttur, sem fæddust á árunum 1885-1896.⁴⁶⁶ Á þessum árum átti Friðrik jafnan heima á Kvíanesi og bjó þá allengi á litlum skika sem að fornu mati var aðeins eitt hundrað.⁴⁶⁷ Á þessum árum telur sóknarpresturinn hann oftast vera bónda en kallar hann þó stöku sinnum húsmann án þess að breyting yrði á ábúðinni.⁴⁶⁸ Fardagaárið 1885-1886 og á árunum 1887-1896 taldist nær alltaf vera þrívíli hér á Kvíanesi væri Friðrik talinn til bænda og tvívíli frá 1896-1899.⁴⁶⁹ Á árunum 1887-1894 bjuggu hér auk Friðriks bændurnir Bjarni Ólafsson og Guðni Egilsson en Bjarni bjó hér frá 1886-1894 og Guðni frá 1887-1896.⁴⁷⁰ Á sínum síðustu æviárum bjó Friðrik svo í tvívíli á móti Jóhannesi Guðmundssyni er hóf sinn langa búskap á Kvíanesi vorið 1895 (sjá hér bls. 51-54).⁴⁷¹

⁴⁵⁷ Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf og sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

⁴⁵⁸ Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf.

⁴⁵⁹ Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

⁴⁶⁰ Sama heimild.

⁴⁶¹ Sama heimild.

⁴⁶² Prestsþj.b. Staðar í Ségandaf.

⁴⁶³ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁴⁶⁴ Sama heimild.

⁴⁶⁵ Sama heimild.

⁴⁶⁶ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

⁴⁶⁷ Skj. Suðureyrarhr., varðv. þar: *Bók fyrir Suðureyrarhrepp* 1888-1902, tíundarskýrslur 1888 og 1891.

Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

⁴⁶⁸ Sömu heimildir.

⁴⁶⁹ Sömu heimildir.

⁴⁷⁰ Sömu heimildir.

⁴⁷¹ Sóknarm.töl Staðar í Ségandaf.

Að fornu mati var Kvíanes átta hundraða jörð eins og hér hefur áður verið nefnt og fardagaárið 1888-1889 bjó Guðni á fjórum hundruðum, Bjarni á þremur og Friðrik Vernar á einu.⁴⁷² Sjö árum síðar var þessi skipting nánast óbreytt en þá var Jóhannes kominn í stað Bjarna og við jarðnæði Friðriks hafði bæst tæplega hálf hundrað og skerðing sem því svaraði orðið hjá Guðna.⁴⁷³

Ljóst er að á þessu skeiði hafa Friðrik og hin unga kona hans verið nánast búlaus þó að hann væri nær alltaf talinn vera einn bændanna í hreppnum. Haustið 1888 var Friðrik kýrlaus og allur bústofninn 2 ær og 4 gemlingar.⁴⁷⁴ Ekki var það lífvænlegt. Haustið 1891 hafði sauðfénu fjölgað lítið eitt því þá var hann með 5 ær og 8 gemlinga.⁴⁷⁵ Svipaður þessu var bústofn Friðriks haustið 1895, 6 ær og 6 gemlingar.⁴⁷⁶ Synir Friðriks og seinni konu hans voru hins vegar orðnir þrír haustið 1895, sá elsti 10 ára, og haustið 1896 bættist fjórða barnið við.⁴⁷⁷ Þá fór hreppsnefndin að ókyrrast sem ekki var nema von.

Einar Jónsson, dagbókkarritari á Suðureyri, greinir frá því að á fundi sem haldinn var 6. maí 1898 hafi verið rætt um þennan gamla bónda á Kvíanesi, *hvort ætti að taka hann upp*,⁴⁷⁸ það er hvort hreppsnefndin ætti að leysa þetta bjargarlitla heimili upp og ráðstafa fólkinu með valdboði. Niðurstaðan varð sú að láta Friðrik lafa áfram við bú⁴⁷⁹ en á þessu ári var tveimur af börnunum, Ólafi, sem var elstur, og Málfríði Guðbjörgu, sem var yngst, komið fyrir í Öndarfirði,⁴⁸⁰ líklega á vegum móður þeirra sem átti þar marga ættingja.

Árið 1898 var 17. júní ekki enn orðinn þjóðhátíðardagur Íslendinga en þann dag á því ári varð Friðrik Verner sjötugur. Eins og málum hans var komið má telja ólíklegt að efnt hafi verið til veislu af því tilefni. Hinn gamli bóndi átti þá skammt eftir ólifað því hann andaðist hér á Kvíanesi 3. apríl 1899, á 71. aldursári.⁴⁸¹ Enginn prestur var þá í Súgandafirði og var Friðrik ekki jarðsettur fyrr en 6. maí.⁴⁸² Þá voru þeir báðir jarðaðir sama daginn, hann og Friðbert Guðmundsson í **Hraunakoti** í Vatnadal (sjá hér Fremri-Vatnadalur, Hraunakot þar), en þeir áttu fleira sameiginlegt því báðir festu ráð sitt í annað sinn um sextugsaldur og gengu þá að eiga liðlega tvítugar stúlkur (sbr. hér Fremri-Vatnadalur, Hraunakot þar). Líklega hafa þeir verið vinir því Friðrik var svaramaður Friðberts er sá síðarnefndi gekk í hjónaband haustið 1883.⁴⁸³ Útför þeirra 6. maí 1899 var

⁴⁷² Skj. Suðureyrrarhr., varðv. þar: *Bók fyrir Suðureyrrarhrepp*, 1888-1902, tíundarskýrsla frá haustinu 1888.

⁴⁷³ Sama hreppsþók, tíundarskýrsla frá haustinu 1895.

⁴⁷⁴ Sama hreppsþók, tíundarskýrsla frá haustinu 1888.

⁴⁷⁵ Sama hreppsþók, tíundarskýrsla frá haustinu 1891.

⁴⁷⁶ Sama hreppsþók, tíundarskýrslur 1888, 1891 og 1895.

⁴⁷⁷ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁷⁸ Lbs. 3860^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 6.5.1898.

⁴⁷⁹ Sama heimild.

⁴⁸⁰ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁴⁸¹ Sömu heimildir.

⁴⁸² Sömu heimildir.

⁴⁸³ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

dálítið söguleg því þeir voru síðustu fullorðnu heimamennirnir sem fengu leg í gamla kirkjugarðinum á Stað (sjá hér Staður).

Guðrún Einarsdóttir, ekkja Friðriks Verners, var áfram á Kvíanesi í tvö ár að manni sínum látnum og hafði hjá sér Guðmund son þeirra sem var sex ára þegar faðir hans andaðist.⁴⁸⁴ Árið 1901 fór hún að Gilsbrekku til systur sinnar, Guðbjargar Einarsdóttur, sem þar bjó með Sigurði Jóhannssyni⁴⁸⁵ (sbr. hér Eyri og Gilsbrekka), er menn nefndu Sigurð skurð. Frá Gilsbrekku fór Guðrún að Tungu í Skutulsfirði vorið 1902⁴⁸⁶ en sex árum síðar fluttist hún úr Ísafjarðarkaupstað á Suðureyrarmalir.⁴⁸⁷ Með henni komu þá í Súgandafjörð tveir elstu synir þeirra Friðriks, Ólafur, 23ja ára, og Sigurður, 19 ára.⁴⁸⁸ Næstu ár héldu þau saman heimili í þorpinu á Suðureyri⁴⁸⁹ (sbr. hér Suðureyri) og munu bræðurnir hafa stundað sjóróðra.

Haustið 1911 var Ólafur Friðriksson frá Kvíanesi orðinn formaður á mótorbátnum Hlín og var Sigurður bróðir hans í skiprúmi hjá honum.⁴⁹⁰ Þann 11. september á því ári fórst þessi bátur og með honum fimm menn.⁴⁹¹ Guðrún Einarsdóttir missti þar þessa tvo syni sína.⁴⁹² Báðir voru þeir ókvæntir en Ólafur lét eftir sig son sem fæddist reyndar ekki fyrr en tæpur mánuður var liðinn frá því faðirinn týndi lífi.⁴⁹³

Þriðji sonur Guðrúnar Einarsdóttur og Friðriks Verners var Guðmundur, sem fæddist hér á Kvíanesi á aðfangadag jóla árið 1892.⁴⁹⁴ Hann fór 8 ára gamall í Önundarfjörð⁴⁹⁵ og mun hafa alist þar upp að miklu leyti. Á árunum kringum 1920 var hann allengi hjá móður sinni á Suðureyri⁴⁹⁶ en varð síðar bóndi á Efstabóli í Önundarfirði.⁴⁹⁷ Hjá þessum syni á Efstabóli andaðist Guðrún Einarsdóttir, fyrrum húsfreyja á Kvíanesi, á aðfangadag jóla árið 1935⁴⁹⁸ og var þá orðin 76 ára.

Frá vinnufólki Friðriks Verners Gíslasonar hér á Kvíanesi verður fátt sagt á þessum blöðum. Þó skal minnt á að með honum kom frá Tungu í Skutulsfirði vorið 1862 Guðríður Eiríksdóttir, þá 32ja ára gömul vinnukona sem hafði fengið að reyna sitt af hverju. Frá henni er sagt hér á öðrum stað (sjá Bær) og þar gerð grein fyrir hversu erfitt henni reyndist að feðra sitt fjórða barn, soninn Kristján, sem fæddist hér 20. mars 1863 (sjá hér Bær). Hann ólst að mestu upp í Skutulsfirði og átti heima í Ísafjarðarkaupstað er hann andaðist, liðlega tvítugur að aldri, 14. júlí

⁴⁸⁴ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁸⁵ Sömu heimildir. Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar I, 107 og 179.

⁴⁸⁶ Lbs. 2220^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 8.4.1902.

⁴⁸⁷ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁸⁸ Sömu heimildir.

⁴⁸⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁹⁰ Gunnar M. Magnuss 1977, 294-295.

⁴⁹¹ Sama heimild.

⁴⁹² Sama heimild.

⁴⁹³ Sama heimild.

⁴⁹⁴ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴⁹⁵ Sömu heimildir.

⁴⁹⁶ Sömu heimildir.

⁴⁹⁷ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁴⁹⁸ Sama heimild.

1884.⁴⁹⁹ Guðríður var í þessari lotu vinnukona hjá Friðriki Verner á Kvíanesi í þrjú ár, frá 1862 til 1865, og var þá með einn sona sinna, Guðna Egilsson, er seinna bjó hér á hálfri jörðinni í níu ár.⁵⁰⁰ Vorið 1871 kom Guðríður aftur að Kvíanesi með *karl sinn*, Guðbrand Jónsson, og voru þau hér í húsmennsku næsta fardagaár en frá 1872 til 1880 var hún ýmist vinnukona hjá Friðriki eða húskona hér á Kvíanesi.⁵⁰¹ Á árunum 1863 til 1883 var annars lítið um húsfólk á þessum bæ en Jóhannes Hannesson og kona hans, Guðrún Ólafsdóttir, sem fóru að búa á parti úr jörðinni vorið 1883, voru þó hér í húsmennsku næsta fardagaár á undan.⁵⁰²

Hér var áður frá því greint að á árunum 1885-1895 var oft þrífli á Kvíanesi (sjá hér bls. 37-38). Auk Friðriks Verners bjuggu hér lengst á því skeiði þeir Guðni Egilsson og Bjarni Ólafsson. Um Guðna og konu hans, Guðrúnu Sigurðardóttur, hefur verið fjallað á öðrum stað í þessu riti (sjá hér Bær og Fremri-Vatnadalur, Hraunakot þar) en þau voru hér við búskap frá 1887 til 1896.⁵⁰³ Bæði höfðu þau verið allengi á Kvíanesi á sínum uppvaxtarárum, Guðni í 3 ár á barnsaldri og kom aftur vorið 1876, þá 18 ára hjú, og var síðan vinnumaður hér hjá Friðriki Vernar í fimm ár, frá 1876-1881.⁵⁰⁴ Í manntalinu frá 1. október 1880 er hann þó talinn eiga heima hjá móður sinni í Klúku.⁵⁰⁵ Guðrún Sigurðardóttir, er síðar varð eiginkona Guðna Egilssonar, var hér með móður sinni, vinnukonunni Guðnýju Jónsdóttur, frá 1869 til 1871, en Guðrún var að verða sex ára gömul er hún kom að Kvíanesi vorið 1869.⁵⁰⁶ Um tvítugsaldur var hún svo vinnukona hér í tvö ár, frá 1882-1884.⁵⁰⁷

Árin sem Guðni Egilsson bjó á Kvíanesi mun hann yfirleitt hafa haft hálfá jörðina eða því sem næst til ábúðar og var það meira jarðnæði en sambýlismenn hans, þeir Bjarni Ólafsson og Friðrik Verner Gíslason, höfðu þá til umráða (sjá hér bls. 37-38). Guðni keypti einn fjórða part úr jörðinni, tvö hundruð að fornu mati, árið 1891 eins og hér hefur áður verið greint frá (sjá bls. 14). Þann jarðarpart átti hann til dauðadags og síðan ekkja hans, Guðrún Sigurðardóttir, allt til ársins 1906 (sjá hér bls. 14). Er hún veðsetti þessa jarðeign sína árið 1899 fylgdi henni hús sem var 6 x 6 álnir að flatarmáli eða um það bil 14 fermetrar *með porti og hálfögflum úr timbri, alþiljað innan*.⁵⁰⁸ Í skuldabréfinu frá 1899 er tekið fram að *hús þetta standi ekki á þeim parti úr túninu sem Guðrún átti heldur á sérstakri lóð sem sé 12 álnir, um 7,5 metrar, á hvorn veg*.⁵⁰⁹

⁴⁹⁹ Eyjólfur Jónsson 1980, 131-138 (Ársrit S.Í.).

⁵⁰⁰ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁵⁰¹ Sömu heimildir.

⁵⁰² Sömu heimildir.

⁵⁰³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁰⁴ Sama heimild.

⁵⁰⁵ Manntal 1880.

⁵⁰⁶ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. og Holts í Önundarf.

⁵⁰⁷ Sömu heimildir.

⁵⁰⁸ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XVI. 9. Veðmálabók 1898-1907, bls. 180-181.

⁵⁰⁹ Sama heimild.

Valdimar Þorvaldsson frá **Selárdal**, sem orðinn var 22ja ára árið 1890, segir að á því ári hafi Guðni Egilsson byggt timburhús á gamla bæjarhlaðinu á Kvíanesi og það verið 6 x 6 álnir *með lofti og porti, geymsla uppi en hjallur og geymsla niðri*.⁵¹⁰ Stærðin á þessu húsi passar reyndar alveg við húsið sem ekkja Guðna veðsetti árið 1899 en samt er hæpið að þar hafi verið um sama hús að ræða. Húsið sem Guðrún veðsetti hefur varla mátt kallast timburhús þó það væri með *hálfköflum úr timbri* eins og komist er að orði í skuldabréfinu. Þvert á móti bendir slíkt orðalag til þess að hliðarveggirnir hafi verið úr torfi. Húsið sem Guðrún veðsetti var líka *alþiljað innan* sem passar varla við timburhús þar sem neðri hæðin er að hluta til notuð sem hjallur.

Valdimar greinir reyndar líka frá því að árið 1892 hafi nokkur hluti baðstofu efri bæjarins á Kvíanesi verið byggður upp, *frálaus í annarri stærð en með sama inngangi*.⁵¹¹ Þessi bygging var líka 6 x 6 álnir⁵¹² *með litlu herbergi undir loftinu sem haft var fyrir búr*.⁵¹³ Í þessari baðstofu var hæðin frá gólfi og upp í mæni um það bil 4,5 metrar, að sögn Valdimars.⁵¹⁴ Hann nefnir ekki hver af bændunum þremur byggði hina *frálausu* baðstofu árið 1892 en líklegast er að það hafi verið Guðni því Bjarni Ólafsson mun hafa búið í neðri bænum (sjá hér bls. 45) og Friðrik Verner var bæði orðinn gamall og á nástrái að heita mátti (sjá hér bls. 37-38).

Ætla verður að það hafi verið þetta hús sem Guðrún Sigurðardóttir veðsetti árið 1899 því fyrst það var *frálaust* við gamla bæinn eins og Valdimar tekur fram gæti lóð þess vel hafa verið afmörkuð með þeim hætti sem áður var nefnt og það þótt inngangur í báðar baðstofurnar, þá gömlu og hina nýju, væri sameiginlegur.

Í frásögn Þórðar Sigurðssonar, bónda í Neðri-Breiðadal í Önundarfirði, af veru sinni í Súgandafirði vorið 1887 sést að hjónin Guðni og Guðrún bjuggu þá í *efri bænum* á Kvíanesi.⁵¹⁵ Þórður var á Suðureyrarmölum við sjóróðra þetta vor og greinir frá ferð sinni norður á Ísafjörð til að sækja beitusíld. Hann kom gangandi til baka yfir **Botnsheiði** og bar síldina í kassa á bakinu eins og þá tíðkaðist.⁵¹⁶ Með honum var Rósinkranz Rósinkranzson frá Tröð í Önundarfirði. Þórður fór svangur af stað frá Ísafirði og segir frá komu þeirra að Kvíanesi með þessum orðum:

Svo var haldið áfram þar til við komum að Kvíanesi. Þá bjuggu í efri bænum Guðni Egilsson og Guðrún Sigurðardóttir, foreldrar Veturliða í Vatnadal og þeirra systkina. Við Rósi fórum inn þangað og fengum þar

⁵¹⁰ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19-21.

⁵¹¹ Sama heimild.

⁵¹² Sama heimild.

⁵¹³ Sama heimild.

⁵¹⁴ Sama heimild.

⁵¹⁵ Þórður Sigurðsson 1986, 27-28 (Ársrit Sögufél Ísf.).

⁵¹⁶ Sama heimild.

*mjólkurgraut og mjólk út á og man ég ekki að ég hafi nokkurn tíma orðið jafn feginn að fá mat.*⁵¹⁷

Þegar Guðni Egilsson hóf búskap á Kvíanesi, 28 ára gamall, vorið 1886 var hann félítill og tveimur árum síðar var bústofn hans aðeins sjö ær, fjórir gemlingar og einn hestur.⁵¹⁸ Vorið 1891 var hann hins vegar kominn með leigufæra kú og einnig kvígu.⁵¹⁹ Þá voru fullorðnar sauðkindur á búi hans orðnar 14 og svo átti hann 13 gemlinga og hest.⁵²⁰ Ljóst er að á fyrstu fimm árunum sem Guðni bjó á Kvíanesi hefur hann náð að koma undir sig fótunum og var árið 1891 orðinn sæmilega bjargálma. Af 22 bændum, sem þá bjuggu í Suðureyrarhreppi, voru 8 ríkari að lausafé en hann en 13 fátækari.⁵²¹

Á búskaparárum sínum á Kvíanesi var Guðni stundum við sjóróðra í Bolungavík (sjá hér Bær) en mun annars hafa róíð frá Suðureyri. Vera má að hann hafi stundum verið í skiprúmi norður í Bolungavík á vetrarvertíðinni en róíð frá Suðureyri á vorin. Með því móti gat hann helst náð að styrkja efnahaginn því lítið var um sjóróðra innsveitarmanna frá Suðureyri að vetrinum á þessum árum (sjá hér Suðureyri).

Á Suðureyri hófst vorvertíðin um páska og á árunum 1894 og 1895 mun Guðni oft hafa verið formaður á sexæring Jóhannesar Hannessonar, bónda og hreppstjóra í Botni, en sá bátur bar nafn eigandans og hét *Jóhannes*.⁵²² Að svo hafi verið sést í dagbók Einars Jónssonar á Suðureyri en hann skrifar meðal annars þetta

6.4.1894: *Jóhannes Hannesson færði sig í verið eða Guðni á Kvíanesi, hvor sem talinn er fyrir.*

26.4.1894: *Við Jón minn [Einarsson] fórum á sjó með Guðna og Jóhannesi.*

11.3.1895: *Guðni á Kvíanesi og þeir innsveitungar komu og fóru á sjó.*⁵²³

Tveimur dögum síðar, 13. mars 1895, segir Einar svo að Jóhannes Hannesson hafi farið á sjó með *Guðna* sem sjöundi maður.⁵²⁴

Fróðlegt er að skoða úttekt *Guðna* bónda á Kvíanesi hjá Ásgeirsverslun árið 1894 en hún nam á því ári liðlega 200,- krónum.⁵²⁵

Skrá yfir úttekt *Guðna* á matvælum og munaðarvöru þetta ár lítur svona út:

⁵¹⁷ Þórður Sigurðsson 1986, 27-28.

⁵¹⁸ Skj. Suðureyrarhr., varðv. þar: *Bók fyrir Suðeyrarhrepp*, 1888-1902, títundarskýrsla dags. 23.6.1888.

⁵¹⁹ Sama hreppsþók, títundarskýrsla dags. 23.6.1891.

⁵²⁰ Sama heimild.

⁵²¹ Sama hreppsþók. Niðurjöfnunarskrá, dags. 18.11.1891.

⁵²² Lbs. 3859^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar, apríl – júní 1894 og mars – júní 1895.

⁵²³ Sama dagbók.

⁵²⁴ Sama dagbók 13.3.1895.

⁵²⁵ Hsk. á Ísaf. nr. 0124. Höfuðbók frá útibúi Ásgeirsverslunar á Flateyri, bls. 100-101.

Bankabygg	500 pund	kr. 57,50
Rúgmjöl	350 pund	kr. 32,00
Hrísgrjón	205 pund	kr. 22,55
Kandís	54 pund	kr. 19,44
Rjól (neftóbak)	9 pund	kr. 13,50
Kaffi	11 pund	kr. 13,20
Rúgur	150 pund	kr. 11,75
Steinolía	47 pund	kr. 7,52
Kaffirót	8 pund	kr. 4,00
Rulla (munntóbak)	125 grömm	kr. 0,50
Skonrok	2½ pund	kr. 0,50
<u>Kex</u>	<u>2 pund</u>	<u>kr. 0,40</u>
<u>Samtals</u>	<u>kr. 182,86</u> ⁵²⁶	

Auk þessa tók Guðni út lítilræði af timbri, nöglum og álnavöru⁵²⁷ en athygli vekur að hann sleppir brennivíninu.⁵²⁸ Eina flösku af því hafði hann þó fengið sér tveimur árum fyrir og kostaði hún 75 aura.⁵²⁹

Á móti úttekt Guðna árið 1894 kom, eins og vænta mátti, einkum fiskur og kjöt. Á þessu ári lagði hann inn hjá versluninni 374 pund af kjöti og fékk fyrir það 74,80 kr. eða 20 aura fyrir hvert pund.⁵³⁰ Af fiski lagði hann inn einn og hálfan hásetahlut og fékk fyrir hann 55,22 kr. og svo 11,00 kr. fyrir 44 pund riklingi.⁵³¹ Sú staðreynd að Guðni leggur inn í reikning sinn einn og hálfan hásetahlut af fiski bendir til þess að hann hafi verið formaður vorið 1894 sem kemur heim við það sem hér var áður sagt (sbr. Suðureyrarhreppur, inngangskafli). Hvort fiskinnleggið var mælt í pundum er svolítið óljóst en vísbendingu gefur að árið 1893 greiddi Ásgeirsverslun 7 aura fyrir pund af saltfiski⁵³² og 1894 4 aura fyrir pund af fiski sem líklega hefur verið blautfiskur.⁵³³ Árið 1894 lagði Guðni bóndi á Kvíanesi líka inn lítilræði af ull og er þá allt talið sem verslunin fékk frá honum.⁵³⁴ Í byrjun ársins skuldaði hann versluninni 26,37 kr. en við lok þess 79,10 kr.⁵³⁵ Skuldin hafði því hækkað um 52,73 kr. en almennt kýrverð í Ísafjarðarsýslu var árið 1894 um það bil 110,- krónur.⁵³⁶

Pistli þessum um búskap Guðna Egilssonar hér á Kvíanesi ljúkum við með með frásögn af því er hann mætti skrímsli sem talið var að ætti sér

⁵²⁶ Hsk. á Ísaf. nr. 0124. Höfuðbók frá útibúi Ásgeirsverslunar á Flateyri, bls. 100-101.

⁵²⁷ Sama heimild.

⁵²⁸ Sama heimild.

⁵²⁹ Sama heimild.

⁵³⁰ Sama heimild.

⁵³¹ Sama heimild.

⁵³² Sama heimild.

⁵³³ Sama heimild.

⁵³⁴ Sama heimild.

⁵³⁵ Sama heimild.

⁵³⁶ Stjórnartíðindi 1895 B, bls. 29-30.

bústað í Nautaskál (sjá hér bls. 7). Óvættinni mætti hann fremst á Kvíanesdal er hann var einu sinni sem oftar að koma úr Önundarfirði yfir Grímsdalsheiði⁵³⁷ og segir Kristján G. Þorvaldsson frá á þessa leið:

Kringum 1890 bjó sá maður á Kvíanesi sem Guðni hét Egilsson. Hann var eitt sinn að koma vestan úr Önundarfirði og þegar hann beygði af heiðinni niður í Mjósund sá hann stórt dýr koma frá Nautaskál og stefna í veg fyrir sig. Virtist honum það á lengd við tvo hesta.

Hann hraðaði sér sem mest hann mátti til að reyna að komast fram hjá því. Þegar hann sá að ekki varð undankomu auðið nam hann staðar og hugði að búast til varnar. Poka hafði hann bundinn á bak sér og var í honum lítill kútur með brennivíni. Dró hann pokann svo að hann gat skorið fyrir divika kútsins og náð sér í hressingu undir bardagann en gaf þó dýrinu jafnframt auga. Sá hann að það nam staðar um leið og hann en sneri svo til baka sömu leið og það kom. Talið var að þetta hefði verið skrímslið úr Nautaskál.

Guðni var maður afrendur að afli og fullhugi hinn mesti, þéttur á velli og þéttur í lund. Hann flutti frá Kvíanesi að Bæ og drukknaði með Sturlu Jónssyni á Stað 28. febrúar 1898.⁵³⁸

Þriðji bóndinn á Kvíanesi á árunum kringum 1890 hét Bjarni Ólafsson og var hann sambýlismaður Friðriks Verners Gíslasonar og Guðna Egilssonar. Bjarni fæddist á Hvilft í Önundarfirði 26. ágúst 1850 og var lausaleiks barn Ólafs Árnasonar og Kristínar Sveinsdóttur sem þá voru vinnuhjú á Hvilft.⁵³⁹ Foreldrar Bjarna gengu í hjónaband haustið 1853 og bjuggu um skeið á Görðum í Önundarfirði (sjá hér Garðar). Þar var Bjarni hjá móður sinni, búandi ekkju, árið 1870 en faðir hans hafði andast haustið 1858.⁵⁴⁰

Haustið 1880 var Bjarni þrítugur vinnumaður hjá Friðriki Verner hér á Kvíanesi⁵⁴¹ en Jóhannes Hannesson, stjúpsonur Friðriks, var þá nýlega kvæntur systur Bjarna, Guðrúnu Ólafsdóttur⁵⁴² (sbr. hér Botn). Þann 30. október 1881 gekk Bjarni að eiga unnustu sína, Helgu Jónínu Jónsdóttur, sem var þremur árum yngri en hann,⁵⁴³ og á jóladag það sama ár fæddist hér fyrsta barnið sem þau eignuðust.⁵⁴⁴ Helga var dóttir hjónanna Jóns Sveinssonar og Járngerðar Indriðadóttur sem bjuggu lengi í Fremri-Breiðadal og síðan á Hvilft í Önundarfirði frá 1861⁵⁴⁵ (sbr. hér Fremri-

⁵³⁷ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 33.

⁵³⁸ Sama heimild.

⁵³⁹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁵⁴⁰ Sama heimild.

⁵⁴¹ Sama heimild.

⁵⁴² Sama heimild.

⁵⁴³ Sama heimild.

⁵⁴⁴ Eyjólfur Jónsson 1967, 120-121 (Niðjatal Sveins á Hesti).

⁵⁴⁵ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

Breiðadalur og Hvilft). Hún mun hafa alist upp hjá foreldrum sínum í Fremri-Breiðadal og á Hvilft.⁵⁴⁶

Um það leyti sem Bjarni gekk í hjónaband virðist hann hafa haft svólítil auraráð því að 16. júní 1881 keypti hann sér föt sem kostuðu tíu krónur⁵⁴⁷ eða sem svaraði kaupum fyrir fjögur *dagsverk um heyannir*.⁵⁴⁸ Á fyrri hluta ársins 1881 leyfði hann sér líka ýmsan annan munað og keypti þá m.a. fimm flöskur af brennivíni og eina rommflösku.⁵⁴⁹ Á sama misseri fékk hann sér líka fína peysu, sem kostaði tíu krónur, pund af súkkulaði, spegil, reykjarpípu og þó nokkuð af reykstóbaki.⁵⁵⁰

Fardagaárið 1880-1881 voru þau Bjarni og Helga bæði vinnuhjú hér á Kvíanesi og einnig næst ár en vorið 1882 færðu þau sig í Önundarfjörð og urðu vinnuhjú á Görðum.⁵⁵¹

Seinna voru þau eitt ár í húsmennsku á Eyri í Önundarfirði⁵⁵² og þaðan komu þau aftur hingað að Kvíanesi vorið 1886 og hófu búskap.⁵⁵³ Mágur Bjarna, Jóhannes Hannesson, fluttist sama vor frá Kvíanesi að Botni⁵⁵⁴ og mun Bjarni hafa fengið til ábúðar jarðarpartinn sem Jóhannes hafði áður. Nær fullvíst má einnig telja að þau Bjarni og Helga hafi flust inn í bæinn sem Jóhannes fór úr en það var neðri bærinn⁵⁵⁵ því Guðni Egilsson var sannanlega í efri bænum (sjá hér bls. 41-42) og Friðrik gamli Verner hefur varla farið að flytja sig hingað niður eftir. Þennan bæ hafði Jóhannes reist um 1880 og stóð hann yst og neðst í túninu, þar sem Lénharðarstaðir voru áður (sjá hér bls. 17) og nú (1996) er gamall sumarbústaður.⁵⁵⁶

Bænum sem Jóhannes byggði upp á árunum kringum 1880 lýsir Valdimar Þorvaldsson svo:

*Hann sneri upp og ofan, dyrnar út við neðri gaflinn.
Göngin voru aðeins í gegnum vegginn. Stærðin var 9 x 14 fet
[um 12,4 fermetrar] með lofti. Alþiljað með skarsúð uppi.
Undir loftinu var lítið herbergi, þiljað, til hægri þá inn var
komið.⁵⁵⁷*

Að sögn Valdimars voru önnur hús að bæjarbaki og fjárhús á dreif um túnið. Þetta var neðri bærinn á Kvíanesi og mun lengi hafa staðið auður er Jóhannes hófst handa við að byggja hann upp því Friðrik Verner bjó einn á

⁵⁴⁶ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁵⁴⁷ Hsk. á Ísaf. nr. 089. Höfuðbók númer 5 frá verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri.

⁵⁴⁸ Stjórnartíðindi 1882 B, bls. 32-33.

⁵⁴⁹ Hsk. á Ísaf. nr. 089. Höfuðbók númer 5 frá verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri.

⁵⁵⁰ Sama heimild.

⁵⁵¹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar.

⁵⁵² Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

⁵⁵³ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁵⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁵⁵ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19-21.

⁵⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁵⁷ Sama heimild.

allri jörðinni frá 1863-1883 og á því skeiði var hér sjaldan húsfólk uns nýnefndur Jóhannes fór að bolloka í húsmennsku með konu sinni árið 1882.⁵⁵⁸ Líklegt er hins vegar að Pétur Borgarsson, sem var húsmáður á Kvíanesi í um það bil tíu ár um miðbik 19. aldar (sjá hér bls. 27 og 29-30), hafi hafst við í neðri bænum ásamt konu sinni og börnum.

Pegar hjónin Bjarni Ólafsson og Helga Jónsdóttir hófu búskap á Kvíanesi vorið 1886 náði Bjarni að komast í bændatölu en áður voru þau jafnan vinnuhjú eða í húsmennsku.⁵⁵⁹ Með Bjarna og konu hans fluttust hingað að Kvíanesi þrír synir þeirra, sá elsti fjöggra ára, en á þrettán árum, árunum 1881-1894, náði Helga að ala manni sínum ellefu börn.⁵⁶⁰ Þrjú þeirra fæddust andvana en átta náðu að líta dagsins ljós.⁵⁶¹

Fardagaárið 1888-1889 hafði Bjarni rösklega þriðjung úr jörðinni til ábúðar, það er þrjú hundruð að fornu mati.⁵⁶² Þremur árum síðar var jarðnæði hans hið sama⁵⁶³ og má telja líklegt að hann hafi búið á þessum þremur hundruðum öll búskaparár sín á Kvíanesi.

Ef marka má tíunarskýrslu frá árinu 1888 bjó Bjarni þá með eina kú, sem ekki var leigufær, þrjár ær og tvo gemlinga.⁵⁶⁴ Þetta var allt hans búfé og tvær af ánum voru reyndar leiguær sem fylgdu jarðarpartinum er hann hafði til ábúðar.⁵⁶⁵ Vorið 1891 var kúr þessa fátæka bónda enn óleigufær en kindunum hafði fjölgað úr fimm í tólf því nú voru ærnar sex og gemlingarnir líka.⁵⁶⁶ Engan bát átti Bjarni, hvorki 1888 né 1891,⁵⁶⁷ en líklegt má telja að hann hafi verið í skipprúmi hjá mági sínum, Jóhannesi Hannessyni, hreppstjóra í Botni.

Í byrjun þorra árið 1894 var bóndi þessi á Kvíanesi búinn að missa heilsuna og var þá *einlægt við rúm* vegna brjóstveiki.⁵⁶⁸ Þau Bjarni og Helga, kona hans, voru þá á sínu áttunda búskaparári hér á Kvíanesi en voru enn sveitföst í Mosvallahreppi. Á útmánuðum þessa vetrar munu líkurnar á því að Bjarni kæmist aftur til heilsu hafa farið minnkandi og um miðjan mars sendi hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hreppsnefndinni í Mosvallahreppi bréf sem hljóðar svo:

Hér með kunngjörist yður að bóndinn Bjarni Ólafsson á Kvíanesi hér í hreppi hefur verið veikur í vetur og hefur honum verið rétt hjálparhönd af mörgum, þó án endurgjalds. Efnahagur hans var mjög bágur og er það enn og lítill bati á veikleika hans. Sem yður er kunnugt á hann sveit í

⁵⁵⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁵⁵⁹ Sama heimild og sóknarm.töl Holts í Öndararf.

⁵⁶⁰ Eyjólfur Jónsson 1967, 120-132 (Niðjatal Sveins á Hesti).

⁵⁶¹ Sama heimild.

⁵⁶² Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar. *Bók fyrir Suðureyrarhr.*, 1888-1902, tíundarskýrsla frá árinu 1888.

⁵⁶³ Sama hreppsbók, tíundarskýrsla frá árinu 1891.

⁵⁶⁴ Sama hreppsbók, tíundarskýrsla frá árinu 1888.

⁵⁶⁵ Sama heimild.

⁵⁶⁶ Sama hreppsbók, tíundarskýrsla frá árinu 1891.

⁵⁶⁷ Sama hreppsbók, tíundarskýrslur 1888 og 1891.

⁵⁶⁸ Lbs. 3859^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 23.1.1894.

Mosvallahreppi og er því vinsamleg bón okkar að þér hjálpið honum um lífsbjörg úr ukkar sveitarsjóði eða að öðrum kosti að taka hann til ukkar ásamt konu hans og þremur börnum og svo er hún ólétt og eru ástæður hans yfir höfuð mjög bágstaddir og óskum vér undirskrifaðir að fá svar það fyrsta að hægt er.⁵⁶⁹

Er þetta bréf var skrifað var Helga, húsfreyja á Kvíanesi, komin á steypirinn því yngsta barn hennar og Bjarna fæddist fjórum dögum síðar.⁵⁷⁰

Þann 9. júní 1894 hafði enn ekkert svar borist við bréfinu sem hér var kynnt og ritaði hreppsnefnd Suðureyrarhrepps þá annað bréf til sama viðtakanda og ítrekaði þar hina fyrri málaleitan. Í því bréfi segir meðal annars:

Mjólk úr 6 ám hefur hann sér og sínum til framfæris og annað ekki nú sem stendur. Ekki myndum við þverlega neita því að hann fái að dvelja hér fyrst um sinn en þó með þeim skilmála að frá 1894 verði Bjarni Ólafsson á Kvíanesi ásamt konu sinni og börnum talinn tilheyra Mosvallahreppi hvað sveitfesti snertir en frá skilinn sveit Suðureyrarhrepps í því efni.⁵⁷¹

Skömmu eftir viðtöku þessa bréfs svaraði hreppsnefnd Mosvallahrepps erindinu og mæltist til þess að Bjarni og hans nánustu fengju að vera um kyrrt á Kvíanesi, fyrst um sinn að minnsta kosti.⁵⁷² Hún greiddi þá líka þær liðlega 20,- krónur sem Bjarna höfðu verið lagðar til úr sveitarsjóði Suðureyrarhrepps.⁵⁷³ Jafnframt óskaði hreppsnefndin í Mosvallahreppi eftir því að hún yrði fyrirfram látin vita ef þörf yrði talin á að greiða einhverja stóra upphæð vegna hins bjargarlitla heimilis á Kvíanesi.⁵⁷⁴

Vegna þessara tilmæla sendi hreppsnefnd Suðureyrarhrepps nefndinni í Mosvallahreppi strax áætlun um væntanleg útgjöld á tímabilinu frá 1. júlí til 8. september. Þarfir Bjarna og fjölskyldu hans í þessar 10 vikur töldust vera:

1. 3 pund kaffi, 2 pund röt, 20 pund kandís.
2. 200 pund mjöl, 100 pund bankabygg, 100 pund hálfgrjón.
3. Skóleður 3 pund.

⁵⁶⁹ Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar. *Fundabók fyrir Suðureyrarhrepp*, 1889-1919, bréf hreppsnefndar Suðureyrarhrepps 17.3.1894 til hreppsnefndar Mosvallahrepps.

⁵⁷⁰ Eyjólfur Jónsson 1967, 131 (Niðjatal Sveins á Hesti).

⁵⁷¹ Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar. *Fundabók fyrir Suðureyrarhrepp*, 1889-1919, bréf hreppsnefndar Suðureyrarhrepps 9.6.1894 til hreppsnefndar Mosvallahrepps.

⁵⁷² Sama *Fundabók*, bréf hreppsnefndar Mosvallahrepps 23.6.1894 til hreppsnefndar Suðureyrarhrepps.

⁵⁷³ Sama heimild.

⁵⁷⁴ Sama heimild.

4. 3 flöskur af kínalífsseleksír.⁵⁷⁵

Til skýringar með þessari áætlun lét nefndin fylgja svohljóðandi athugasemd:

Athuga að sykkrið er að sönnu í fljótu álti nokkuð mikið en af því er brúkað saman við vatnsblandað fyrir barnið. Ósk þeirra hjóna er að mjölið væri minna en þau fengju heldur eina vætt af fiskætum. Óvíst hvort það er hér fáanlegt þó að væru peningar boðnir. Þar að auki gjörum vér fyrirspurn til hinnar heiðruðu hreppsnefndar hvort hún ætli að láta kosta upp á eldiviðarskurð fyrir Bjarna Ólafsson. Svo virðist okkur að börnin og konan þurfi með að fá léreftsbót og fleira.⁵⁷⁶

Nú var þess skammt að bíða að hinn brjóstveiki bóndi á Kvíanesi, sem orðinn var þurfamaður, tæki síðustu andvörpin því hann andaðist 30. júlí þetta sama sumar.⁵⁷⁷

Árið 1894 var Jóhannes Hannesson í Botni, mágur Bjarna, oddviti hreppsnefndarinnar í Suðureyrarhreppi og 3. ágúst á því ári ritaði hann hreppsnefnd Mosvallahrepps bréf er hann orðaði svo:

Hér með tilkynnist hinni heiðruðu hreppsnefnd Mosvallahrepps að bóndinn Bjarni Ólafsson á Kvíanesi andaðist á heimili sínu þann 30. júní [misritun fyrir 30. júlí – innsk. K.Ó.]. Ég undirskrifaður fór út að Suðureyri að fá líkkistu utan um hann. Þegar ég kom þangað var herra Kristjáni [Albertssyni] ómögulegt að hjálpa um kistuna vegna heimilisástæðna hans ... en hann ráðlagði mér að fara út að Gelti og fá líkkistu sem var eign Sigurborgar Bergsdóttur en var geymd hjá Kristjáni. Ég fór þangað og fékk kistuna með þeim skilmála að Kristján smíðaði hana í sama formi það allra fyrsta og ætlar Kristján að gjöra það. Kistan kostaði 21,- krónu sem hin heiðraða hreppsnefnd verður að borga Kristjáni Albertssyni á Suðureyri í peningum eða jafn góða kistu að öllu leyti og færa hana að Gelti eða að Suðureyri í haust því með því móti var hún fáanleg.⁵⁷⁸

Að Bjarna látnum blasti við að flytja yrði ekkjuna og börnin sveitarflutningi á fæðingarhrepp hennar í Önundarfirði þar sem hún var sveitföst. Ekkjan, Helga Jónsdóttir, varð 41 árs gömul haustið 1894 og átti

⁵⁷⁵ Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar. *Fundabók ...*, 1889-1919, bréf hreppsn. Suðureyrarhrepps 28.6.1894 til hreppsn. Mosvallahrepps.

⁵⁷⁶ Sama heimild.

⁵⁷⁷ Lbs. 3859^{4to}, *Dagbók Einars Jónssonar* 31.7.1894.

⁵⁷⁸ Sama *Fundabók ...*, 1889-1919, bréf Jóh. Hannessonar, oddv. Suðureyrarhr. 3.8.1894 til hr.n. Mosv.hr.

þá fimm börn á lífi.⁵⁷⁹ Eitt þessara barna, Guðjón, sem var 9 ára, ólst alveg upp hjá föðursystur sinni, Guðrúnu Ólafsdóttur, og eiginmanni hennar, Jóhannesi Hannessyni, bónda og hreppstjóra í Botni.⁵⁸⁰ Hin fjögur voru öll heima hjá foreldrum sínum er faðir þeirra andaðist en þau voru Kristján Helgi, 12 ára, Veturliði, 8 ára, Guðbjörg, 2ja ára, og Bjarni Benedikt sem var aðeins fjögurra mánaða gamall er hann missti föður sinn.⁵⁸¹

Allan ágústmánuð sat ekkjan um kyrrt á Kvíanesi með börn sín og líka út september en um það leyti sem vetur gekk í garð var heimili þeirra hér á Kvíanesi leyst upp og þau flutt sveitarflutningi vestur í Önundarfjörð.⁵⁸² Sú ferð var farin 23. október 1894⁵⁸³ og má telja fullvíst að leið fólksins hafi legið um Kvíanesdal og yfir Grímsdalsheiði. Til þess að bera yngstu börnin og fátæklegar eigur ekkjunnar réð hreppsnefnd Suðureyrarhrepps fimm karlmenn og eina konu.⁵⁸⁴ Í þeim hópi var sjálfur oddvitinn, Jóhannes Hannesson í Botni, en líka þau Sveinbjörn Pálsson í Botni, Pétur Pétursson í Klúku, Friðrik Verner Gíslason á Kvíanesi, Guðni Egilsson á Kvíanesi og eiginkona hans, Guðrún Sigurðardóttir.⁵⁸⁵ Í kaup fyrir ferðina fengu karlmennirnir greiddar þrjár krónur hver en Guðrún bara tvær krónur.⁵⁸⁶

Elsti sonur ekkjunnar, Kristján Helgi Bjarnason, mun ekki hafa farið vestur þennan sama dag, hvað sem valdið hefur, því að Pétur Pétursson í Klúku fékk auk fyrrnefndrar greiðslu borgaðar tvær krónur fyrir að fara með hann.⁵⁸⁷ Heildarkostnaður við þessa þurfamannaflutninga varð því 19,- krónur og mun hreppsnefnd Mosvallahrepps hafa orðið að borga brúsann.

Í Önundarfirði var Helgu og börnum hennar ráðstafað á ýmsa bæi. Sjálf fór hún sem vinnukona að Kirkjubóli í Valþjófsdal, til Eyjólfssonar, og fékk að hafa Guðbjörgu dóttur sína hjá sér.⁵⁸⁸ Elsti sonurinn, Kristján Helgi, fór í Holt til séra Janusar Jónssonar, Veturliði til Finns Eiríkssonar á Kirkjubóli í Valþjófsdal og yngsta barnið, Bjarni Benedikt, sem var á 1. ári, fór til Guðmundar bónda Jóhannessonar í Mosdal.⁵⁸⁹

Börnin fimm, sem Helga Jónsdóttir og Bjarni Ólafsson á Kvíanesi áttu á lífi árið 1894, náðu öll að komast upp.⁵⁹⁰ Sjálf varð Helga gömul kona. Árið 1901 var hún á Flateyri með Guðbjörgu dóttur sína en fluttist þaðan sjö árum síðar í Súgandafjörð.⁵⁹¹ Þessi fyrrum húsfreyja á Kvíanesi

⁵⁷⁹ Eyjólfur Jónsson 1967, 120-132 (Niðjatal Sveins á Hesti).

⁵⁸⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. og Holts í Önundarf. Sbr. Manntöl 1890 og 1901.

⁵⁸¹ Eyjólfur Jónsson 1967, 120-132. Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. og Holts í Önundarf.

⁵⁸² Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar: *Bók fyrir Suðureyrarhrepp*, 1888-1902, reikningar hreppsins 1894.

⁵⁸³ Sama heimild.

⁵⁸⁴ Sama heimild.

⁵⁸⁵ Sama heimild.

⁵⁸⁶ Sama heimild.

⁵⁸⁷ Sama heimild.

⁵⁸⁸ Sóknarm.töl Holts í Önundarf.

⁵⁸⁹ Sama heimild.

⁵⁹⁰ Eyjólfur Jónsson 1967, 120-132.

⁵⁹¹ Ól. Þ. Kr. / Önfirðingar. Manntal 1901.

andaðist á Akranesi 10. desember 1935⁵⁹² og hafði þá verið ekkja í meira en fjórutíu ár.

Hér verður ekki gerð grein fyrir æviferli barnanna frá Kvíanesi sem flutt voru sveitarflutningi yfir Grímsdalsheiði um veturnætur árið 1894. Öll munu þau hafa orðið nýtar manneskjur sem sómi var að. Alþýðuskáldið Magnús Hjaltason, sem átti heima á Suðureyri í Súgandafirði á árunum 1911-1916, ritaði þá um tvo af sonum Bjarna Ólafssonar og Helgu Jónsdóttur, þá Bjarna og Veturliða. Umsagnir hans um þá eru dálítið ólíkar sem kynni að skýrast af því að um Bjarna ritaði Magnús aðeins í dagbók sína en um Veturliða skrifaði hann minningargrein sem birtist í blaðinu Vestra á Ísafirði.

Um Bjarna Benedikt Bjarnason, sem var yngsta barn foreldra sinna, ritar Magnús í dagbók sína 23. maí 1914 og kemst þá svo að orði:

*Bjarni Bjarnason hét maður á Suðureyri í Súgandafirði um 21 árs gamall, Önfirðingur og uppallinn þar (í Önundarfirði) á hálfgerðum hrakningi og lítt var hann meiri á vöxt en drengir, 10-12 ára gamlir. Hafði og slasað sig á ljá um 9 ára aldur, voðalega á hendi. Mun það hafa dregið úr vexti hans og þreki, enda ákaflega máttlaus en kjark hafði hann nokkurn og „hroðalegan munn“ Bjarni hafði komið úr Önundarfirði til Súgandafjarðar um vorið (1914). Hvorki var hann hygginn né heimskur og mátti í þeirri grein kalla hann „á milli húsgangs og bjargálna“.*⁵⁹³

Veturliði Bjarnason átti líka heima á Suðureyri um skeið og var búsettur þar er hann andaðist úr *blóðspýju* 23. mars 1915, aðeins 28 ára gamall.⁵⁹⁴ Um Veturliða, sem var kvæntur maður og átti þrjú börn er hann dó,⁵⁹⁵ segir Magnús Hjaltason að hann hafi verið *snyrtimaður um margt, skynbær vel sem systkin hans öll, hreinn í lund og umtalsfrómur*.⁵⁹⁶ Við þessa lýsingu á Veturliða bætir Magnús örfáum orðum og segir að orðtækið *Skemmtinn maður er vagn á vegi hafi átt heima hjá honum*.⁵⁹⁷

Vorið 1895 fékk ungur bóndasonur frá Bæ í Súgandafirði til ábúðar þann jarðarpart sem Bjarni Ólafsson hafði búið á hér á Kvíanesi.⁵⁹⁸ Hann hét Jóhannes Guðmundsson og var fæddur í Bæ 27. júní 1862, sonur hjónanna Guðmundar Jóhannessonar, bónda þar, og konu hans, Kristínar Guðbrandsdóttur.⁵⁹⁹ Frá foreldrum hans er sagt hér á öðrum stað (sjá Bær). Jóhannes kvæntist 12. nóvember 1893 og gekk þá að eiga unnustu sína,

⁵⁹² Eyjólfur Jónsson 1967, 120 (Niðjatal Sveins á Hesti).

⁵⁹³ Lbs. 2232⁴⁰, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 23.5.1914.

⁵⁹⁴ Magnús Hjaltason / Vestri 14.4.1915.

⁵⁹⁵ Eyjólfur Jónsson 1967, 124.

⁵⁹⁶ Magnús Hjaltason / Vestri 14.4.1915.

⁵⁹⁷ Sama heimild.

⁵⁹⁸ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf. Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar: *Bók f. Suðureyrarhrepp*, 1888-1902, tíundarskýrslur og niðurjöfnunarskrár frá árunum 1891 og 1895.

⁵⁹⁹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Guðrúnu Jónsdóttur (sjá hér Ytri-Vatnadalur og Bær), sem fæddist á Núpi í Dýrafirði 11. september 1866.⁶⁰⁰ Foreldrar Guðrúnar voru Jón Jónsson og Sigríður Jónsdóttir sem þá voru bæði einhleyp vinnuhjú á Núpi.⁶⁰¹ Móðir Guðrúnar, Sigríður Jónsdóttir, var frá Tannanesi í Önundarfirði og giftist hún síðar Jóhannesi Albertssyni, bónda á Norðureyri (sjá hér Norðureyri).

Þau Jóhannes Guðmundsson og Guðrún, kona hans, komu hingað að Kvíanesi frá Bæ vorið 1895 en þar höfðu þau verið í húsmennsku næsta fardagaár á undan.⁶⁰² Á sínu fyrsta búskaparári bjó Jóhannes hér í þrífli á móti Guðna Egilssyni og Friðriki Verner Gíslasyni en næstu þrjú ár, 1896 til 1899, bjuggu þeir Friðrik hér í tvífli.⁶⁰³

Frá 1899 var Jóhannes eini bóndinn á Kvíanesi og stóð svo allt til ársins 1918.⁶⁰⁴ Lítið var um húsfólk á þessu skeiði en þó voru hér í húsmennsku á árunum 1900-1905 hjónin Pétur Pétursson og Guðfinna Pétursdóttir, sem áður voru í Klúku (sjá hér Botn, Klúka þar) og fylgdi þeim Pétur sonur þeirra sem fæddur var um 1880.⁶⁰⁵ Magnús Hjaltason greinir frá því að á þessum árum hafi Pétur og Guðfinna hafst við á *Bökkunum* á Kvíanesi⁶⁰⁶ og mun þá tvímælalaust eiga við neðri bæinn. Þau voru síðasta fólkið sem bjó í þeim bæ⁶⁰⁷ (sbr. hér bls. 45 og 55).

Jóhannes Guðmundsson var í um það bil tvo áratugi eini bóndinn á Kvíanesi en mun þó sjaldan eða aldrei hafa haft alla jörðina til ábúðar. Árið 1902 nytjaði Kristján Albertsson á Suðureyri tvö jarðarhundrað hér á Kvíanesi⁶⁰⁸ og mun það hafa verið sá partur úr jörðinni sem Guðni Egilsson keypti árið 1891 og ekkja hans seldi Kristjáni árið 1906 (sjá hér bls. 40 og Bær). Fasteignamatsskjöl frá árinu 1916 sýna hins vegar að þá átti Guðrún Þórðardóttir á Suðureyri, ekkja Kristjáns Albertssonar, hálf Kvíanes og nytjaði sjálf þann jarðpart.⁶⁰⁹ Jóhannes bjó þá á hinni hálfendunni, fjórum hundruðum að fornu mati, og átti þau hundruð.⁶¹⁰

Bú Jóhannesar var í fyrstu smátt en stækkaði nokkuð síðar. Búskap sinn byrjaði hann með eina kvígu, fimm ær og þrjá gemlinga⁶¹¹ en vorið 1901 var bústofn hans sem hér segir: Ein kýr, ein kvíga, ellefu ær, einn hrútur, sjö gemlingar og einn hestur.⁶¹² Enginn bátur var þá til á Kvíanesi.⁶¹³

⁶⁰⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Dýrafj.þinga og Staðar í Súgandaf. Manntal 1901, Kvíanes.

⁶⁰¹ Sömu heimildir.

⁶⁰² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶⁰³ Sama heimild.

⁶⁰⁴ Sama heimild.

⁶⁰⁵ Sama heimild.

⁶⁰⁶ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 56.

⁶⁰⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶⁰⁸ Hsk. á Ísaf. nr. 227. Skýrsla um ábúðarhundrað bænda í Suðureyrahreppi, dags. 29.10.1902.

⁶⁰⁹ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

⁶¹⁰ Sama heimild.

⁶¹¹ Skjöl Suðureyrahrr., varðv. þar: *Bók fyrir Suðureyrahrepp*, 1888-1902, tíundarskýrsla dags. 22.6.1895.

⁶¹² Skjöl Suðureyrahrr., varðv. þar: *Bók fyrir Suðureyrahrepp*, 1888-1902, tíundarskýrsla dags. 21.10.1901.

⁶¹³ Sama heimild.

Halldór Guðmundsson á Suðureyri, sem sá um fjárböðun í Súgandafirði haustið 1904, skrifaði mörgum áratugum síðar frásögn af því ferðalagi.⁶¹⁴ Hann segir þar að Jóhannes á Kvíanesi hafi átt um 60 sauðkindur árið 1904⁶¹⁵ en líklegt verður að telja að sú tala Halldórs sé til muna of há þó að vera kunnri að ekki sé allt gefið upp í tíundarskýrslunni frá 1901 sem hér var áður vitnað til.

Halldóri var minnisstætt hversu allt var *vel um gengið* hjá Jóhannesi og Guðrúnu á Kvíanesi⁶¹⁶ og segir að þau hafi átt *fallegt bú þó lítið væri*, enda hafi Jóhannes verið *hinn mesti hirðu- og þrifamaður* og alltaf komist vel af með sína fjölskyldu.⁶¹⁷

Þessi orð Halldórs koma prýðilega heim við lýsingu Gunnars M. Magnúss á þessum sömu hjónum. Hann segir að Guðrún Jónsdóttir, húsfreyja á Kvíanesi, hafi verið *dugleg og framtakssöm, rösk og ákveðin í framgöngu*⁶¹⁸ en bónda hennar lýsir hann svo:

*Jóhannes var hægur í fasi, notinvirkur og snyrtimenni hið mesta. Þegar hann kom til Suðureyrar, gangandi í kaupstaðarferð, var því líkast sem þar kæmi hirðmaður og væri að sýna hefðarmennsku herra síns.*⁶¹⁹

Foreldrar Jóhannesar, þau Guðmundur Jóhannesson og Kristín Guðbrandsdóttir, fluttust til hans frá Bæ hingað að Kvíanesi árið 1896 og áttu hér síðan heima til dauðadags en Guðmundur andaðist árið 1912 og Kristín tveimur árum síðar.⁶²⁰ Jón Jónsson, faðir Guðrúnar húsfreyju, var líka á Kvíanesi árið 1913, sagður 77 ára gamall, en fór héðan 1914 að Selárdal til annarrar dóttur sinnar sem líka hét Guðrún og var hálf systir Guðrúnar á Kvíanesi.⁶²¹ Þessi gamli maður dó í Selárdal 4. júní 1919.⁶²²

Þau Jóhannes og Guðrún á Kvíanesi komu upp fimm börnum.⁶²³ Elst þeirra var Albertína, fædd 19. september 1893 (sjá hér Ytri-Vatnadalur). Á gamals aldri svaraði hún mörgum spurningum þjóðhátadeildar Þjóðminjasafns Íslands um lífshætti fólks á Kvíanesi og annars staðar í Súgandafirði á uppvaxtarárum hennar. Er þar margan fróðleik að finna en hér verða aðeins nefnd örfá sýnishorn. Hún var beðin að lýsa rúmbotni í baðstofurúmi og svaraði: *Neðst voru fjalir og í mínu ungdæmi var haft lyng á fjölnum og ofan á því heydýna. Torf kannast ég ekki við til þeirra nota. ... Ofan á dýnuna var breidd voð úr vaðmáli, rekkjuvoð.*⁶²⁴

⁶¹⁴ Lbs. 3152^{4to}, Halldór Guðmundsson, bls. 201-246.

⁶¹⁵ Sama heimild, 213.

⁶¹⁶ Sama heimild.

⁶¹⁷ Sama heimild.

⁶¹⁸ Gunnar M. Magnúss 1977, 92.

⁶¹⁹ Sama heimild.

⁶²⁰ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

⁶²¹ Sömu heimildir.

⁶²² Sömu heimildir.

⁶²³ Gunnar M. Magnúss 1977, 92-94.

⁶²⁴ Þ.Þ. 36. spurningaskrá, nóv. 1997. Svör Albertínu Jóhannesdóttur.

Eftir ferminguna kvaðst Albertína hafa keypt sér fiðursæng og andvirði hennar verið ein dilkær.⁶²⁵ Töfl og spil þekkti hún ekki í bernsku en kynntist slíku um fermingaraldur.⁶²⁶ Í barndómi hennar var hins vegar iðkað *að geta gátur og kveðast á*.⁶²⁷ Árið um kring var farið á fætur klukkan 6 að morgni en farið að háttu um klukkan 10 að kvöldi nema á vorin og sumrin, þá var vakað lengur.⁶²⁸ Hver maður las morgunbæn fyrir sig og er fólk kom út á morgnana signdi það sig mót austri.⁶²⁹ Á jólanótt fengu börnin að sofa í jólafötunum.⁶³⁰

Á sínum uppvaxtarárum heyrði Albertína minnst á dæmi þess að tólga eða rauðmagalifur hefði verið sett í strokkinn til að drýgja rjómann er strokkað var smjör.⁶³¹ Hún var beðin að lýsa smjörumbúðum og svaraði að bragði: *Sköturoð verkað til þeirra nota*.⁶³² Skyr sem hleypt var í súrri mjólk sagði hún hafa verið kallað graðhestaskyr en skyrmysa jafnan verið nefnd drukkur.⁶³³ Bein sem lögð voru í sýru og ætluð til matar kölluðust beinastrjúgur hér á Kvíanesi.⁶³⁴

Á Albertínu Jóhannesdóttur leist Magnúsi Hjaltasyni vel. Vorið 1913 var hún tæplega tvítug heimasæta á Kvíanesi en hann nær fertugur verkamaður á Suðureyri, sveitarskald og dagbókarskrifari. Þann 22. maí á því ári ritar ljóðasmiðurinn í dagbók sína:

*Skrifaði ég Albertínu Jóhannesdóttur, ungfrú á Kvíanesi, og gaf henni þar með mynd af mér frá því ég var 23ja ára. Albertína var um tvítugt, sjáleg mjög, viðfellðin og tillagagóð, allhyggin og styrk að afli.*⁶³⁵

Um hana orti Magnús líka þessa vísu:

*Albertína er eins og ljós,
eykur dyggða gróða,
mæta blómgar menntarós
meyjan hjartagóða.*⁶³⁶

Albertína giftist árið 1914 Guðna J. Þorleifssyni frá Norðureyri⁶³⁷ og vorið 1918 fóru þau að búa hér á Kvíanesi í tvíbýli á móti foreldrum

⁶²⁵ Þ.Þ. 36. spurningaskrá, nóv. 1977. Svör Albertínu Jóhannesdóttur.

⁶²⁶ Sama heimild.

⁶²⁷ Sama heimild.

⁶²⁸ Þ.Þ. 37. spurningaskrá, maí – júní 1978. Svör Albertínu Jóhannesdóttur.

⁶²⁹ Sama heimild.

⁶³⁰ Sama heimild.

⁶³¹ Þ.Þ. Spurningaskrá um flát og áhöld. Svör Albertínu Jóhannesdóttur.

⁶³² Sama heimild.

⁶³³ Sama heimild.

⁶³⁴ Sama heimild.

⁶³⁵ Lbs. 2230⁴⁰, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 22.5.1913.

⁶³⁶ Vísuna skrifaði ég upp eftir einu af mörgum handritum Magnúsar í Landsbókasafni árið 1956 en hef ekki handritsnúmerið við hendina. K.Ó.

⁶³⁷ Gunnar M. Magnúss 1977, 92.

hennar.⁶³⁸ Að því sinni voru þau á Kvíanesi í tvö ár.⁶³⁹ Fardagaárið 1920-1921 voru Jóhannes og Guðrún, kona hans, einu ábúendurnir á þessari jörð en það varð þeirra síðasta búskaparár því vorið 1921 fluttust þau frá Kvíanesi að Suðureyri og höfðu þá búið hér í 26 ár.⁶⁴⁰ Líklega hefur Jóhannes bóndi Guðmundsson verið orðinn heilsulítill er hann fór frá Kvíanesi því hann andaðist á Suðureyri 21. desember 1921 úr *langvinnu lungnakvefi*.⁶⁴¹ Guðrún Jónsdóttir, eiginkona Jóhannesar, lifði talsvert lengur.⁶⁴²

Við brottför Jóhannesar og Guðrúnar vorið 1921 fór Kvíanes í eyði en einu ári síðar hófu þau Albertína, dóttir nýnefndra hjóna, og eiginmaður hennar, Guðni J. Þorleifsson, búskap hér á ný og bjuggu á jörðinni allt til ársins 1927.⁶⁴³ Við brottför Guðna og Albertínu frá Kvíanesi vorið 1927 fór jörðin í eyði og hér hefur enginn búið síðan þá.

Síðustu ábúendurnir á Kvíanesi fluttust að Botni og bjuggu þar lengi í efri bænum (sjá Firðir og fólk 1900-1999, 446-447). Gunnar M. Magnúss segir að Guðni hafi verið góð skytta og mikill ferðamaður, enda muni hann hafa þekkt fjöllin við Súgandafjörð betur en nokkur annar.⁶⁴⁴ Um Albertínu segir Gunnar að hún hafi verið *létt og kát, mælsk* og haft *gaman af ljóðum* en vinnusöm og aldrei slegið slöku við.⁶⁴⁵

Þó að Kvíanes færi í eyði árið 1927 hefur jörðin löngum verið nytjuð að meira eða minna leyti. Á fjórða og fimmta áratug þessarar aldar fengu ýmsir fjáreigendur, sem búsettir voru í þorpinu á Suðureyri, að heyja á Kvíaneshlíð⁶⁴⁶ og á síðari árum hefur jörðin verið nytjuð frá nýbýlinu Birkihlíð og Botni (sjá hér Firðir og fólk 1900-1999, 446-447).

Allt gamla Kvíanestúnið er nú búið að slétta og rækta upp á nútímavísu. Hér er því lítið eftir af tóttum frá fyrri tíð. Við stöldrúm samt enn við á hólnum þar sem bærinn stóð, sá sem síðast var búið í (sjá hér bls. 6), en ætla má að það bæjarstæði sé mjög gamalt.

Um bæinn sem hér stóð á árunum kringum 1890 segir Valdimar Þorvaldsson að hann hafi verið *aðalbærinn* á Kvíanesi og staðið innantil í miðju túninu.⁶⁴⁷ Að sögn Valdimars sneru bæjardyrnar niður að sjónum og frá þeim lágu göngin beint inn.⁶⁴⁸ Baðstofan sneri út og inn og var grunnflötur hennar um það bil 2,5 x 5.65 metrar⁶⁴⁹ eða því sem næst 14 fermetrar. Hún var lág og þröng en með lofti sem var vel þiljað og með skarsúð.⁶⁵⁰ Undir baðstofuloftinu var eldhús til hægri þegar gengið var inn

⁶³⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶³⁹ Sama heimild.

⁶⁴⁰ Sama heimild.

⁶⁴¹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶⁴² Sömu heimildir.

⁶⁴³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶⁴⁴ Gunnar M. Magnús 1977, 92.

⁶⁴⁵ Sama heimild.

⁶⁴⁶ Sigríður Pétursdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana 16.12.1992.

⁶⁴⁷ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19-21.

⁶⁴⁸ Sama heimild.

⁶⁴⁹ Sama heimild.

⁶⁵⁰ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19-21.

göngin en til vinstri var lítið þiljað herbergi.⁶⁵¹ Hér hefur áður verið lýst baðstofunni sem byggð var upp úr hluta af þessu gamla húsi árið 1892 (sjá hér bls. 40-41) og nýjum bæ sem Jóhannes Hannesson reisti á gömlu bæjarstæði yst og neðst í túninu á árunum kringum 1880 (sjá hér bls. 45-46).

Árið 1916 virðast jarðarhús hér á Kvíanesi hafa verið með líku sniði og áður. Á hálflelundunni sem Jóhannes Guðmundsson átti og bjó á stóðu þá þessar byggingar: Baðstofa, fjós, eldiviðarskúr, tvær hlöður, tvö fjárhús og svo hesthús.⁶⁵² Þessi hús voru þá virt á 300,- kr. en auk þess stóðu hér önnur hús, sem Jóhannes átti, og voru þau virt á 100,- kr.⁶⁵³ Fasteignamatstnefndin getur líka um hús er Guðni J. Þorleifsson, tengdasonur Jóhannesar, átti hér á Kvíanesi og var það virt á 45,- kr.⁶⁵⁴ Óljóst er hvaða hús þetta hefur verið. Á hinni hálflelundunni, sem Guðrún Þórðardóttir á Suðureyri átti 1916, stóðu þá hús sem voru virt á 200,- kr.⁶⁵⁵ og má ætla að það hafi verið gamli neðri bærin og útihús sem honum fylgdu. Jörðin Kvíanes var árið 1916 virt á 1.200,- kr. en hús sem hér stóðu á 645,- kr.⁶⁵⁶ Ljóst er að um þetta leyti hafa húsakynni fólksins á Kvíanesi verið heldur bágborin því að á engu byggðu bóli í Súgandafirði var samanlagt virðingarverð bæjarhúsa og húsa í eigu ábúanda lægra en á Kvíanesihálflelundunni sem Jóhannes og Guðrún bjuggu á.⁶⁵⁷ Vera má að þau hjónin hafi haft einhver afnot af húsum sem fylgdu hinni hálflelundunni og enn voru virt á 200,- kr. en árið 1916 voru þó liðin a.m.k. ellefu ár frá því búið hafði verið í neðri bænum (sjá hér bls. 51).

Engin ummerki um gömlu bæina eru nú sjáanleg á Kvíanesi en örfáar útihúsatóttir eru hér enn og kvíarnar sem áður var gerð grein fyrir (sjá hér bls. 5). Ofan við akveginn sem nú (1996) er farið um blasir við allstór tótt af húsi sem staðið hefur efst í gamla túninu og mun hafa verið hrútakofi.⁶⁵⁸ Handan við Kvíanesána, sem fellur hér rétt innan við túnið, er svo gömul smiðjutótt, beint inn af Bæjarhólnum⁶⁵⁹ og er hún býsna heilleg. Nærri lætur að tótt þessi sé 3,3 x 2,5 metrar að flatarmáli. Að sögn Kristjáns G. Þorvaldssonar var hér smiðja Friðriks Verners Gíslasonar⁶⁶⁰ en hann bjó á Kvíanesi frá 1862-1899 (sjá hér bls. 34-39). Fólkið sem síðast bjó á Kvíanesi hafði þar hjall.⁶⁶¹

Hinn gamli bæjarlækur, sem rann skammt frá efri bænum, sést nú ekki lengur hér í túninu því farvegi hans var lokað fyrir mörgum áratugum.⁶⁶²

⁶⁵¹ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 19-21.

⁶⁵² Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatstnefndar í V-Ís., löggilt 26.3.1919.

⁶⁵³ Sama heimild. Fasteignabók 1921.

⁶⁵⁴ Sama skjalasafn. Gjörðabók fasteignamatstnefndar í V-Ís., löggilt 9.3.1916, bls. 3.

⁶⁵⁵ Fasteignabók 1921.

⁶⁵⁶ Sama heimild.

⁶⁵⁷ Sama heimild.

⁶⁵⁸ Sveinn Guðnason. - Viðtal K.Ó. við hann 27.8.1997.

⁶⁵⁹ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 106.

⁶⁶⁰ Sama heimild.

⁶⁶¹ Sveinn Guðnason. - Viðtal K.Ó. við hann 27.8.1997.

⁶⁶² Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 100-102.

Lækur þessi var í raun lítil kvísl úr Kvíanesánni og rann *út með Bæjarhól ... og niður með honum*.⁶⁶³ Túnlækur sem var önnur kvísl úr meginánni fellur hins vegar enn í sínum gamla farvegi við ytri jaðar túnsins⁶⁶⁴ (sbr. hér bls. 58).

Efsti skikinn á gamla túninu lá á fyrri tíð milli Bæjarlækjar og Túnlækjar og var nefndur Aukatún.⁶⁶⁵ Neðan við það voru áður fjárhús, yst í túninu og neðan við þau Fjárhúsflöt.⁶⁶⁶ Brekkan niður af henni bar nafnið Halli en síðan komu í þessari röð, talið að ofan og niðureftir, Lambhúshóll, Lambhúsflöt og svo Leiguhúsbrekka ofan við neðri bæinn sem stóð yst og neðst í túninu og var stundum nefndur Lénharðarstaðir⁶⁶⁷ (sbr. hér bls. 16-18). Inn og niður af Lambhúshól var Lambhúshalli og innan og neðan við hann Smiðjuhóll sem var lítill.⁶⁶⁸ Þar mun hafa staðið smiðja⁶⁶⁹ sem líklegt er að hafi fylgt neðri bænum.

Túnskikinn sem náði frá Lénharðarstöðum, þar sem nú (1996) er gamall sumarbústaður, og inn að Bæjarlæknum, sem horfinn er, var nefndur Bakkapartur⁶⁷⁰ og niður af honum var vör, grafinn upp í sjávarbakkana.⁶⁷¹

Neðan við Aukatún, sem fyrr var nefnt, og við Bæjarlækinn, sem hér rann áður, var Hesthúshóll en utan við hann Langhóll og var lægð á milli þeirra.⁶⁷² Önnur lægð skildi Langhól frá Halla þeim sem hér var áður getið um.⁶⁷³ Mörg þessarar gömlu örnefna gefa vísbendingu um hvar hin ýmsu útihús hafi staðið og innan við Bæjarhólinn var Fjóstunga sem lá upp með Hesthúshól og náði inn að á.⁶⁷⁴ Lækjarspræna rann úr Bæjarlæk í ána og skildi tunguna frá Árdalsbarði sem er hér aðeins neðar og utan við árdalinn.⁶⁷⁵

Framan við gamla bæinn hér á Bæjarhólnum var Hlaðvarpinn en túnskikinn sem nær frá honum og niður að sjó heitir Bæjarpartur.⁶⁷⁶ Innan við neðanverðan Bæjarpart er í túninu annar skiki sem heitir Oddi og liggur hann upp með árbakkanum.⁶⁷⁷ Í Bæjarparti var áður steinn er menn nefndu Peningastein og var því trúað að undir honum væru peningar fólgnir í jörð.⁶⁷⁸ Einhverju sinni fóru heimamenn hér á Kvíanesi að grafa holu inn undir steininn og hugðust ná í fjársjóðinn en þá brá svo við að

⁶⁶³ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 100-102.

⁶⁶⁴ Sama heimild.

⁶⁶⁵ Sama heimild.

⁶⁶⁶ Sama heimild.

⁶⁶⁷ Sama heimild.

⁶⁶⁸ Sama heimild.

⁶⁶⁹ Sama heimild.

⁶⁷⁰ Sama heimild.

⁶⁷¹ Sama heimild.

⁶⁷² Sama heimild.

⁶⁷³ Sama heimild.

⁶⁷⁴ Sama heimild.

⁶⁷⁵ Sama heimild.

⁶⁷⁶ Sama heimild.

⁶⁷⁷ Sama heimild.

⁶⁷⁸ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 100-102.

þeim virtist bærinn á Gilsbrekku, hér handan við fjörðinn, standa í ljósum logum.⁶⁷⁹ Viku þeir þá frá en sáu brátt að þetta var skynvilla og þegar þeir komu aftur að steininum var þar allt með sömu ummerkjum og það hafði verið áður en þeir hófu verkið.⁶⁸⁰ Ekki er kunnugt um að reynt hafi verið síðar að grafa upp þennan fjársjóð.

Um miðbik tuttugustu aldar var Peningasteini lýst á þann veg að hann væri klofinn og *nokkuð bil milli partanna*.⁶⁸¹ Máskæ er það hann sem liggur nú (1996) í tvennu lagi á skurðbakka út og niður af Bæjarhól en innan við fyrsta skurðinn sem komið er að sé gengið frá sumarbústaðnum inn túnið.

Viðdvöl okkar í túninu á Kvíanesi lýkur senn. Við lítum til sólar frá gamla bæjarhólnum og sjáum hvað tímanum líður en eyktamörk hér á bæ eru sögð hafa verið þessi:

Dagmál: Svarthamrahorn.

Hádegi: Hádegishorn.

Nón: Nónhorn.

Miðaftann: Núpur.

Náttmál: Kleif.⁶⁸²

Öll eru þessi eyktamörk í landi Botns nema Kvíanesnúpurinn, sem gnæfir við himin hér rétt fyrir utan, og Kleif sem er í landi Suðureyrar.

Hér niðri á láglandinu eru landamerki jarðanna Kvíaness og Botns aðeins rétt innan við Kvíanestúnið en þau fylgja línu úr fjallinu Nautaskálarhorni, sem er innan við Kvíanesdal, og í þúfu á sjávarbökkunum innantil við Kvíanesána.⁶⁸³ Neðst voru landamerkin um það bil 20 metrum fyrir utan ytri Klúkulækina⁶⁸⁴ en Klúkulækirnir féllu til sjávar rétt utan við túnið í Klúku, gömlu hjáleigunni frá Botni, en þangað er skammur spölur frá Kvíanesánni. Yfir landamerkin förum við ekki að sinni því ætlunin er að líta næst á Kvíanesdalinn sem liggur hér beint upp af túninu og fer að opnast þegar komð er í liðlega 200 metra hæð yfir sjávarmáli.

Frá Bæjarhólnum röltum við samt fyrst inn að Kvíanesánni sem fellur með innri túnjaðrinum. Hún er oftast vatnslítil og því auðvelt að komast yfir hana. Upptök sín á hún fram undir dalbotninum og kemur fram af dalbrúninni nær beint upp af Bæjarhól en sveigir síðan lítið eitt inn á við. Við stiklum yfir ána og stöldrúmi við hjá gömlu smiðjutóttinni sem hér var áður getið (sjá bls. 55). Flötin neðan við tóttina heitir Smiðjuflöt en steinn, sem stendur skammt fyrir innan hana, Kirkjusteinn.⁶⁸⁵ Sú var trú nokkurra

⁶⁷⁹ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 100-102.

⁶⁸⁰ Sama heimild.

⁶⁸¹ Sama heimild.

⁶⁸² Sama heimild.

⁶⁸³ Sama heimild.

⁶⁸⁴ Birkir Friðbertsson. – Viðtal K.Ó. við hann 8.8.1995.

⁶⁸⁵ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 106.

að þar væri álfakirkja.⁶⁸⁶ Upp af Kirkjusteini er Stórholt og fyrir ofan það Kjóamýri en í brekkunni inn og upp af henni er Langholt.⁶⁸⁷

Frá Kirkjusteini og smiðjutóttinni snúum við aftur að ánni. Lægðin sem hún fellur um hér innan við túnið heitir Árdalur og utan við hann er Árdalsbarð sem nær upp að Árklofa en sá staður var einnig nefndur Afhleypur.⁶⁸⁸ Nafnið Árklofi á sér skýringu í því að þar klofnaði áin og út úr henni rann Bæjarlækurinn sem dálítið utar og neðar skiptist svo í Bæjarlæk og Túnlæk⁶⁸⁹ (sbr. hér bls. 56).

Frá Bæjarhólnum á Kvíanesi og úr fjörunni neðan við túnið sjáum við brún **Húsabrekku** í dalsmynninu hér beint upp af túninu.⁶⁹⁰ Skýring á nafninu mun vera sú að þegar komið var ofan af Kvíanesdal sáu menn fyrst til húsa á Kvíanesi af þessari brekkubrún. Vera má að nafnið Húsabrekka hafi áður verið notað um hlíðarbrekkuna ofan við túnið og neðan við fyrrnefnda brún⁶⁹¹ en á fyrri hluta tuttugustu aldar var það brúnin sjálf og landsvæðið ofantil við hana sem menn kölluðu Húsabrekku.⁶⁹²

Um hlíðina ofan við Kvíanestúnið lágu nokkrir götuslóðar og gátu menn valið þann sem best hentaði hverju sinni. Sumum þessara troðninga er enn hægt að fylgja, a.m.k. spöl og spöl, þegar gengið er upp hlíðina. Innan við ána var Hjallasneiðingur og lá frá Árklofa og upp á Hjalla (sjá hér bls. 59) en þeir eru innan við slægjulöndin ofan við brún Húsabrekku.⁶⁹³ **Miðsneiðingur** lá upp á **Miðsneiðingsbungu**,⁶⁹⁴ sem er innan við Seljahvamm, en bunga þessi og hvammurinn eru bæði ofan við brún Húsabrekku (sjá hér bls. 59). Sá lengsti þessara fornu götuslóða mun hafa verið **Langisneiðingur** en hann lá *út og upp í Seljahvamm*.⁶⁹⁵ Ætla má að sumir þessara slóða hafi verið heybandsvegir því neðst á Kvíanesdal er dálítið slægjuland. Um Langasneiðing var mórinn úr gröfunum í Seljahvammi líka reiddur á hestum niður á tún.⁶⁹⁶

Skammt fyrir ofan brún Húsabrekku eru allmiklar slægjur og hér mun jafnan hafa verið heyjað á fyrri tíð. Þessi slægjulönd eru öll utan við ána en innsti parturinn, sem heitir Brekkupartur, nær alveg inn að henni.⁶⁹⁷ Í Brekkupartu eða í nánd við hann eru a.m.k. tvær hringlaga tóttir og má ætla að þarna hafi verið sauðabyrgi en rústir þeirra kynnu síðar að hafa verið notaðar sem heystæði. Önnur þessara tóttu er rétt utan við ána en hin 200

⁶⁸⁶ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 106.

⁶⁸⁷ Sama heimild.

⁶⁸⁸ Sama heimild, 100.

⁶⁸⁹ Sama heimild.

⁶⁹⁰ Sama heimild, 105.

⁶⁹¹ Sbr. Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 5.2.1898.

⁶⁹² Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíaness, Lauga og Suðureyrar, handrit í eigu K.Ó.

⁶⁹³ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 105-106.

⁶⁹⁴ Sama heimild.

⁶⁹⁵ Sama heimild.

⁶⁹⁶ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíaness, Lauga og Suðureyrar, handrit í eigu K.Ó.

⁶⁹⁷ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 104-105.

metrum utar eða þar um bil. Nærri lætur að ummál ytri tóttarinnar sé 7 metrar en mikið stórþýfi er umhverfis báðar þessar tóttir.

Utan við Brekkupart tekur við Grafarpartur og utan við hann Þorleifspartur.⁶⁹⁸ Í þessum slægjulöndum heyjuðu fjáreigendur úr þorpinu á Suðureyri á árunum milli 1930 og 1940.⁶⁹⁹ Heyið var þá sett í netaballa og því velt alla leið niður að sjó.⁷⁰⁰ Það var síðan flutt á bátum út á Suðureyri.⁷⁰¹

Fyrir utan Þorleifspart, er fyrr var nefndur, kemur slægjuland sem heitir Sund og liggja þau niður með innanverðri Miðsneiðingsbungu⁷⁰² sem er svolítill bungulaga hæð hér í gróðurlendinu. Ofan við hana er slægjublettur sem heitir Mosi.⁷⁰³

Fyrir utan Miðsneiðingsbungu er Seljahvammur⁷⁰⁴ undir fjallinu Kvíanesnúp og liggur hvammurinn rétt fyrir utan sjálfan Kvíanesdalinn. Yst í Seljahvammi er gömul tótt sem eins og sjálft nafnið gefur til kynna að hér hafi heimafólk á Kvíanesi haft búsmala sinn í seli fyrir margt löngu. Þetta selhús virðist reyndar hafa verið í allra minnsta lagi, aðeins 1 x 2 metrar, en þó hefur maður getað legið þar inni. Grunnflötur kvíarinnar, sem er rétt hjá seltóttinni, er talsvert stærri, um það bil 2 x 3,5 metrar, svo í henni hefur verið hægt að mjólka um það bil 20 ær. Þessar tóttir eru nær beint á móti húsunum á Gilsbrekku, eyðibýlinu handan fjarðarins, en þó aðeins innar. Bletturinn umhverfis rústirnar heitir Seltún⁷⁰⁵ og hér er land vel gróið. Skriðan, sem runnið hefur úr Núpnum niður í Hvamminn, heitir **Seljahvammsskriða**.⁷⁰⁶ Utan við Seljahvamm er lítil hæð og heitir **Seljahvammshunga** en þar fyrir utan er **Djúpalaut** ofan við Innri-Trogabungu,⁷⁰⁷ sem einnig er nefnd Stórabunga og um er getið á öðrum stað í þessu riti (sjá hér bls. 4).

Frá hæðinni utan við Seljahvamm göngum við til baka, yfir hin fornu engjalönd, og upp á **Litlubrekku** sem er næsta brekka fyrir ofan Húsabrekku er fyrr var nefnd.⁷⁰⁸ Frá brún Litlubrekku er gott að líta til fjalla.

Innan við dalinn er fjallið Nautaskálarhorn sem skilur að Kvíanesdal og Nautaskál.⁷⁰⁹ Neðantil í því, innan og ofan við Brekkupart sem fyrr var nefndur, eru Hjallar. Utan við dalinn rís hið tignarlega fjall Kvíanesnúpur⁷¹⁰ og er brún hans í 632ja metra hæð yfir sjávarmáli. Efst í Núpnum eru svipmikil klettabelti en talsvert neðar er klettarönd sem einnig

⁶⁹⁸ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 104-105.

⁶⁹⁹ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíaness ... , handrit í eigu K.Ó.

⁷⁰⁰ Sama heimild.

⁷⁰¹ Sama heimild.

⁷⁰² Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 104-105.

⁷⁰³ Sama heimild.

⁷⁰⁴ Sama heimild.

⁷⁰⁵ Sama heimild.

⁷⁰⁶ Sama heimild.

⁷⁰⁷ Sama heimild.

⁷⁰⁸ Sama heimild.

⁷⁰⁹ Sama heimild, 105 og 107.

⁷¹⁰ Sama heimild, 104.

setur svip á þá hlið fjallsins er snýr til sjávar. Hillan ofan við þessa kletta heitir **Breiðhilla** og nær alveg út undir Trogagjá⁷¹¹ sem hér hefur áður verið nefnd (sjá hér bls. 4). Héðan frá Litlubrekku sjáum við grasteiga neðan við Breiðhilla og heita þeir **Breiðhilluteigar**.⁷¹² Hjallinn neðan við þá heitir **Núpsbjalli**.⁷¹³ Framar í dalnum og á móts við Litlubrekku eru í Núpnum aðrir grasteigar sem heita **Veturlönd** og hefur grjótskriða skipt þeim í tvennt.⁷¹⁴ Gróin klettaneft, hér dalmegin í Núpnum, heita **Nef**.⁷¹⁵

Hér uppi á Litlubrekku er landið gróið en þegar kemur frammar á dalinn minnkar gróðurinn. Við göngum nú upp með ánni og komum næst að **Steinbrekku**.⁷¹⁶ Uppi á henni er stór steinn er nefndur var **Grettistak**.⁷¹⁷ Ofan við Steinbrekku eru á leið okkar fram dalinn tvær litlar brekkur en síðan kemur stór brekka sem nær yfir hann þveran og heitir **Girðisbrekka**.⁷¹⁸ Enn frammar er svo **Mjósundabrekka**, sem einnig nær yfir þveran dalinn, en framan við hana eru **Mjósund**.⁷¹⁹ Svo heitir fremsti hluti dalsins⁷²⁰ en þar sveigir hann til suðausturs og mjókkar verulega.

Úr Mjósundum lá í fyrri daga alfaravegur upp á Grímsdalsheiði. Heiðin sjálf er örstutt milli brúna en hinum megin er dalur sem líklegt er að borið hafi nafnið Grímsdalur á fyrri öldum en heitir nú Garðadalur fyrir utan Hólsá, sem um hann fellur, en Hólsdalur innan við ána og er kenndur við jarðirnar Garða og Hól á Hvilftarströnd í Önundarfirði (sjá hér Hóll á Hvilftarströnd og Garðar).

Í sóknarlýsingu sinni frá árinu 1839 nefnir séra Andrés Hjaltason á Stað Kvíanesdal reyndar Grímsdal og heiðina Grímsheiði⁷²¹ en líklegt verður að telja að þar sé um villu að ræða því þessi nöfn sjást hvergi í öðrum heimildum og séra Andrés var alveg nýkominn að Stað er hann samdi sóknarlýsinguna (sjá hér Staður). Rökin fyrir því að það sé fremur dalurinn vestan heiðar sem borið hafi nafnið Grímsdalur eru m.a. þau að þar er Grímshjalli rétt við dalsmynnið (sjá hér Garðar). Auk þess má benda á að sá dalur hlýtur, á öldum áður, að hafa verið nefndur einhverju nafni, sem nú er týnt, en ekki bara tvínefninu Hólsdalur og Garðadalur. Liggur þá beinast við að álykta að það nafn hafi verið Grímsdalur úr því að heiðin heitir Grímsdalsheiði. Kristján G. Þorvaldsson segir reyndar í örnefnalýsingu sinni að heiðin hafi ýmist verið nefnd Grímsdalsheiði eða Kvíanesheiði,⁷²² sem sjálfsagt er rétt, og má reyndar merkilegt kalla að nafnið Grímsdalsheiði skuli hafa varðveist, enda þótt heitið á dalnum, sem

⁷¹¹ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes ... , handrit í eigu K.Ó.

⁷¹² Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 104.

⁷¹³ Sama heimild.

⁷¹⁴ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes ... , handrit í eigu K.Ó.

⁷¹⁵ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 104.

⁷¹⁶ Sama heimild.

⁷¹⁷ Sama heimild.

⁷¹⁸ Þórður Pétursson frá Laugum, f. 1913. Skrif hans um örnefni í landi Kvíanes ... , handrit í eigu K.Ó.

⁷¹⁹ Sama heimild.

⁷²⁰ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 105.

⁷²¹ Sóknalýs. Vestfj. II, 113.

⁷²² Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 100.

hún var kennd við, hafi tapast. Í rituðum heimildum sem varðveist hafa frá síðasta fjórðungi 19. aldar er fjallvegur þessi alltaf eða nær alltaf nefndur Grímsdalsheiði⁷²³ svo ljóst er að nafnið hefur þá lifað góðu lífi á vörum fólks.

Árið 1782 hófust póstferðir um byggðir landsins og frá 1786 áttu bréffberarnir að vera fjórir, einn í hverjum landsfjórðungi.⁷²⁴ Þann 15. desember 1796 lagði Ari Magnússon Vesturlandspóstur upp í póstferð frá Bessastöðum og kom tæpum mánuði síðar að Kirkjubóli í Langadal við Djúp.⁷²⁵ Úr Vatnsfirði var hann fluttur á bát út í Arnardal og 19. janúar 1797 var honum fylgt frá Kvíanesi yfir Grímsdalsheiði í Önundarfjörð en viku síðar var hann kominn að Haga á Barðaströnd.⁷²⁶

Þann 1. mars 1890 ákvað hreppsnefnd Suðureyrarhrepps að leita eftir fjárveitingu úr sýslusjóði til vegabóta innan hreppsins og á nokkrum helstu alfaraleiðum úr Súgandafirði til næstu byggðarlaga. Í samþykktinni, sem þá var bókuð, er bent á nauðsyn þess að varða vel leiðina yfir Grímsdalsheiði og tekið fram að yfir þá heiði þyrfti að vera *svo góður vegur ... að farið yrði með hesta* (sjá hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli). Þegar þessi samþykkt var gerð var Kristján G. Þorvaldsson frá Selárdal í Súgandafirði á níunda ári en 59 árum síðar greindi hann svo frá að fjallvegurinn yfir Grímsdalsheiði hafi aldrei verið reiðfær en menn hafi þó getað farið þessa leið *með lausan grip*.⁷²⁷ Að sögn Kristjáns voru *smá vörður uppi á heiðinni og nokkuð niður í dalina*.⁷²⁸

Þeir sem bjuggu á bæjunum innantil í Súgandafirði þurftu oft að fara yfir Grímsdalsheiði, ekki síst á nítjándu öldinni, þegar verslun var sótt til Flateyrar. Ferðamenn í ýmsum erindum áttu hér líka leið um og má sem dæmi nefna að Magnús Hjaltason fór Grímsdalsheiði 5. febrúar 1898 og var þá að koma úr Dýrafirði.⁷²⁹ Einu ári seinna var hann hér aftur á ferð og þá frá Langhól í Bæ hér í Súgandafirði og stefndi að Brekku á Ingjaldssandi.⁷³⁰ Er Magnús kom af heiðinni 5. febrúar 1898 ritaði hann í bók sína þessi orð: *Var hart ofan Kvíanesdal og illt að komast niður af Húsabrekku*.⁷³¹

Í vetrarferðum gat gangfærið verið misjafnt en við erum hér á sumardegi og stöndum aftur á brún Húsabrekku þar sem ferðamenn af heiðinni sáu fyrst til bæjar á Kvíanesi. Við röltum niður hliðina og tókum síðan strikið alla leið inn í Botn. Spölurinn frá Kvíanesi að Botni er liðlega einn kílómetri.

⁷²³ Skjöl Suðureyrarhr., varðv. þar: *Fundabók fyrir Suðureyrarhrepp* 1889-1919, fundargerð 1.3.1890.

Lbs. 2218^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 4.2.1899.

⁷²⁴ Heimir Þorleifsson 1996, 33 og 52.

⁷²⁵ Sama heimild, 132-139.

⁷²⁶ Sama heimild.

⁷²⁷ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 17.

⁷²⁸ Sama heimild.

⁷²⁹ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 5.2.1898.

⁷³⁰ Lbs. 2218^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 4.2. - 6.2. 1899.

⁷³¹ Sama dagbók 5.2.1898.

----- 0 0 0 0 -----